

**Ársrit**  
**Bandalags íslenskra leikfélaga**  
**2011–2012**



Útgefandi:

Bandalag íslenskra leikfélaga

Kt. 440169-0239

Kleppsmýrarvegi 8, 104 Reykjavík

Símar: 551 6974 og 562 2944

Fax: 562 2984

Netfang: [info@leiklist.is](mailto:info@leiklist.is)

Veffang: [www.leiklist.is](http://www.leiklist.is)

Ritstjórn og ábyrgðarmenn:

Þorgeir Tryggvason

Guðfinna Gunnarsdóttir

Halldór Sigurgeirsson

Ólöf Þórðardóttir

Þráinn Sigvaldason

Uppsetning efnis:

Ármann Guðmundsson

Aðstoð við uppsetningu:

Hörður Sigurðarson

Prófarkarlestur:

Sævar Sigurgeirsson

*Forsíðumyndin er úr sýningu Hugleiks, Sá glataði.*

# Efnisyfirlit

Unglingar og leiklistin! .....	5
Aðildarfélög Bandalags íslenskra leikfélaga leikárið 2011–2012 .....	6
Stjórn, starfsfólk og nefndir .....	7
Skýrsla stjórnar .....	8
Leiklistarvefurinn – Skýrsla vefnefndar .....	10
Skýrsla skólanefndar .....	10
Skýrsla handritasafnsnefndar .....	11
Leiklistarskóli Bandalags íslenskra leikfélaga .....	12
Verkefni og skýrslur aðildarfélaganna leikárið 2011–2012 .....	16
Athyglisverðasta áhugaleiksýning leikársins 2011–2012 .....	52
Menningarstefna Bandalags íslenskra leikfélaga.....	53
Allt fyrir andann .....	53
Stuttverkahátíð í Færeyjum .....	54
Fundargerðir stjórnar Bandalags íslenskra leikfélaga leikárið 2011–2012 .....	56
Aðalfundur Bandalags íslenskra leikfélaga í Edinborgarhúsinu á Ísafirði, 5.–6. maí 2012 .....	60
Ársreikningur Bandalags íslenskra leikfélaga 2011 .....	69
Lög Bandalags íslenskra leikfélaga .....	78



# Unglingar og leiklistin!

Í nær 37 ár hef ég haft þá trú að leiklist hafi öflugt forvarnargildi. Og þessi trú mín hefur eflst með hverju árinu. Í þessi 37 ár hef ég sett upp að meðaltali 2 leiksýningar á ári með unglingsum á aldrinum 13–16 ára og þessi trú míni á forvarnargildi leiklistarinnar og hvernig hún eflir og styrkir alla þætti í persónusköpun einstaklingsins hefur gert þessa vinnu auðvelda, gefandi og skemmtilega.

Ég hef lengi verið viðloðandi áhugaleikhúsíð. Sá ferill hófst á Ísafirði haustið 1970 er ég lék fyrst í leikriti hjá Litla leikklúbbnum. Þar vorum við á fullu, 15–16 ára unglingsar, sem lítinn áhuga höfðum á íþróttum, og fundum þarna vettvang við okkar hæfi. Þetta var margbreytilegur vettvangur þar sem allir fundu sína fjöl.

Þegar ég hóf störf sem kennari 1975 sá ég fljótt að ákveðinn hópur nemenda, sem ekki var á kafi í íþróttum, var að leita að viðfangsefni. Þegar ég ræddi við þau komst ég að því að þau höfðu flest öll reynt að fara íþróttaleiðina til að vera einhvers staðar í hópi en eftir nokkur ár á varamannabekknum þá duttu þau út. Það var þessi hópur sem ég hóf að vinna með árið 1975 og allar götur síðan hafa þessir nemendur verið hryggjarstykkið í þeim leikhópum sem ég hef unnið með. Og þessir nemendur voru með í uppsetningum allan þann tíma sem þau voru á unglingsastigini og mörg tóku þátt í 6–7 sýningum.

Í ljósi þessa var hugmyndin að þjóðleik alveg inni á minni línu. Þegar það verkefni var sett á laggirnar haustið 2007 sem samvinnuverkefni þjóðleikhússins og menningarmiðstöðvarinnar á Egilsstöðum og leitað eftir aðilum til að koma því á laggirnar var ég alveg til í þann leik.

Þjóðleikur er samvinnuverkefni þjóðleikhússins og menningarmiðstöðva og menningarráða á þeim svæðum sem Þjóðleikur starfar á. Þjóðleikur er leiklistarverkefni fyrir unglingsa á aldrinum 13–20 ára og geta hóparnir komið frá skórum, félagsmiðstöðvum, leikfélögum eða sem samvinnuverkefni þessara aðila. Skipuð er stjórn á svæðunum og heldur hún utan um starfið ásamt verkefnastjórum frá þjóðleikhúsinu. Hópstjórar fara á helgarnám-



skeið í þjóðleikhúsinu og síðan er boðið upp á helgarnámskeið á svæðunum í samvinnu við þjóðleikhúsið. Þrír höfundar eru ráðnir til að skrifa leikrit fyrir hópana, hóparnir velja verk, æfa og frumsýna. Síðan koma allir hóparnir saman á leiklistarhátið og þar sýna allir fyrir alla.

Núna stendur yfir þriðja tímabil þjóðleiks. Fyrst var þjóðleikur á Austurlandi, 2007–2009, og þá voru 13 leikhópar á lokahátíðinni. Þjóðleikur tvö var 2009–2011 og var hann þá á Austurlandi og Norðurlandi. Nú er þriðji þjóðleikurinn að fara í gang og nú eru svæðin orðin fleiri því nú bætast Vestfirðir og Suðurland í hópinn. Þjóðleikarnir eru þá orðnir fimm og verða allir með lokahátíð í apríl 2013. Reikna má með að fjöldi unglingsa sem verða að sinna leiklistargyðjunni í þjóðleik í apríl 2013 geti orðið um 1000.

Þjóðleikur er kominn til að vera. Hann snýst ekki um keppni heldur jákvæð samskipti, upplifanir og sigra. Hann gefur öllum unglingsum tækifæri á að vera með í öflugu og uppbryggið leiklistarstarfi sem styrkir sjálfsímynd, myndar tengsl og eflir samskiptahæfni. Hann skilur eftir jákvæðar minningar og vináttu. Hann er öflugt forvarnarverkefni og eflir áhugaleiklist á svæðunum því það hefur komið í ljós að oftar en ekki hafa gömul áhugaleikfélög rumskað til að aðstoða unglingana við verkefnið.

Magnús J. Magnússon,  
varastjórn BÍL

# Aðildarfélög Bandalags íslenskra leikfélaga leikárið 2011–2012

Áhugamannaleikklúbbur Grundarfjarðar	Leikfélag Siglufjarðar
Borgarbörn, Reykjavík	Leikfélag Sólheima, Grímsnesi
Freyvangsleikhúsið, Eyjafirði	Leikfélag Vestmannaeyja
Halaleikhópurinn, Reykjavík	Leikfélag Þórshafnar
Hugleikur, Reykjavík	Leikfélag Ölfuss, Þorlákshöfn
Leikdeild Umf. Gnúpverja	Leikfélagið Baldur, Bíldudal
Leikdeild Umf. Vöku, Villingaholtshreppi	Leikfélagið Grímnir, Stykkishólmur
Leikfélag Austur-Eyfellinga	Leikfélagið Hallvarður súgandi, Suðureyri
Leikfélag Blönduóss	Leikfélagið Peðið, Reykjavík
Leikfélag Bolungarvíkur	Leikfélagið Skagaleikflokkurinn, Akranesi
Leikfélag Dalvíkur	Leikfélagið Skrugga
Leikfélag Flateyrar	Leikfélagið Sýnir, á landsvísu
Leikfélag Fljótsdalshéraðs	Leikflokkurinn Hvammstanga
Leikfélag Hafnarfjarðar	Leikhópurinn Lopi, Árborg
Leikfélag Höfsóss	Leikhópurinn Vera, Fáskrúðsfirði
Leikfélag Hornafjarðar	Leikklúbbur Laxdæla, Búðardal
Leikfélag Hólmavíkur	Leikklúbburinn Krafla, Hrísey
Leikfélag Húsavíkur	Leikklúbburinn Saga, Akureyri
Leikfélag Hveragerðis	Leikklúbburinn Spuni, Lúxemborg
Leikfélag Hörgdæla	Leiklistarfélag Seltjarnarness
Leikfélag Keflavíkur	Leiknefnd Umf. Grettis, Miðfirði
Leikfélag Kópavogs	Litli leikklúbburinn, Ísafirði
Leikfélag Mosfellssveitar	Snúður og Snælda, Reykjavík
Leikfélag Ólafsfjarðar	Stúdentaleikhúsið, Reykjavík
Leikfélag Ólafsvíkur	Umf. Ármann, leikdeild, Kirkjubæjarklaustri
Leikfélag Patreksfjarðar	Umf. Biskupstungna, leikdeild, Bláskógbabyggð
Leikfélag Rangæinga	Umf. Dagrenning, leikdeild, Lundarreykjadal
Leikfélag Raufarhafnar	Umf. Efling, leikdeild, Reykjadal
Leikfélag Reyðarfjarðar	Umf. Íslendingur, leikdeild, Hvanneyri
Leikfélag Sauðárkróks	Umf. Reykdæla, Reykholti
Leikfélag Selfoss	Umf. Skallagrímur, leikdeild, Borgarnesi
Leikfélag Seyðisfjarðar	

# Stjórn, starfsfólk og nefndir



Meðstjórnandi  
Ása Hildur Guðjónsdóttir  
Reykjavík



Vargförmáður  
Guðfinna Gunnarsdóttir  
Selfossi



Förmáður  
Þorgeir Tryggvason  
Reykjavík



Ritari stjórnar  
Ólaf Þórdardóttir  
Mosfellsbæ



Meðstjórnandi  
Halldór Sigurgeirsson  
Akureyri



Várustjórn  
Halla Rún Þryggvadóttir  
Húsavík



Várustjórn  
Bernharð Arnarson  
Hörgárdal



Várustjórn  
Magnús J. Magnússon  
Selfossi



Várustjórn  
Þórvör Embla Guðmundsdóttir  
Borgarfirði



Várustjórn  
Prúður Sigurðar  
Pörláks höfn



Framkvæmdastjóri  
Vilborg Árný Valgarðsdóttir  
Reykjavík



Ritari skrifstofu og  
handritasafnsnefnd  
Árman Guðmundsson  
Reykjavík



Skólanefnd  
Hrund Ólafsdóttir  
Reykjavík



Skólastýra  
Dýrleif Jónsdóttir  
Reykjavík



Skólastýra og  
handritasafnsnefnd  
Hrefna Friðriksdóttir  
Reykjavík



Skólanefnd  
Gunnhildur Sigurðardóttir  
Mosfellsbæ



Skólanefnd  
Herdís Þorgeirs dóttir  
Mosfellsbæ



Handritasafnsnefnd  
Órn Alexandersson  
Reykjavík



Lénsherra  
Hörður Sigurðarson  
Reykjavík



Fullrúi í NEATA-youth  
María Björk Ármanndóttir  
Reykjavík

# Skýrsla stjórnar

## Lögð fram á aðalfundi BÍL á Ísafirði 5.–6. maí 2012

### I – Á starfsárinu skipuðu stjórn þau:

Þorgeir Tryggvason, Reykjavík, formaður, Guðfinna Gunnarsdóttir, Selfossi, varaformaður, Ölöf Þórðardóttir, Mosfellsbæ, ritari, Ása Hildur Guðjónsdóttir, Reykjavík, meðstjórnandi og Halldór Sigurgeirsson, Eyjafjarðarsveit, meðstjórnandi.

Í varastjórn sátu Halla Rún Tryggvadóttir, Magnús J. Magnússon, Þrúður Sigurðar, Bernharð Arnarson og Embla Guðmundsdóttir.

Í þjónustumiðstöðinni starfa síðan Vilborg Valgarðsdóttir framkvæmdastjóri og ritarinn Ármann Guðmundsson.

Fjórir stjórnarfundir voru haldnir á árinu, flestir í höfuðstöðvunum í Reykjavík, en einnig í tengslum við aðalfund. Stjórnarmönnum og starfsfólk er þakkað fyrir góða og vinnusama fundi á starfsárinu.

### II – Starfsemi félaganna

Þrjátíu og níu aðildarfélög Bandalagsins sendu inn styrkumsóknir fyrir alls 102 verkefni fyrir leikárið 2010–2011. Fullur styrkur reyndist vera 258.590 krónur en alls voru 17 m.kr. til skiptanna. Ársritið okkar inniheldur síðan allar frekari upplýsingar um starfsemina. Ekki liggja fyrir tölur um umfang starfsins á þessu leikári en engin ástæða til að ætla annað en það sé svipað og verið hefur. Félögini í Bandalaginu eru nú sextíu og þrjú. Þrjú hafa bæst við á starfsárinu, öll endurvakin, Leikfélag Austur-Eyfellinga og tvö hér á Vestfjörðum, Leikfélag Flateyrar og Bolungavíkur.

Ég sagði áðan að fundir stjórnar hefðu verið góðir á árinu, en heldur vorum við ekki á tánum á síðasta úthlutunarfund. Þegar félögum bárust niðurstöðurnar rak talnaglöggur formaður, Silja Björk Huldudóttir hjá Hugleik, augun í að niðurstöðurnar voru ekki allskostar réttar. Athugun framkvæmdastjóra leiddi í ljós reikniskekkju sem vanreiknaði álagsgreiðslur vegna styttri verkefna sem að sjálfsögðu skekkti síðan niðurstöður allar. Enn og aftur biður stjórn afsökunar á þessum mistökum og þakkar aðildarfélögum fyrir snögg og skilningsrík viðbrögð þegar þau ýmist þurftu að endurgreida hluta styrksins eða fengu örliðið meira. Silju þókkum við árveknina.

### III – Starfsáætlun

Á síðasta aðalfundi var að venju samþykkt starfsáætlun og mun ég fara yfir hana og geta þess hvernig unnið var að hverjum lið fyrir sig.

**Rekstur þjónustumiðstöðvar, Leiklistarskóla, Leiklistarvefsins og annarra fastra liða í starfseminni.**

Fastir liðir starfseminnar eru meira og minna í höndum til þess kjörinna nefnda og munu fulltrúar þeirra segja okkur frá því undir þar til gerðum lið á dagskránni.

Á síðasta aðalfundi var sagt frá áformum um að hefja markvissa leit að ódýrara húsnæði undir starfsemina. Strax þá um helgina var húsnæðinu á Suðurlandsbraut sagt upp og fjótlega fannst annað, mun ódýrara við Kleppsmýrarveg. Flutningar þangað gengu snurðulaust fyrir sig og húsnæðið smellpassar utan um starfsemina.

Þó það muni auðvitað um lægri leigu er reksturinn þó alls ekki viðunandi. Áhersla hefur verið lögð á það að fá styrk til skrifstofunnar hækkaðan, enda ljóst að við getum ekki lengi haldið úti óbreyttu þjónustustigi fáist það ekki í gegn. Ænn hefur ekki tekist að fá húsnæðið á Laugavegi að fullu greitt, kaupandinn er með sín mál í ferli hjá Landsbankanum.

Að öðru leyti koma rekstrarmál þjónustumiðstöðvarinnar best fram í ársreikningum sem framkvæmdastjóri skýrir síðar á dagskránni.

**Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og frá einkaaðilum til starfsemi áhugaleikfélaganna og sameiginlegra verkefna.**

Ríkisstyrkurinn er nú 16,7 milljónir kr. til starfsemi leikfélaganna og 3,5 milljónir til þjónustumiðstöðvarinnar. Í málflutningi okkar gagnvart ríkisvaldinu höfum við lagt meiri áherslu á framlagið til hennar. Formaður og framkvæmdastjóri gengu á fund ráðherra nú í vikunni og reifuðu þessi mál og sendu í framhaldinu enn eitt bréfið til fjárlaganefndar. Ekki var nú ráðherrann bjartsýn á að umtalsverðar hækkanir litu dagsins ljós í næsta fjárlagafrumvarpi, en sjáum hvað setur.

Um einkaaðila er varla hægt að ræða í núverandi árferði, auk þess sem möguleikarnir á að sækja fé í þeirra sjóði einskorðast að okkar mati við sérstök verkefni, og fá slík hafa verið á dagskrá hjá Bandalagi, vígamóðu eftir alþjóðlega leiklistarhátið.

**Halda áfram samstarfi við Þjóðleikhúsið með Athyglisverðstu áhugaleiksýningu ársins.**

Þetta ágæta samstarf gengur sinn vanagang. Freyvangsleikhúsið hreppti hnossið síðast og sýndi hina stórkostlegu uppfærslu sína á Góða dátanum Svejk og í kvöld fregnum við hverjir gleðja Þjóðleikhúshesti í vor.

**Taka þátt í Stuttverkahátið í Færeyjum 15. október 2011**

Tvö íslensk leikfélög sóttu Færeyinga heim, Hugleikur og Leiklistarfélag Seltjarnarness. Hátiðin var haldin í Royndinni, félagsheimili Nolsoyinga og fór vel fram. Færeyingar eru einstaklega skemmtilegir heim að sækja og ferðin í alla staði „stuttlig“ og dásamleg. Áfram er áhugi fyrir því meðal forsprakka áhugaleikhússfólks á Norðurlöndunum að útbreiða íslenska stuttverkakultúrinn, þó ekki hafi verið tekin ákvörðun um aðra slíka hátið enn sem komið er.

**Að bæta handritasafn Bandalagsins, m.a. með því að koma á fót hópi Lestrarhesta.**

Ármann Guðmundsson hefur haft veg og vanda af hrossaræktinni og segir frá henni um leið og hann flytur skýrslu handritanefndar.

Lýkur þar með yfirferð yfir starfsáætlun síðasta starfsárs.

Af öðrum stórum málum sem stjórn hefur fengist við er rétt að nefna hér tvö. Í vetur var undirritaður formlegur samningur milli Bandalagsins og mennta- og menningarráðuneytisins um þá starfsemi sem við innum af hendi og hvert okkar hlutverk er. Þetta var ágætt tilefni til að setja það niður hvað felst í starfsemi okkar, og ágætt plagg til



*Stjórn og varastjórn kjörin á aðalfundi á Ísafirði: Aftari röð f.v. Þráinn Sigvaldason, Halldór Sigurgeirsson, Þorgeir Tryggvason og Bernharð Arnarson. Fremri röð f.v. Guðfinna Gunnarsdóttir, Ólöf Þórðardóttir, Embla Guðmundsdóttir, Ylfa Mist Helgadóttir og Þrúður Sigurðar. Á myndina vantar Magnús J. Magnússon.*

að rökstyðja að styrkfé það sem okkur er ætlað hrökkvi skammt til að uppfylla skyldur okkar.

Þá fengum við til umsagnar frumvarp til nýrra svíðslistalaga sem leysa eiga af hólmi eldri leiklistarlög. Við gerðum athugasemd við löginn og báðum um að skýrt yrði kveðið á um að framlög til okkar væru sérmerkt okkur en ekki hluti af sameiginlegum framlögum til atvinnu- og áhugamanna. Þessi athugasemd var tekin til greina í nýjustu útgáfu frumvarpsins, en ólíklegt er talið að það verði lagt fram eða samþykkt á yfirstandandi þingi.

#### IV – Erlent samstarf

Áður hefur verið sagt frá stuttverkahátiðinni í Færeyjum. Formaður sótti ársfundi NEATA og alþjóðasamtakanna IATA/AITA sem haldnir voru í tengslum við leiklistarhátið síðarnefndu samtokanna í Tromsö í Noregi. Bar þar helst til tíðinda að Hilmar Joensen frá Færeyjum var kjörinn forseti NEATA og að árið 2015 verður IATA-hátiðin í Argentinu. Það sem ég sá af hátiðinni í Tromsö var hefðbundið og prýðilegt, en skömmu eftir að ég yfirlagf svæðið var henni slitið vegna atburðanna í Útey og Osló.

Formaður sótti einnig ráðstefnu á vegum NAR í Osló, þar sem komið var á framfæri eindregnum óskum okkar um að ferðastyrkjám norrænna leikfélaga yrðu tekin föstum tökum, enda brýnasta hagsmunamál til að erlent samstarf blómstri og verði annað og meira en fundahöld.

Einhver hreyfing er komin á það mál, því í veturn bauðst okkur með skömmum fyrirvara að senda fulltrúa á fund á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar um tilhögun styrkja til áhugalistastarfsemi á Norðurlöndum. Hvorki framkvæmdastjóri né nokkur stjórnarmanna átti heimanengt og var gripið til þess ráðs að kalla til Huldu B. Hákonardóttur, sem lengi sat í stjórn, þekkir norrænt leiklistarsamstarf vel og talar norðurlandamálin eins og innfædd, til að sitja fundinn fyrir okkar hönd. Þar kom

fram eindreginn vilji meðal hagsmunaaðila að fé til að styrkja samstarf áhugafólks og sjálfboðaliða á listasviði verði á einhvern hátt sérmerkt. Við Vilborg hnykkum á þessu við mennta- og menningarmálaráðherra núna fyrir nokkrum dögum. Endurskoðun stendur yfir á samstarfs-samningi Norðurlandanna á þessu svíði og við vonum að pólitíkusar og kerfiskallar og -kellingar komist að gagnlegri niðurstöðu fyrir okkur.

Næsti stórvíðburður á þessu svíði verður svo NEATA-hátiðin í Sönderborg á Suður-Jótlandi í sumar. Þangað fer fyrir Íslands hönd Sá glataði frá Hugleik, handrit eftir Sigríði Láru Sigurjónsdóttur og leikstjóri er Ágústa Skúladóttir. Fyrir utan leiksýningar og þvíumlíkt verður þarna leiksmiðja ungliðadeildar NEATA, en þar verða þrír fulltrúar frá Íslandi, Gríma Kristjánsdóttir, Guðrún Sóley Sigurðardóttir og fulltrúi okkar í stjórn NEATA Youth, María Björt Ármannsdóttir. Og ekki má gleyma DigiDelight verkefninu, smiðju og ráðstefnu um staf-ræna tækni í leikhúsinu, en Litli leikklúbburinn á Ísafirði verður fulltrúi Íslands þar og mun vaftalaust miðla hinni framúrstefnulegu tækni til okkar hinna að hátið lokinni.

#### V – Lokaorð

Það er eins og undanfarin árfitt að reka áhugaleikfélög og samtök þeirra. Það er hins vegar fyrst og fremst skemmtilegt að vera áhugaleiklistarfolk. Það bað okkur enginn að gera þetta, við höfum þegar öllu er á botninn hvorlft ekki afdráttarlausar skyldur við neina nema okkar eigin ástríðu til að skapa og deila verkum okkar með öðrum. Þarna liggur styrkleiki okkar – minnumst hans reglulega, ræktum hann og höldum áfram af þeim krafti sem hann gefur okkur.

Reykjavík 4. maí 2012

Þorgeir Tryggvason

# Leiklistarvefurinn – Skýrsla vefnefndar

## Lögð fram á aðalfundi BÍL á Ísafirði 5.–6. maí 2012

Að flestu leyti hefur vinna við Leiklistarvef Finn gengið sinn vanagang á liðnu ári. Tæknileg vandamál sem voru áberandi á síðasta ári hafa lítt látið á sér kræla og það litla sem upp hefur komið, hefur verið leyst fljótt og vel. Það eina sem í raun minnisvert er, var þegar gerð var tilraun í veturn með léttu útgáfu af vefnum sem hentar tækjum á borð við snjallsíma og spjaldtölvar. Þegar viðmótið var virkjað varð vefurinn ofurhægur í viinsslú svo hann varð nánast óstarfhæfur. Því var snarlega kippt í liðinn með því að taka umrædda léttútgáfu úr sambandi. Sennilega hafa fáir orðið varir við vandamálið þar sem uppfærslan fór fram utan mesta álagstíma. Hugmyndir um léttútgáfu af vefnum hafa verið settar á ís þar til betri lausn finnst. Töluverð vandræði voru með útsendingu fréttabréfa framan af síðasta ári en við höfum komist fyrir þau. Viku-legur fréttapóstur er nú sendur út til um 350 áskrifenda.

Það hefur í nokkurn tíma verið draumur Lénsherra að koma upp almennilegu kerfi fyrir verslunina á vefnum. Slíkt kerfi hefur nú verið sett upp og bíður þess að starfsmenn Þjónustumiðstöðvar ákveði flokkun þeirra vara sem í boði eru. Fyrsta kastið er tilgangur kerfisins aðallega að bæta framsetningu söluvarnings, svo framboðið sé skýrara og einfaldara sé fyrir viðskiptavini að sjá hvað er í boði og kynna sér varninginn. Þegar flokkun hefur verið ákveðin verður væntanlega hafist handa við að setja inn upplýsingar og myndir af vörum og kerfið tekið í notkun í kjölfarið. Kerfið býður upp á að hægt sé að versla milliliða-laust á vefnum en til að byrja með munum við bíða með að virkja þann hluta. Það er þó sennilegt að fyrr eða síðar verður það skref tekið.

Eins og venjulega sjá starfsmenn Þjónustumiðstöðvar að mestu leyti um að setja almennt efni á vefinn en undirritaður er til aðstoðar við flóknari hluti. Í síðustu skýrslu nefndi undirritaður þörf að halda starfsdag þar sem farið væri yfir ýmsa þætti. Slíkur dagur var haldinn

síðasta sumar, í myflugumynd að vísu en skilaði þó ýmsu. Gott væri að halda slíka starfsdaga einu sinni til tvisvar á ári, m.a. með það að markmiði að starfsmenn Þjónustumiðstöðvar kæmust betur inn í innviði kerfisins. Þá er enn nokkuð verk óunnið í að hreinsa til í og uppfæra fastar síður á borð við upplýsingasíðu Leiklistarskólans.

Eins og undirritaður kom inn á í skýrslu síðasta árs hefur embætti Lénsherra, þ.m.t. hlutverk hans sem riststjóra, aldrei verið formlega skilgreint af hálfu stjórnar né því mótaður rammi eða starfssvið. Var í skýrslunni því beint til stjórnar að taka það mál til umræðu. Stjórn ræddi málið og fóli í raun Lénsherra það sjálfum að skilgreina sitt eigið starf. Þó freistaingin hafi verið allnokkur hjá undirritaðum að grípa umsvifalaust tækifærið og skipa sjálfan sig hæstráðanda til sjós og lands, hafði hans innri áhuga-leikari betur og mun því reyna að skila einhverju vitrænu af sér svo fljótt sem tími leyfir.

Áður en þessari skýrslu er lokið má ítreka þá ábendingu úr síðustu skýrslu að nýta vefinn betur t.d. með því að virkja almenna félaga til að bæta við og uppfæra Leikrita-safnið. Lénsherra og handritavörður Bandalagsins eru ekki alveg sammála um kosti þess og það bíður því enn. Hér vill undirritaður taka það sérstaklega fram að allar ábendingar um nýjungar og það sem betur má fara á vefnum eru vel þegnar.

Þó vanagangur sé nokkuð lýsandi fyrir starfsemina undan-farið er Leiklistarvefurinn nú að nálgast unglingsárin og hver veit nema hormónarnir fari brátt að flæða með tilheyrandi tilfinningaróti. Foreldrarnir bíða spenntir. Svo lýkur skýrslu vefnefndar.

*Fyrir hönd vefnefndar  
Hörður Sigurðarson*

## Skýrsla skólanefndar

### Lögð fram á aðalfundi BÍL á Ísafirði 5.–6. maí 2012

Það voru ekki gerðar neinar breytingar á skipan skóla-nefndar á árinu, hana skipa Hrefna Friðriksdóttir, Dýrlief Jónsdóttir, Gunnhildur Sigurðardóttir, Herdís Þorgeirs-dóttir og Hrund Ólafsdóttir. Við viljum nota þetta tækifæri til að þakka öllum samnefnarkonum okkar fyrir mikið, farsælt og gott samstarf.

Leiklistarskólinn var settur í 15. sinn þann 11. júní 2011 að Húnavöllum. Þetta var annað árið okkar á nýjum stað. Eins og sagt var frá í fyrra þá tókust flutningar skólans frá bernskuheimili sínu að Húsabakkaskóla yfir til Húnavalla-skóla alveg hreint vonum framar. Það fór líka ljómandi vel um okkur í fyrra – við áttum gott samneyti við staðinn

og gott samstarf við starfsfólk. Sérstaklega ber að þakka félögum í Leikfélagi Blönduóss fyrir ómetanlega aðstoð og samvinnu við skipulagningu óvissuferðar. Við vonum sem fyrri að framhald verði á þessu uppátæki.

Skólanн sóttu alls 37 nemendur sem sátu 3 námskeið. Í boði voru:

1. Framhaldsnámskeið í leiklist – Leiklist II. Kennari Ágústa Skúladóttir.
2. Framhaldsnámskeið í leikstjórn – Leikstjórn II. Kennari Sigrún Valbergssdóttir.
3. Sérnámskeið fyrir reyndari leikara – undir styrkri stjórn

Rúnars Guðbrandssonar. Upphaflega stóð til að Steinunn Knútsdóttir héldi utan um það námskeið en hún forfallaðist, Rúnar hljóp í skarðið og varð enginn svikinn af því.

Þá var höfundum boðið í heimsókn – með sama sniði og árið áður. Höfundum var sem sagt boðið að dvelja á staðnum við skapandi skrif og boðið að taka þátt í skemmtilegheitum utan hefðbundinna kennslustunda. Þetta fyrirkomulag mæltist vel fyrir, alls mættu 10 höfundar í styrtti eða lengri tíma.

Niðurstöður viðhorfskönnunar bentu til almennrar ánægju með skólastarfíð. Það verður þó kannski að geta þess að nemendur kvörtuðu nokkuð yfir matnum. Þetta er erfitt við að eiga, sérstaklega þegar reynt er að stilla kostnaði í hóf. Skólanefndin ákvað að biðja staðarhaldara að taka tillit til kvartana nemenda að einhverju marki. Þetta verður til þess að skólagjöldin hækka nokkuð en rétt að undirstrika að hækkun má einnig rekja til almennra verðlagshækkana.

Árið 2012 er starfstími skólans ráðgerður frá 9.–17. júní að Húnavöllum.

Eins og oftast áður er boðið upp á þrjú námskeið.

– Árni Pétur Guðjónsson mun kenna Leiklist I, þar eru skráðir 18 nemendur og 4 á biðlista.

– Sigrún Valbergsdóttir býður upp á sérnámskeið fyrir leikstjóra, Leikstjórn III. Á námskeiði eru skráðir alls 10 nemendur.

– Þá verður í boði trúðanámskeið fyrir reyndari leikara.

Við höfðum ráðið Ágústu Skúladóttur til að stjórna þessu, hún forfallaðist en við erum stoltar af því að bjóða Höru Arnardóttur til leiks. Hún kennið við skólann á árum áður og það verður spennandi að endurnýja það samstarf.

Umsóknarfrestur var framlengdur af þessu tilefni til 30. apríl en alls eru 12 skráðir á trúðanámskeiðið.

Að lokum ákváðum við að bjóða höfundum enn og aftur í heimsókn með sama sniði og áður. Reyndar er bara einn skráður en það gæti glæðst.

Þetta er sem sagt skólinn sem við bjóðum upp á í ár. Við erum sannfærðar um að þetta verði ógleymanleg andleg næring fyrir hug og hjarta nemenda – og við verðum að vona að nemendur í ár láti sér betur líka þá líkamlegu næringu sem lögð verður á borð.

Skólanefndin hefur rætt nokkuð hvort þörf sé á námskeiðum utan hins hefðbunda sumarskóla. Það hefur ekkert verið kallað eftir námskeiðum enda talsvert framboð undanfarið á vegum annarra. Skólanefnd hvetur fundarmenn til að koma með hugmyndir ef talin er ástæða til.

*Fyrir hönd skólanefndar*

*Hrefna Friðriksdóttir*

*Dýrlief Jónsdóttir*

## Skýrsla handritasafnsnefndar

### Lögð fram á aðalfundi BÍL á Ísafirði 5.–6. maí 2012

Nefndina skipa Hrefna Friðriksdóttir, Örn Alexandersson og Árman Guðmundsson. Nefndin fundaði ekki á árinu en átti samskipti í gegnum tölvupóst.

Eins og greint var frá á síðasta aðalfundi hafði hópur leiklistarstofnana, með Þjóðleikhúsið, Borgarleikhúsið og Félag handritshöfunda í broddi fylkingar, frumkvæði að því að falast eftir því að Bandalagið tæki að sér að halda utan um og miðla, væri eftir því óskað, handritum eftir íslenska höfunda á erlendum tungum. Vinna var hafin við þetta, við funduðum bæði með Melkorku Teklu Ólafsdóttur sem var í forsvari fyrir hópin, og umsjónarmönnum vefsíðunnar okkar um útfærslu á þessu en þegar til kom bauðst Félagi handritshöfunda að vera í samstarfi við nýjan danskan leikritabanka og taldi hagsmunum sínum betur borgið þar, sem að öllum líkendum er rétt mat. Þ.a.l. varð ekkert af þessu samstarfi.

Lestrarhestaverkefnið er komið á fullan skrið og hafa nú flestir lestrarhestar fengið afhentan disk með 30 leikritum sem þeir eiga að lesa og hinir mega eiga von á slíkum glaðningi á næstu vikum. Enn er þó pláss fyrir fleiri í

lestrarstóðinu fyrir áhugasama leikritalesendur. Er stefnt að því að allar skráningar verði yfirfarnar og komnar með útdrátt af söguþræði innan tveggja ára.

Aðföng leikritasafnsins hafa verið með allra mesta móti í ár og munar þar mest um tæplega 300 handrit sem við fengum frá Útvarpsleikhúsi RÚV en þar kenndi ýmissa grasa og bættist í safnið allnokkur fjöldi áhugaverðra verk – og reyndar talsvert af minna áhugaverðum verkum. Auk þess eignaðist safnið nánast öll verk Ólafs Hauks Símonarsonar sem það vantaði, Þjóðleikhúsið og Leikfélag Reykjavíkur skiluðu inn sínum nýjustu verkum að vanda og að sjálfsögðu bættist við talsvert af nýjum verkum, frumfluttagum af okkar aðildarfélögum. Alls telur því safnið nú rúmlega 3.500 titla og fjölgæði þeim um á fimmra hundrað á leikárinu. Skráning og skönnun á þessum nýju titlum mun standa eitthvað fram eftir ári.

*Fyrir hönd handritasafnsnefndar*

*Árman Guðmundsson*

# Leiklistarskóli Bandalags íslenskra leikfélaga

Á þessu 15. starfsári skólans, og í annað skiptið sem hann er haldinn að Húnavöllum í Húnavatnssýslu, var starf hans með mjög hefðbundnum hætti. Kennarar voru allir gamalreyndir Bandalagsskólkennarar og nemendur hæfileg blanda af nýnemum og eilífðarstúdentum. Sigrún Valbergsdóttir kennið leikstjórni II og var það í fjórða skipti sem hún kennir það námskeið. Ágústa Skúladóttir kennið leiklist II í annað sinn og Rúnar Guðbrandsson hljóp í skarðið fyrir Steinunni Knútsdóttur á síðustu stundu með sérnámskeið fyrir leikara þar sem Steinunn var skipuð deildarstjóri leiklistardeilda Listaháskólans og gat því ekki komið. Einnig var boðið upp á að höfundar kæmu í heimsókn og nýttu sér aðstöðuna á Húnavöllum til skrifa. Óhjákvæmilegt reyndist að hækka námskeiðsgjöld talsvert eða í 59.500 kr. fyrir námskeiðin og 45.000 fyrir höfunda í heimsókn.

Skólastýrnar Hrefna Friðriksdóttir og Dýrleif Jónsdóttir héldu sem fyrr utan um skólahaldið og leystu úr þeim vandamálum sem komu upp á staðnum.

Textinn hér á eftir er úr skólabæklingnum.



## Höfundar í heimsókn

*Ármann Guðmundsson  
Ásgeir Þórhallsson  
Ásta Gísladóttir  
Embla Guðmundsdóttir  
Hulda B. Hákonardóttir  
Sigrún Tryggvadóttir  
Ylfa Mist Helgadóttir  
Þorgeir Tryggvason  
Þórunn Guðmundsdóttir  
Örn Alexandersson*

## Framhaldsnámskeið fyrir leikstjóra

### Leikstjórni II – kennari Sigrún Valbergsdóttir

Námskeiðið er ætlað þeim sem hafa sótt Leikstjórni I við skólann eða hafa umtalsverða reynslu af leikstjórni.

Á þessu námskeiði verða leikrit skoðuð í heild. Hver nemandi einbeitir sér að einu verki til að vinna út frá. Verkefnið kynnir hann sér í a.m.k. mánuð áður en skólinn hefst. Í sameiginlegum umræðum gerir hann grein fyrir ýmsum þáttum sem að uppsetningunni snúa. Rætt verður um höfund og þann tíma sem verkið gerist á. Einnig verður farið í gegnum þá þætti sem taka þarf ákvörðun um áður en æfingar hefjast. Fundin meginsögn verksins og persónur þess ræddar. Leikstjóri ákveður stíl og leggur fram hugmyndir að útfærslu í leikmynd og búningum. Leikstjóri vinnur síðan a.m.k. eina senu úr leikritinu með leikurum.

Farið verður í gegnum ýmsa gagnlega þætti í hugmyndaöflun og grunnvinnu áður en komið er að útfærslu. Hvar á að leita hugmynda og hvernig nýtast þær? Hvenær á að velja og hafna?

Jafnframt er æskilegt að þáttakendur kynni sér þau verk sem samnemendurnir vinna að til að umræður verði markvissar.

Þetta er í tíunda sinn sem Sigrún kennir við skólann.



## Nemendur Sigrúnar

*Arndís Pétursdóttir  
Daníel Freyr Jónsson  
F. Elli Haflidason  
Gísli Björn Heimisson  
Guðfinna Gunnarsdóttir  
Halldór Magnússon  
Jón Pétursson  
Sigríður Lára Sigurjónsdóttir  
Unnur Sveinsdóttir*

## Sérnámskeið fyrir leikara

### Kennari Rúnar Guðbrandsson

Námskeiðið er ætlað þeim sem: 1. Hafa sótt Leiklist I og II í Leiklistarskóla BÍL eða sambærileg grunnnámskeið ásamt því að hafa einhverja reynslu af leiklist. 2. Hafa umtalsverða reynslu af leiklist.

Markmið námskeiðsins er að gefa nemendum grundvallarskilning á vinnu leikarans með leikverkið. Leitast verður við að skerpa á skilningi nemenda á samvinnu og samspili leikara og unnið að greiningu, byggingu og samsetningu sena. Unnið verður með undirbúning fyrir senuvinnu og nemendum gefinn kostur á að kljást við opnar senur samhliða æfingum sem lúta að hlustun og samvinnu.

Unnið verður með tvö ólík leikverk, eitt klassískt og annað nýtt verk. Í gegnum vinnu með verk frá ólíkum tíma og samanburð á þeim, skerpum við skilning á þeirri grundvallartækni sem þarf til að greina og vinna með senur og karakter en um leið þeirri sérstöku tækni/ leikstíl sem ólík verk kalla á.

Ætlast er til að nemendur lesi verkin tvö og tileinki sér tvær senur sem undirbúning fyrir námskeiðið.

Þetta er í fimmtra sinn sem Rúnar kennir við skólann.



**Nemendur Rúnars**

*Fanney Valsdóttir  
Gerður Halldóra Sigurðardóttir  
Gríma Kristjánsdóttir  
Gunnar Björn Guðmundsson  
Halla Rún Tryggvadóttir  
Huld Óskarsdóttir  
Hörður Sigurðarson  
Íris Árný Magnúsdóttir  
Júlia Hannam  
Kristín Rós Birgisdóttir  
þróstur Ólafsson*

## Framhaldsnámskeið fyrir leikara

### Leiklist II – kennari Ágústa Skúladóttir

Námskeiðið er ætlað þeim sem hafa hafa sótt námskeið í leiklist og hafa einhverja reynslu af svíðsleik. Nemendur sem sóttu Leiklist I árið 2010 ganga fyrir.

Námskeiðið byggir á þeim grundvallarþáttum sem voru uppistaðan á Leiklist I; útgeislun og léttleika leikarans, samspili við meðleikara og áhorfendur og samvinnu í hópi, en að þessu sinni verður gengið lengra og unnið verður með leiktexta.

Þáttakendur munu fá sendar fyrirfram tveggja manna senur úr klassískum leikritum (Shakespeare/Chekov, nánar tilkynnt síðar), sem þeir þurfa að kunna utanbókar en HLUTLAUST áður en skóli hefst og rannsökuð verður sú umbreyting sem á sér stað þegar mismunandi leikstílum er beitt á viðkomandi senur. Hvað gerist þegar sena er leikin dramatískt? Eða tragíkómískt? Melódramatískt? Hvernig fara tveir búffonar með senuna? Eða tveir trúðar? Einnig verður litið á hvernig kórinn, þ.e. allir hinir, geta mynd- og hljóðskreytt leiksenuna, hvernig virkar hún best? Með einum söngvara, þremur eða stórum hópi?

Eins og fyrr byggist þetta námskeið á mikilli virkni allra þátttakanda sem þora að taka áhættu, prófa og mistakast, prófa og takast og vera stöðugt á tánum!

Þetta er í sjöunda sinn sem Ágústa kennir við skólann.



**Nemendur Ágústu**

<i>Árný Leifsdóttir Elín Sveinsdóttir Elva Dögg Gunnarsdóttir Erla Dan Jónsdóttir Erna Björk H. Einarsdóttir Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir Hanna Margrét Kristleifsdóttir Heiðdís Buzgò Jóhanna S. Hallgrímsdóttir</i>	<i>Kristín S. Helgadóttir María Thelma Smáradóttir Sigriður Hafsteinsdóttir Silja Kjartansdóttir Steingrímur Magnússon Sveinbjörn Hjálmarsson Telma Kjartansdóttir þrúður Sigurðar</i>
---	--



Kennarar, nemendur og skólastýrur.



Námskeið Ágústu.



Námskeið Sigrúnar.



Náttúrustemning.



Þjóðhátiðarkórinn.



Námskeið Rúnars.



Skólastýrur í fullum skrúða.



Óvenju hávaxin kona.



„Brekkan“.



Höfundar í pásu.



Hin hliðin á knattspyrnuleik.



Strútabolti.



Kennarastofustemning.



Frímínútustemning.

# Verkefni og skýrslur aðildarfélaganna leikárið 2011–2012

## Borgarbörn, Reykjavík

### Óværuenglarnir

Höfundur og leikstjóri: Erla Ruth Harðardóttir

Sýningafjöldi: 19

Páttakendur: 24

Ahorfendafjöldi: 1638

### Skýrsla stjórnar

Stjórn skipa: Erla Ruth Harðardóttir formaður, Ragnheiður Hall gjaldkeri, Steinunn Hall ritari, Marólína G. Erlendsdóttir og Elfar Elí Schweitz Jakobsson.

Borgarbörn, barna og unglingleikhús setti upp sitt árlega jólaleikrit. Þetta var sjötta árið sem jólaleikrit er sett upp á vegum leikhússins. Árlega setur leikhúsið upp eitt til tvö verk. Leikritið Óværuenglarnir eftir Erla Ruth Harðardóttur var frumsýnt 1. desember 2011 í Iðnó.

Jólasöngleikurinn Óværuenglarnir fjallar um þrjá engla sem standa sig engan veginn í englaskóla himnaveldis. En í stað þess að henda þeim út úr himnaríki og gera þau að stjórnunum í svartholinu til eillifðarnóns, er ákveðið að gefa þeim tækifæri til betrunar. Þau eru send til jarðar til að finna ástæðu fyrir því að jörðin fái að halda áfram að snúast, en Guð er m.a. orðinn þreyttur á því að jarðarbúar virðast hafa gleymt tilgangi jólanna og missa sig þess í stað í kaupæði og skreytingar. Leikritið er fullt af boðskap og inniheldur vinsæl lög ásamt skondnum texta, uppákomum og dönum. Sérstaklega var ánægjulegt að sjá hvernig búningamál voru leyst með frábærri hugmynd að „fleittibúningum“.

Erla Ruth sá einnig um leikstjórn og átti hugmynd að búningum. Hún ásamt aðstoðarfólk (5 unglungum) vann að búningum og slögust þrjár mæður leikara í hópinn og unnu ötllega að gerð búninga og geislabaugu. Í öllum fyrri uppfærslum Borgarbarna hafa tvö „köst“ skipst að sýna. Að þessu sinni var ákveðið að allur hópurinn, nítján leikrar, myndu sýna allar sýningarnar, en skiptu hinsvegar um hlutverk (t.d. hlutverk óværuenglanna þar sem í einni sýningu léku þeir leikrar aðalhlutverk og í þeiri næstu voru sömu leikrar í nokkrum aukahlutverkum). Þar með fengu krakkarnir mun meiri reynslu og höfðu mikla ánægju af að leika í þeim 19 sýningum. Aðstoðarfólk, sem sá um alla hljóð- og ljósastjórn, ásamt því að vera í hlutverki hvíslara á æfingum og aðstoða við búningagerð, voru 5 krakkar á aldrinum 14–19 ára.

Hljóðmynd sá Ragnheiður um ásamt söngstjórn. Aðstoðarfólk stýrði hljóði á öllum sýningum. Sýningar urðu samtals 23 og var almenn ánægja með það þó svo að alltaf sé hægt að óska eftir fleiri áhorfendum.

Við stofnun Borgarbarna var aðallega horft til skólasýninga á skólatíma. Borgarbörn fara ekki inn í skólanu með sýningarnar heldur sýna einungis í leikhúsi því sem uppfærslan er í hverju sinni. Eftir hrun hefur að sjálfsgöðu verið fækkan á skólasýningum og þá aðallega á skólatíma. Því var brugðið á það ráð að fylgja eftirmiðdagssýningum og sýningum um helgar. Hafa bæði bekjkjafulltrúar og

starfsmannafélög notfært sér þau tækifæri. Miðaverð frá upphafi (2006) hefur verið 500 kr. á mann ef keypt er ein sýning (miðað við 150 sæti) en 1000 kr. annars. (Ákveðið var á fundi stjórnar að taka ákvörðun um miðaverð síðar í veturn (fyrir jólasöngleikinn 2012). Piparkökur og djús hefur alltaf verið í boði. Hinsvegar er alveg ljóst að ef svo á að vera áfram er nauðsynlegt að hækka miðaverð. Hvort verður fyrir valinu, verður tekin ákvörðun um í haust. Jólagjafasöfnun fyrir Mæðrastyrksnefnd, þessari föstu venju Borgarbarna verður haldið áfram. Borgarbörn bættu um betur síðustu jól og var haldin sérstök styrktarsýning þar sem allt andvirið seldra miða á næstsíðustu sýninguna, var gefið til góðs málefns – að þessu sinni í Styrktarsjóð Ellu Dísar. Afar góð og falleg hugmynd sem kom frá einum 14 ára leikara – alltaf ánægjulegt þegar unga fólk ið er meðvitað um bágt ástand margra í þjóðféluginu og vill gera eitthvað í málinu. Þetta verður að árlegri venju Borgarbarna héðan í frá og munu ólik félög verða fyrir valinu hverju sinni.



### Óværuenglarnir

Því miður hefur afar lítið selst af óskadisknum okkar, Sönglistin 2010, sem Borgarbörn gáfu út. Eymundsson hefur endursent okkur alla þá diska sem voru til sölu í búðum þeirra og flestar Hagkaupsverslanirnar. Diskurinn hefur verið notaður í gjafir og er enn til sölu hjá Sönglist, söng- og leiklistarskóla. Ákveðið var að fá leyfi hjá BÍL til að selja hann einnig hjá þeim.

Ætlun okkar frá síðasta ári að setja upp söngleik í sumar, hefur verið blásin af. Sjáum hvað verður næsta sumar.

Ekki hefur verið ákveðið hvaða jólasöngleikur verður settur upp næstu jól, en ákveðið er að Erla Ruth sjá um leikstjórn og skrif, ef um frumsamið verk verður að ræða. Stjórnin leggur hugann í bleytti – möguleiki að taka verk frá síðari árum þó flestir séu spenntari fyrir einhverju nýju. Kemur í ljós í lok sumars. Búningar og leikmynd verða í höndum leikara, aðstoðarfólk og einnig verður leitað til foreldra leikara ef þörf þykir á.

*F.h. stjórnar Borgarbarna,  
Erla Ruth Harðardóttir, formaður*

## Freyvangsleikhúsið, Eyjafjarðarsveit

### Sannleikurinn

Höfundur og leikstjóri: Helgi Þórsson  
 Sýningafjöldi: 4  
 Þátttakendur: 4  
 Áhorfendafjöldi: 98



Axjón

### Axjón

Höfundur og leikstjóri: Hjálmar Arinbjarnarson  
 Sýningafjöldi: 4  
 Þátttakendur: 4  
 Áhorfendafjöldi: 98

### Kaffi, smók og piss

Höfundur og leikstjóri: Daníel Freyr Jónsson  
 Sýningafjöldi: 4  
 Þátttakendur: 3  
 Áhorfendafjöldi: 98



Skyrturnar

### Skyrturnar

Höfundur: Atli Viðar Engilbertsson  
 Leikstjóri: Daníel Freyr Jónsson  
 Sýningafjöldi: 4  
 Þátttakendur: 5  
 Áhorfendafjöldi: 98

### Handbók fyrir byrjendur

Höfundur og leikstjóri: Hjálmar Arinbjarnarson  
 Sýningafjöldi: 4  
 Þátttakendur: 6  
 Áhorfendafjöldi: 98

### Merkilegt

Höfundar: Anna María Hjálmarsdóttir og Halldóra Kr. Vilhjálmsdóttir  
 Leikstjóri: Theodór Ingi Ólafsson  
 Sýningafjöldi: 4  
 Þátttakendur: 2  
 Áhorfendafjöldi: 98

### Banvæn viðskipti

Höfundur: Helgi Þórsson  
 Leikstjóri: Ingólfur Þórsson  
 Sýningafjöldi: 4  
 Þátttakendur: 4  
 Áhorfendafjöldi: 98



Jón Jónsson

### Jón Jónsson

Höfundur: Úlfhildur Örnólfssdóttir  
 Leikstjóri: Theodór Ingi Ólafsson  
 Sýningafjöldi: 4  
 Þátttakendur: 8  
 Áhorfendafjöldi: 98

### Dah...

Höfundur: Elísabet Katrín Friðriksdóttir  
 Leikstjóri: Helgi Þórsson  
 Sýningafjöldi: 4  
 Þátttakendur: 4  
 Áhorfendafjöldi: 98

### Með fullri lengd

Höfundar: Félagar í Freyvangsleikhúsini  
 Leikstjóri: Jónsteinn Aðalsteinsson  
 Sýningafjöldi: 2  
 Þátttakendur: 29  
 Áhorfendafjöldi: 147



Himnaríki

**Himnaríki**

Höfundur: Árni Ibsen

Leikstjóri: Jón Gunnar Þórðarson

Sýningafjöldi: 21

Þáttakendur: 28

Áhorfendafjöldi: 1433

**Skýrsla stjórnar**

Í stjórn Freyvangsleikhússins sátu Ingólfur Þórsson, formaður, Anna Bryndís Sigurðardóttir, varaformaður, Daníel Freyr Jónsson, ritari, Steingrímur Magnússon, gjaldkeri og Brynjar Gauti Schiöth, meðstjórnandi.

Varastjórn skipuðu Ingibjörg Ósk Pétursdóttir, Theodór Ingi Ólafsson og Fannar Geir Ásgeirsson.



Handbók fyrir byrjendur

Freyvangsleikhúsið hóf starfsár sitt á sýningunni Nývirki, 9 einþáttungar og stuttverk eftir höfunda hjá leikhúsini. Allir leikstjórar komu einnig úr röðum félagsmanna. Einþáttungaformið hefur ekki verið mikið notað hjá leikhúsini þannig að það var skemmtileg nýjung að fást við þetta. Sýnt var fjórum sinnum í október við góðar viðtökur.

Aðra helgi í nóvember héldum við okkar árlegu kabarettssýningu sem þetta árið bar nafnið í fullri lengd, þar var gert góðlátlegt grín að sveitungunum og reyndar landsmönnum öllum. Leikstjóri kabarett var Jónsteinn Aðalsteinsson. Kabarettinn var sýndur tvívar, föstudagskvöld með létttri kaffihúsastemningu og laugardagskvöld sem endaði með stórdansleik.

Stórvirki vetrarins var svo Himnaríki eftir Árna Ibsen, í leiksjórn Jóns Gunnars Þórðarsonar. Leikmyndin var mikið stórvirki, reistur var mikill veggur þvert yfir salinn í Freyvangi frá lofti í gólf, sem mótaði sumarbústaðinn Himnaríki og skapaði þannig bæði „úti“ og „inni“ svið. Þá er ónefndur heiti potturinn sem skapaði mikla stemningu og talsverðan gusugang. Frumsýnt var 17. febrúar og sýnt var fram í maí við góða aðsókn.

Þá sendi Freyvangsleikhúsið 2 nemendur í BíL-skólann á Húnavöllum, Daniel Frey Jónsson á Leikstjórn 3 og Valdís Eiríksdóttir á Leiklist 1.

Lauk þannig þriðja starfsári félagsins þar sem ráðist er í þrjár uppsetningar og er stefnt að því að halda því fyrirkomulagi áfram á meðan áhugi félagsmanna leyfir.

**Halaleikhópurinn, Reykjavík****Haustflensa Halaleikhópsins**

Höfundar: Lýður Árnason, Hulda B. Hákonardóttir og Nína Björk Jónsdóttir

Leikstjórar: Margrét Sverrisdóttir, Oddur Bjarni Þorkelsson og Gunnar Gunnarsson

Sýningafjöldi: 2

Þáttakendur: 27

Áhorfendafjöldi: 95



Hassið hennar mömmu

**Hassið hennar mömmu**

Höfundur: Dario Fo

Leikstjórar og leikgerð: Margrét Sverrisdóttir og Oddur Bjarni Þorkelsson

Sýningafjöldi: 11

Þáttakendur: 20

Áhorfendafjöldi: 451

**Skýrsla stjórnar**

Í stjórn eru: Hanna Margrét Kristleifsdóttir formaður, Þróstur Jónsson varaformaður, Kristín M. Bjarnadóttir, gjaldkeri, Ása Hildur Guðjónsdóttir ritari og Guðríður Ólafsdóttir meðstjórnandi. Í varastjórn eru: Einar Þ.

Andrésson, Gunnar Freyr Árnason og Höskuldur Þ. Höskuldsson.

Haldnir voru tveir félagsfundir, við sendum út fjögur fréttabréf á tímabilinu, svo var haldinn einn framkvæmdafundur í tengslum við uppsetningu á Hassinu hennar mömmu og 20 stjórnarfundir, auk þess sem stjórn hafði mikil samskipti gegnum netið.

Síðasta sumar var einn Haladagur í Krika við Elliðavatn. Hann var 3. júlí og skemmtum við okkur við leiklestur, spjall og svo grilluðum við.

Strax síðasta vor réðum við Margréti Sverrisdóttur og Odd Bjarna Þorkelsson aftur til að leikstýra aðalleikriti leikársins og líka í kaffleikhúsini um haustið.

Um haustið héldum við kaffleikhús sem við kölluðum Haustflensuna. Fluttir voru fimm þættir úr Heilsugæslunni eftir Lýð Árnason sem Margrét og Oddur leikstýrðu. Snyrtting, eftir Nínu Björk Jónsdóttur og Þanþol eftir Huldu Hákonardóttur bæði í leikstjórn Gunnars Gunnarssonar, Gunsó. Milli atriða spilaði og söng hljómsveitin góða Halabandið. Þáttakendur voru 27 og voru tvær sýningar þann 21. og 23. október 2011.

Í nóvember hófum við svo æfingar á Hassinu hennar mömmu eftir Dario Fo. Við æfðum fram í byrjun desember og tókum þá frí fram yfir áramót. Við frumsýndum svo 10. febrúar og sýndum 11 sýningar við mikil hlátrasköll og fögnum áhorfenda. 20 félagar tóku þátt í uppsetningunni á einn eða annan hátt, þar af 8 leikarar. Einnig var Þanþol sýnt einu sinni á barnum Obla dí Obla da.

Á félagsfundinum 22. mars voru stofnaðar nokkrar nefndir; bíónefnd, ljósmyndanefnd og ráðstefnunefnd. Einnig var því beint til stjórnar að finna leikstjóra og leikrit fyrir næsta leikár. Stjórnin sendi póst til allra leikstjóra sem hafa leikstýrt eða sýnt áhuga á að leikstýra okkur. Við gáfum þeim frest til 15. júní til að koma með hugmyndir um fjölskylduvænt leikrit. Þeir leikstjórar sem við sendum til eru: Ágústa Skúladóttir, Ármann Guðmundsson, Guðjón Sigvaldason, Edda Guðmundsdóttir, Elvar Logi Hannesson, Guðmundur Magnússon, Gunnar Björn Guðmundsson, Oddur Bjarni Þorkelsson, Margrét Sverrisdóttir, Rúnar Guðbrandsson, Þorgeir Tryggvason, Vilhjálmur Hjálmarsson, Þorsteinn Guðmundsson og Þróstur Guðbjartsson.

Þrír Halafélagar fóru á leiklistarskóla BÍL 2011 að Húnavöllum. Það voru Silja Kjartansdóttir, Telma Kjartansdóttir og Hanna Margrét Kristleifsdóttir sem fóru á leiklist II.

Styrkjanefnd hefur starfað allt tímabilið og hefur haft allar klær úti við að afla peninga fyrir leikfélagið, hana skipa: Hanna Margrét Kristleifsdóttir, Kristín Bjarnadóttir og Þróstur Jónsson.

Það fóru 6 fulltrúar frá okkur á aðalfund BÍL í Mosfellsbæ vorið 2011. Einþáttungahátið var haldin í tengslum við fundinn og var eitt verk frá okkur, Snyrtting eftir Nínu Björk Jónsdóttur í leikstjórn Gunnars Gunnarssonar. Leikarar voru þrír, Úlfhildur Þórarinsdóttir, Telma Kjartansdóttir og Gunnar Freyr Árnason.

## Hugleikur, Reykjavík

### Sá glataði

Höfundar: Sigríður Lára Sigurjónsdóttir, Ágústa Skúladóttir, Þorgeir Tryggvason og leikhópurinn

Leikstjóri: Ágústa Skúladóttir

Sýningafjöldi: 12

Þáttakendur: 28

Áhorfendafjöldi: 530



Sá glataði

### Skýrsla formanns

Í stjórni Hugleiks leikárið 2011–2012 sátu Silja Björk Huldudóttir formaður, Þorgeir Tryggvason varaformaður, Júlia Hannam gjaldkeri, Þráinn Sigvaldason ritari og Jóhann Davíð Snorrason meðstjórnandi. Snemma í haust gekk Þráinn úr stjórni eftir búferlaflutninga austur á land og tók þá Jóhann við ritarastörfunum. Ekki hafði tekist að manna varastjórnina á aðalfundi félagsins fyrir ári, en þá voru kosin inn þau Árni Friðriksson og Elísabet Indra Ragnarsdóttir. Þegar Þráinn gekk úr stjórni kom Árni inn í aðalstjórni sem meðstjórnandi og á framhaldaðalfundinum sl. haust voru kosin í varastjórn þau Fríða B. Andersen og Guðmundur Erlingsson. Stjórnin fundaði alls 11 sinnum á leikárinu og kann ég henni bestu þakkir fyrir vel unnin störf.

### Aukasýningar á Einkamál.is og Sjeikspír í höndum Hugleiks

Í ljósi þess að hætta þurfti sýningum á bæði Einkamál. is og Sjeikspír í höndum Hugleiks fyrir fullu húsi vorið 2011 ákvað stjórn í samráði við viðkomandi leikhópa að

taka upp fyrrgreindar sýningar sl. haust. Ætlunin var að sýna stuttverkadagskrána Sjeikspír í höndum Hugleiks í september og Einkamál.is í október. Þegar til kastanna kom reyndist hins vegar ógerningur að koma leikhópnum fyrir Sjeikspír saman og því fíllu aukasýningarnar á stuttverkadagskránni upp fyrir. Áætlaðar voru fjórar aukasýningar á Einkamál.is, en þær urðu í reynd aðeins tvær vegna dræmrar aðsóknar, en gera má ráð fyrir að um 40 manns hafi séð þessar aukasýningar.



Sá glataði

### Sá glataði

Í framhaldi af umræðum á síðasta aðalfundi ákvað stjórn að kominn væri tími til að ráða atvinnuleikstjóra til þess að vinna með Hugleik. Mikill einhugur var um það í stjórn að leita til Ágústu Skúladóttur sem félagið þekkir aðeins af góðu enda hefur hún unnið með okkur þrisvar áður með góðum árangri, seinast árið 2007.

Laugardaginn 4. febrúar var Sá glataði frumsýndur í húsnaði félagsins að Eyjarslóð. Sýningar urðu alls 12 og má gera ráð fyrir að um 530 áhorfendur hafi séð upp-færsluna. Alls komu 26 félagsmenn að uppsetningunni, þar af átta nýliðar. Sýningin var unnin í mikilli spunavinnu, en leiktextinn var saminn af Sigríði Láru Sigurjónsdóttur, Ágústu og leikhópnum. Tónlistarstjóri sýningarinnar var Þorgeir Tryggvason. Líkt og oft áður í sýningum Hugleiks var unnið með menningararfinn, en að þessu sinni fékkst félagið við eitt af grundvallarritum vestrænnar menningar, sjálfa Biblíuna. Megin efniviðurinn voru dæmisögur Jesú í Nýja Testamentinu, bæði þessar alþekktu um glataða soninn og miskunnsama Samverjann en einnig aðrar minna þekktar sem gjarnan fjalla um peninga og köll- uðust þannig með ápreifanlegum hætti á við samtímann.

Í leikdómi sínum um sýninguna skrifaði Silja Aðalsteins-dóttir m.a. á vef TMM.is: „Þessi sýning skemmtir vel, engin spurning um það. Ef hún gerir eitthvað umfram það, ef hún kennir okkur eitthvað, er það hvað gömlu bíblíusögurnar eru dýrmætar [...] Tónlistin er aðal verksins ásamt sviðsetningunni sem var hugmyndarák og oft verulega falleg, til dæmis verður upphafsatriðið með Feneyja-grímunum minnisstætt.“

Í gagnrýni sinni skrifaði Trausti Ólafsson á Leiklistar-vefnum: „Hugmyndin að baki Þeim glataða er góð, ef ekki ofursnjöll. [...] Sjónrænt er [sýningin] óvenju vel unnin [...] Leikararnir syngja, leika og hreyfa sig oft eins og ensemble og sumir þeirra hafa einnig sterka sviðsnand þegar þeir taka sig út úr hópnum og fara þá vel með hlutverk sín.“

Ákvæðið var að sækja um að fara með sýninguna á leiklistarhátið NEATA (þ.e. North European Amateur Theatre Alliance) sem haldin verður í Sønderborg á Suðurlandi dagana 31. júlí til 5. ágúst nk. Um miðjan febrúar lá það fyrir að valnefnd Bandalags íslenska leikfélaga hefði valið þann glataða sem fulltrúa Íslands. Ég óska leikhópnum til hamingju með það og vona að ferðin út verði ánægjuleg og gefandi.

*Silja Björk Huldudóttir, formaður*

### Leikdeild Umf. Vöku, Villingaholtshreppi

#### Skýrsla formanns

Stjórn var þannig skipuð: formaður var Guðmunda Ólafsdóttir, gjaldkeri Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir og ritari Ásrún Halla Loftsdóttir.

Aðalfundur Leikdeilda Umf. Vöku var haldinn í fjárhúsini í Egilsstaðakoti 23. október. Þorsteinn Logi Einarsson gaf ekki kost á sér til áframhaldandi setu sem formaður félagsins svo ný stjórn var kosin á fundinum. Nýr formaður var kosin Guðmunda Ólafsdóttir og þar með var staða ritara laus en Ásrún Halla Loftsdóttir var kosin í þá stöðu. Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir gegnir áfram embætti gjaldkera. Fundurinn var líflegur og margt rætt, m.a. búningagjafir sem leikfélagini höfðu borist frá einstaklingum og áframhaldandi starf félagsins.

Ákvæðið var að bíða með það að setja upp stórt leikverk þangað til árið 2013 en þá er 10 ára afmælisár hjá félaginu. Það var þó ekki setið alveg auðum höndum á árinu en félagið setti upp stuttverk á hátiðinni Fjör í Flóa sem var haldin fyrstu helgina í júní. Á laugardagskvöldinu var kvöldvaka í Félagslundi þar sem leikþátturinn var hluti af dagskránni. Laufey Einarsdóttir var fengin til þess að sjá um framkvæmd leikþáttarins og hún bæði leikstýrði og færði þjóðsöguna Nú skyldi ég hlæja væri ég ekki dauður, í leikbúning. Leikarar voru fjór 16 ára unglingsar úr sveitinni og æfingar gengu hratt og örugglega fyrir sig eftir að búið var að finna hentuga æfingatíma fyrir hópinn. Leikritið var sýnt fyrir um 100 manns og var gerður góður rómur að, enda spaugilegt verk þarna á ferð.

Fleira tók leikdeild Umf. Vöku sér ekki fyrir hendur á leikárinu en hlakkar að sjálfsögðu til nýrra verkefna á komandi árum.

*Guðmunda Ólafsdóttir, formaður*

### Leikfélag Austur-Eyfellinga

#### Úr öllum áttum

Höfundar: Leikhópurinn

Leikstjóri: Margrét Tryggvadóttir

Sýningafjöldi: 1

Þátttakendur: 28

Áhorfendafjöldi: 153

## Litli Kláus og Stóri Kláus

Höfundar: H.C. Andersen og Lisa Teztner  
 Þýðandi: Martha Indriðadóttir  
 Leikstjóri: Margrét Tryggvadóttir  
 Sýningafjöldi: 2  
 Páttakendur: 20  
 Áhorfendafjöldi: 230

## Skýrsla stjórna

Leikfélag Austur-Eyfellinga hefur sofið þyrnirósarsvefn undanfarin ár, en hefur nú tekið smá fjörkipp. Eftir áramót 2010 komum við saman gömlu félagarnir auk nokkurra nýrra félaga og ræddum möguleikana á því að gera eitt-hvað saman. Ákváðum við að byrja á að leiklesa Skugga-Svein, okkur til gamans. Afraksturinn var svo sá að við sýndum þetta á þrem stöðum í sýslunni. Og má eiginlega segja að allir hafi verið búnir að læra rulluna sína, svo að þetta varð eiginlega sýning með stuðningi. Handritin voru á sviðinu. Leikstjóri var Margrét Tryggvadóttir.



*Litli Kláus og Stóri Kláus*

Vorið 2011 kom svo Margrét að máli við félagið og bauð okkur að taka við leiklistarstarfi barna í Rangárþingi eystra. Við tókum þessu fegins hendi. Settar voru upp tvær sýningar. Fyrir jól sýningin Úr öllum áttum, röð leikþátta sem leikhópurinn samdi með aðstoð leikstjóra. Fjöldi þáttakenda var 28 og áhorfendur 153. Eftir áramót var síðan sett upp leikritið Litli Kláus og Stóri Kláus. Fjöldi þáttakenda var 30 og áhorfendur 230. Leikstjóri beggja sýninganna var Margrét Tryggvadóttir.

Félagið hefur aðstöðu í Félagsheimilinu Fossbúð fyrir búninga og leikmuni, enda eignaraðili að félagsheimilinu. Sveitarfélagið lætur einnig félaginu í té afnot af öllum sex félagsheimilum sveitarfélagsins án endurgjalds.

## Leikfélag Bolungarvíkur

### Að eilífu

Höfundur: Árni Ibsen

Leikstjóri: Lilja Nött Þórarinsdóttir

Sýningafjöldi: 7

Páttakendur: 43

Áhorfendafjöldi: 418



*Að eilífu*

## Skýrsla formanns

Leikfélag Bolungarvíkur hóf starfsemi sína á síðasta leikári, eftir 18 ára hlé. Lilja Nött Þórarinsdóttir var ráðin til að leikstýra verkinu Að eilífu eftir Árna Ibsen. Um tuttugu leikarar tóku þátt í uppfaerslunni en í heildina voru það um þrjátíu manns sem að sýningunni komu á einn eða annan hátt. Verkið sem er í mörgum þáttum sem gerast ekki í tímaröð, eru stuttir og eiga sér stað á ólíkustu stöðum, allt frá því að sýna frá fallhlífarstökki til diskóteks sem var ekki einfalt í uppsetningu en því skilaði Lilja Nött með sóma. Leikritið var sýnt um allan sal Félagsheimilis Bolungarvíkur, sem er nýuppgert og hið glæsilegasta í alla staði, og rúlluðu áhorfendur sér um á 100 skrifborðsstólum á hjónum.

Frumsýnt var þann 10. Mars 2012 og voru sýndar 8 sýningar, þar af tvær aukasýningar. Fleira var ekki gert á þessu ári.

*Ylfa Mist Helgadóttir, formaður.*

## Leikfélag Dalvíkur

### Af unglungum og fleira fólkí

Höfundar: Arnar Símonarson og leikhópurinn

Leikstjóri: Arnar Símonarson

Sýningafjöldi: 6

Páttakendur: 35

Áhorfendafjöldi: 350

## Rokk poppuð jól

Höfundar: Kristján Guðmundsson og Aron Óskarsson

Leikstjóri: Telma Ýr Óskarsdóttir

Sýningafjöldi: 6

Páttakendur: 14

Áhorfendafjöldi: 475



Grjóthaldið kjafti!

**Grjóthaldið kjafti!**

Höfundur: Michael Frayn

Þýðandi: Gísla Rúnar Jónsson

Leikstjóri: Aðalsteinn Bergdal

Sýningafjöldi: 9

Páttakendur: 23

Áhorfendafjöldi: 433



Rokk poppuð jól

**Skýrsla stjórnar**

Leikfélag Dalvíkur hefur á leikárinu sem nú er að líða sett upp þrjár sýningar. Mikill uppgangur er í starfi félagsins, mikið af nýjum og öflugum meðlimum hefur gengið til liðs við okkur.

Fyrsta verk félagsins var að setja upp verkið Rokk poppuð jól í samvinnu við leikhópinn Nobadygo. Verkið er eftir þá Kristján Guðmundsson og Aron Birki Óskarsson. Níu leikarar tóku þátt í sýningunni auk fjölda annarra sem unnu á bak við tjöldin. Leikstjóri uppfærslunnar var Telma Ýr Óskarsdóttir. Skemmt er frá því að segja að um 500 manns mættu á sýninguna á fjórum dögum og erum við mjög stolt af því.

Önnur uppfærsla leikfélagsins var verkið Allir á svið! eftir Michael Frayn. Skemmtilegur farsi og var gaman fyrir nýja leikara að takast á við svona stórt verk. Sjö leikarar tóku þátt í uppfærslunni. Leikstjórin, Aðalsteinn Bergdal, vildi fljótt breyta nafni verksins og fékk það nafnið Grjóthaldið kjafti! og var vel tekið í það. Sýningin var sýnd í 10 skipti og mættu 450 manns í leikhúsið. Verkið fékk frábæra dóma og erum við stolt af þessari sýningu þótt aðsókn hefði mátt vera betri.

Leikfélagið tók þátt í Vinjettuhátíð í menningarhúsinu Bergi í samstarfi við Ármann Reynisson. Sex meðlimir lásu upp 12 vinjettur og má með sanni segja að vel hafi tekist til með þessa hátíð og þökkum við Ármanni fyrir gott samstarf.



Af unglungum og fleira fólk

Priðja uppfærsla félagsins er samstarfsverkefni við Dalvíkursskóla þar sem unglingar úr 8. til 10. bekk skólans mæta í leikhúsið og setja upp sýningu. Þetta er áttunda árið sem þetta samstarf er og erum við stolt af því. Í ár taka um 46 unglingar þátt í verkinu en það er Arnar Símonarson sem semur og leikstýrir. Stefnt er að því að frumsýna verkið 24. október en æfingar hófust 14. september.

**Leikfélag Fljótsdalshéraðs****Illit til afspurnar**

Höfundur: Jóhannes Geir Einarsson

Leikstjóri: Daníel Behrend

Sýningafjöldi: 3

Páttakendur: 8

Áhorfendafjöldi: 350



Finnski hesturinn

**Finnski hesturinn**

Höfundur: Sirkku Peltola

Þýðandi: Sigurður Karlsson

Leikstjóri: Ásgeir Sigurvaldason

Sýningafjöldi: 8

Páttakendur: 35

Áhorfendafjöldi: 422



III til afspurnar

### Skýrsla stjórnar

Leikfélag Fljótsdalshéraðs starfaði með venjubundnu sniði þetta leikárið. Settur var upp einn einþáttungur og svo eitt leikrit í fullri lengd. Stuttverkið hét III til afspurnar og voru sýndar tvær sýningar af því. Stóra verkið okkar var síðan Finnki hesturinn en það var sýnt í Valaskjálf og voru sýndar 8 sýningar fyrir um 400 manns.

### Leikfélag Hafnarfjarðar

#### Sjónni Flipp

Höfundur: Gísli Björn Heimisson  
Leikstjóri: Lárus Vilhjálmsson  
Sýningafjöldi: 1  
Páttakendur: 1  
Áhorfendafjöldi: 70

#### Án tilgangs

Höfundur og leikstjóri: Halldór Magnússon  
Sýningafjöldi: 1  
Páttakendur: 3  
Áhorfendafjöldi: 70

#### Gabriel engill

Höfundur: Helga B. Ólafsdóttir  
Leikstjóri: Ársæll Hjálmarsson  
Sýningafjöldi: 1  
Páttakendur: 2  
Áhorfendafjöldi: 70

#### Umsækjandinn

Höfundur: Íris Ingjaldsdóttir  
Leikstjóri: Gísli Björn Heimisson  
Sýningafjöldi: 1  
Páttakendur: 2  
Áhorfendafjöldi: 70

#### Órannsakanlegir vegir

Höfundur: Gísli Björn Heimisson  
Leikstjóri: Arndís J. Vigfúsdóttir  
Sýningafjöldi: 1

Páttakendur: 3  
Áhorfendafjöldi: 70

### Ómar er sérstakur

Höfundur: Arndís Pétursdóttir  
Leikstjóri: Arndís J. Vigfúsdóttir  
Sýningafjöldi: 1  
Páttakendur: 2  
Áhorfendafjöldi: 70

### Helvítis málfræði

Höfundur: Arndís J. Vigfúsdóttir  
Leikstjóri: Arndís Pétursdóttir  
Sýningafjöldi: 1  
Páttakendur: 3  
Áhorfendafjöldi: 70

### Dauðastef

Höfundur: Halldór Magnússon  
Leikstjóri: Kristín S. Helgadóttir  
Sýningafjöldi: 1  
Páttakendur: 2  
Áhorfendafjöldi: 70

### Draumur Óðins

Höfundur: Jenný Kolsör  
Leikstjóri: Arndís J. Vigfúsdóttir  
Sýningafjöldi: 1  
Páttakendur: 2  
Áhorfendafjöldi: 70

### Líf eða dauði

Höfundur: Helga Björk Ólafsdóttir  
Leikstjóri: Lárus Vilhjálmsson  
Sýningafjöldi: 1  
Páttakendur: 2  
Áhorfendafjöldi: 70

### Til þín

Höfundur: Ásta Marín  
Leikstjóri: Gísli Björn Heimisson  
Sýningafjöldi: 1  
Páttakendur: 2  
Áhorfendafjöldi: 80

### Afturhvarfið

Höfundur: Gísli Björn Heimisson  
Leikstjóri: Oddur B. Tryggvason  
Sýningafjöldi: 1  
Páttakendur: 2  
Áhorfendafjöldi: 80

## Viðtalið

Höfundur: Oddur B. Tryggvason

Leikstjóri: Arndís J. Vigfúsdóttir

Sýningafjöldi: 1

Þáttakendur: 3

Ahorfendafjöldi: 80

## Skýrsla stjórnar

Í byrjun leikárs var Fúsi froskagleypir tekinn upp aftur með þó nokkrum breytingum á hlutverkum þar sem ekki sáu allir sér fært að halda áfram. Þetta var einfaldlega leyst með því að færa til hlutverk, einhver hlutverk duttu út og tóku sumir að sér fleiri hlutverk en í fyrra skiptið. Einnig kom inn nýr töframaður sem gerði stormandi lukku. Að þessu sinni urðu sýningarnar 15 og sem fyrr var sýnt fyrir fullu húsi í hvert skipti. Og urðu þar með sýningarnar 25 í heildina.

Um sama leyti var Fúsi gefinn út á DVD á vegum Senu við góðan orðstír hjá yngri kynslóðinni og hef ég ekki heyrta neitt nema gott um þá útgáfu. Síðustu tölur voru að yfir 500 stk. hafa selst. Einnig er hægt að leigja Fúsa á VOD-leigu fyrir stafrænt sjónvarp en tölur þar liggja ekki fyrir.

Eftir að sýningum á Fúsa lauk fengum við tölvupóst frá Kirkegaard-stofnunni í Danmörku þar sem við vorum krafín um gjald vegna sýningarréttar og hefur sú tala farið hækkandi með hverju bréfi sem kemur frá þeim og er það mál ekki enn til lykta leitt. Einnig hafði Olga Guðrún sem þyddi Fúsa fyrir rúnum 20 árum samband og krafðist launa fyrir þýðingu verksins. Ástæðan fyrir því að ekki var haft samband við hana í upphafi var að Björk Jakobsdóttir endurskrifði og staðfærði verkið upp á nýtt og töldum við einfaldlega að þarna væri um algerlega nýja leikgerð að ræða og því væri hennar rúmlega 20 ára framlag fallið niður.

Þráinn Óskarsson fráfarandi formaður lagði land undir fót í nóvember og fluttist til Noregs nánar tiltekið til Mandal þar sem hann starfar nú sem smiður og er því miður ekkert á leiðinni heim. Við hjá Leikféluginu þökkum honum kærlega fyrir allt sitt góða starf og óskum honum velfarnaðar og hvet ég leikfélagsmenn til að senda honum kveðju á facebook og þakka honum vel unnin störf. Það var lagt til á stjórnarfundi í framhaldi að ég tæki við formennsku af Þráni og var það samþykkt. Sú nýbreytni var tekin upp hjá stjórninni að hittast alltaf fyrsta mánuðag í hverjum mánuði og hefur það mælst vel fyrir.

Við vorum einnig með atriði í jólaborpinu og sýndum þar verk um brúðustrákinn óbekká hann Úlla Púlla sem Arndís skrifði. Þetta tókst ljómandi vel og tóku krakkarnir sem fylgdust með vel á móti okkur og ekki minnkaði gleðin þegar jólaseinarnir færðu þeim mandarínur í kveðjuskyni. Það mætti reyndar halda að Hafnarfjarðarbær hafi ekki haft jafn gaman að þessu og börnini því enn höfum við ekki fengið greitt fyrir þetta framlag okkar. Styrkurinn frá bænum fer minnandi með hverju árinu og nú í ár fengum við 500.000 kr. í styrk. Þessir minnandi styrkir voru gerðir að umtalsefni hjá BíL og það er ljóst að bæjarfélög gera sér ekki grein fyrir hve gott starf er unnið hjá áhugaleikfélögum um allt land. Það er ekki fyrir alla að stunda íþróttir hverskonar, hvort sem það er að sparka bolta, stinga sér til sunds, æfa dans eða frjálsar íþróttir.

Fjölmörg börn og unglingsar vilja stunda listsköpun hverskonar og býður leikhúsið upp á einna stærstu flóruna í þeim efnum. Þar er á einum stað hægt að stunda ritstörf, hönnun hverskonar, bæði hvað varðar búninga og leikmynd, koma að förðun og hárgreiðslu ásamt því að sjálfsögðu að leika og leikstýra. Við skulum vona að bæjarstjórnarfulltrúar fari að átta sig á þessu.

Örverkahátið var haldin í febrúar og tókst hún mjög vel í alla staði. Boðað var til fundar í Leikféluginu og komu fjölmargir, hvort sem heldur var til að skrifa, leikstýra eða leika. Ákveðið var að hafa sama þema fyrir öll verkin og gátu fundargestir lagt fram eitt eða fleiri þema. Að lokum var kosið um þrjár tillögur þar sem Dauðinn sjálfur kom sá og sigraði.

Sex verk voru skrifuð á einni viku og síðan tóku leikstjórar við og fengu aðra viku til að kasta í hlutverk og koma verkinu á fjalirnar. Aðsókn var bara prýðileg og tókst þetta í alla staði mjög vel.

Nú hefur verið blásið til annarrar slíkrar hátíðar þar sem viðfangsefnið er Trú. Sjö verk líta dagsins ljós að þessu sinni og greinilegt að þetta leggst mjög vel í okkar fólk og sköpunargleðin er mikil. Ég vil nota tækifærið og þakka henni Arndísí Vigfúsdóttur sem hefur séð um báðar þessar hátíðir kærlega fyrir, þar sem hún hefur gert þetta af miklum myndarskap og verið „á útopnu“ til að þetta yrði að veruleika.

Við vorum beðin um atriði til að hafa á sumardaginn fyrsta og urðum við við þeirri beiðni. Arndís og Guðmundur Auðunsson æfðu skemmtilegt verk um tvær unglingsstelpur á leið á skemmtun en þegar hringt var til að athuga með nánari tímasetningu var okkur tjáð að það væri búið að fella atriði út úr dagskrá vegna tímaskorts. Þetta lagðist að sjálfsögðu ekki vel í okkar fólk sem var búið að leggja vinnu í að finna og æfa verkið. Ég sendi tölvupóst á aðilann sem hafði samband við okkur, en hann var á vegum skátafélagsins Hraunbúa, en hef ekki fengið svar við því bréfi. Ef við verðum beðin um slíkt að ári munum við hugsa okkur tvisvar um áður en samþykkt verður að taka þátt.

Hvað haustið varðar þá hafa þeir Halldór Magnússon og Gísli Björn Heimisson samþykkt að taka að sér að leikstýra næsta verki hjá okkur. Ekki hefur að svo stöðdu verið ákveðið hvaða verk verður fyrir valinu og hefur jafnvel komið upp sú hugmynd að vera með nýtt frumsamið verk. En tíminn einn mun leiða í ljós hvað verður.

Ég tel að framtíðin sé björt hjá Leikféluginu. Við erum vissulega ekki ríkasta leikfélag landsins en við höfum fjöldann allan af góðu fólk og það er ekki metið til fjár. Einnig erum við komin í gott húsnaði þar sem við getum tekið við um 200 manns í sæti og gefur það mikla möguleika til framtíðar. Við munum halda áfram hvað sem tautar og raular með gleðina og viljann að vopni.

*Styrmir B. Kristjánsson, formaður*

## Leikfélag Hofsóss

### Enginn með Steindóri

Höfundur: Nína Björk Jónsdóttir

Leikstjóri: Ingrid Jónsdóttir

Sýningafjöldi: 9

Þáttakendur: 22

Áhorfendafjöldi: 654

### Skýrsla stjórnar

Stjórn Leikfélags Hofsóss skipa: Fríða Eyjólfsdóttir, formaður, Kristján Jónsson, ritari, Sigmundur Jón Jóhannesson, gjaldkeri, Harpa Kristinsdóttir og Helgi Thorarensen, meðstjórnendur.

Á aðalfundi Leikfélags Hofsóss haustið 2011 var stjórn félagsins endurkjörin og henni falið að huga að verkefnum vetrarins. Það hefur nú um nokkurt skeið verið stefna félagsins að setja upp leikrit annað hvert ár og var því kominn tími á það nú.



*Enginn með Steindóri*

Samið var við Ingrid Jónsdóttur sem tók að sér að leikstýra hjá féluginu. Erfiðlega gekk að finna leikrit sem hentaði hópnum. Lengi vel hefur karlmannsskortur hrjáð okkur þegar kemur að leikritavali en nú virtust flestir hinna íturvöxnu, miðaldrar leikara vera orðnir of gamlir fyrir hlutverkin! Eftir miklar vangaveltur og samlestur nokkurra verka varð leikritið Enginn með Steindóri eftir Nínu Björk Jónsdóttur fyrir valinu.

Æfingar hófust í fyrstu viku febrúar. Frumsýnt var þann 16. mars í félagsheimilinu Höfðaborg og fékk leikritið mjög góðar viðtökur. Sýningar urðu 9 talsins og áhorfendur u.p.b. 650. Þáttakendur í uppsetningu verkefnisins voru alls 21 fyrir utan leikstjóra, þar af 9 leikrar.

Í júní tók leikfélagið þátt í Jónsmessuhátíð á Hofsósi og gerði þrjár stuttar kvíkmyndir sem sýndar voru á kvöldvöku.

*Fríða Eyjólfsdóttir, formaður*

## Leikfélag Hornafjarðar

### Átta konur

Höfundur: Robert Thomas

Þýðandi: Sævar Sigurgeirsson

Leikstjóri: Guðjón Sigvaldason

Sýningafjöldi: 6

Þáttakendur: 9

Áhorfendafjöldi: 286



*Átta konur*

## Leikfélag Hól mavíkur

### Gott kvöld

Höfundur: Áslaug Jónsdóttir

Leikstjóri: Kristín S. Einarsdóttir

Sýningafjöldi: 5

Þáttakendur: 31

Áhorfendafjöldi: 350



*Gott kvöld*

## Með allt á hreinu

Höfundur: Ágúst Guðmundsson og Stuðmenn  
Leikstjóri: Arnar S. Jónsson  
Sýningafjöldi: 5  
Páttakendur: 41  
Áhorfendafjöldi: 600

### Skýrsla stjórnar:

Í stjórn Leikfélags Hólavíkur sátu: Kristín Sigurðs  
Einarsdóttir, formaður, Ingibjörg Sigurðardóttir, ritari og  
Salbjörg Engilbertsdóttir, gjaldkeri.

Aðalfundur Leikfélags Hólavíkur var haldinn 2. október. Ákveðið var að setja upp barnaleikrit fyrir áramót og vera með í samstarfsverkefni með Grunn- og tónskólanum á Hólavík. Einnig voru ýmsar aðrar hugmyndir viðraðar.

Á leikárinu 1. júní 2011 til 31. maí 2012 voru eftirfarandi verkefni hjá Leikfélagi Hólavíkur:

### Einleikurinn Skjaldbakan

Samstarfsverkefni Smára Gunnarssonar og leikfélagsins, sem hlaut styrk frá Menningarráði Vestfjarða. Verkið er einleikur sem Smári samdi og sýndi á Hamingjudögum á Hólavík og nokkrum sínum í viðbót yfir sumarið. Leikfélagið lagði til hljóð- og ljósamenn, sviðsmuni og búninga og aðstoðaði við leikskrárgerð og fleira. Tók þátt í einleikjahátiðinni Act alone.

### Kvikmyndaleikur

Tveir félagar út leikfélaginu léku statistahlutverk í kvíkmynd sem tekin var upp í Reykhólasveit í byrjun júní. Tökur stóðu yfir í nokkra daga.

### Námskeið

Einn félagi úr Leikfélaginu tók þátt í ljósanámskeiði á Ísafirði í júlí 2011.



Með allt á hreinu

## Með allt á hreinu

Samstarfsverkefni Grunn- og tónskólans og leikfélagsins. Unnið var að handritsgerð í byrjun árs og síðan hófust samlestrar og hljómsveitaræfingar. Leikfélagið lagði til leikara, búninga, ljós og sviðsmuni, förðun og ýmsar ráðleggingar.

Afram var unnið að praktískum verkefnum eins og tölvuskráningu handritasafns, varðveislu og skráningu myndbanda og ljósmynda í eigu félagsins. Fyrir liggur að

fara yfir tækjabúnað og búningar og leikmunir hafa verið flokkaðir og yfirfarnir. Einnig er hafin undirbúningsvinna við uppsetningu drapplinga í Félagsheimilið á Hólavík. Leikfélagið og sveitarfélagið Strandabyggð undirrituðu samstarfssamning til þriggja ára í ársþyrjun 2012.

## Leikfélag Húsavíkur

### Martröð á jólanótt

Höfundur: Tim Burton  
Þýðandi: Oddur Bjarni Þorkelsson  
Leikstjóri: Jón Gunnar Þórðarson  
Sýningafjöldi: 16  
Páttakendur: 76  
Áhorfendafjöldi: 1260

### Skýrsla stjórnar

Frá síðasta aðalfundi 28. október 2010 til dagsins í dag 15. desember 2011. Stjórn félagsins fram að aðalfundi var eftirfarandi: Halla Rún Tryggvadóttir formaður, Hjálmar Bogi Haflidason gjaldkeri, Guðrún Kristín Jóhannsdóttir ritari, Dóra Ármannsdóttir og Ingvar Björn Guðlaugsson meðstjórnendur.

Eftir aðalfundinn, sem haldinn var 28. október 2010, urðu eftirtaldar breytingar: Halla Rún Tryggvadóttir gaf ekki kost á sér áfram og var Gunnar Jóhannesson kjörinn formaður í hennar stað, Ingvar Björn Guðlaugsson gaf ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu og var Sólveig Jóna Skúladóttir kosin í hans stað. Aðrir sátu áfram.

Frá síðasta aðalfundi hefur stjórn Leikfélags Húsavíkur haldið áttá bókaða stjórnarfundi, auk nokkurra sem ekki voru bókaðir.

### Starfsemi

Jón Stefán Kristjánsson var ráðinn leikstjóri til LH og ákveðið að setja upp leikritið Að eilífu eftir Árna Ibsen. Fyrsti samlestur var 29. október í Samkomuhúsinu.

Æft var allan nóvembermánuð en svo tekið frí og æfingar hófust aftur 3. janúar 2011. Leikritið var frumsýnt þann 20. janúar og sáu tæplega 1300 manns sýninguna.

Námskeið á vegum Pekkingarnets Þingeyinga var haldið í Samkomuhúsinu frá 20. mars og stóð það í fimm daga. Þetta námskeið var sérsviðið að þörfum fatlaðra og endaði námskeiðið með sýningu á leikverkinu Mjallhvít og dvergarnir 3–4.

Í marsmánuði hófust einnig viðræður við Tónlistarskóla Húsavíkur. Hann á 50 ára afmæli á árinu 2011 og hefur falast eftir samstarfi við Leikfélag Húsavíkur af því tilefni. Eftir að hafa skoðað ýmsa möguleika var ákveðið að setja upp leikritið Martröð á jólanótt eftir Tim Burton. Tónlistarstjóri var ráðin Hólmfríður Benediktsdóttir og leikstjóri Jón Gunnar Þórðarson.

Svo skemmtilega vildi til að tveir leikstjórar höfðu samband við formann og föluðust þeir eftir því að setja upp leikverk með Leikfélagi Húsavíkur. Þetta voru þeir Jón Gunnar Þórðarson og Jakob S. Jónsson. Jón Gunnar var ráðinn að þessu sinni en áfram er haft samband við Jakob með samstarf í huga. Guðrún Kristín Jóhannsdóttir sótti aðalfund Bandalags íslenskra leikfélaga fyrir hönd félagsins en hann var haldinn í Mosfellsbæ í apríl.



*Martröð á jólánótt*

### **Samkomuhúsið**

Þungarokkshljómsveitin Skálmöld hélt tvenna tónleika í Samkomuhúsinu í byrjun mars.

Þá var 10. bekkur Borgarhólsskóla með afnot af húsinu þegar þau sýndu brot úr þekktum barnaleikritum undir stjórn Kristjönu Maríu Kristjánsdóttur kennara.

### **Höfði 24c**

Vinna á Höfðanum er og verður eilífðarverkefni. Hús-næðið nýtist okkur mjög vel en illa hefur tekist að vinna bug á lekanum sem er á milli burstanna. Von okkar er sú að þetta verði lagfært núna þar sem unnið er að því hjá nágrönum okkar, undir hinni burstinni, að útbúa gistiheimili. Viljum við trúa því að betra sé að ekki rigni ofan á verðandi gesti þar.

### **Styrkir**

Sótt var um styrk til BÍL í júnímánuði vegna sýningarnarinnar Að eilífu.

Þá var einnig sótt um styrk til sveitarfélagsins Norðurbings, sem veitti LH myndarlega styrki.

### **Martröð á jólánótt**

Var frumsýnd 29. október 2011 eftir um átta vikna æfingatímabil. Jón Gunnar keyrði sig frá Akureyri á æfingarnar og gekk á ýmsu. Agætlega gekk að manna leikverkið og hefur fjöldi barna og unglings sjaldan verið meiri við uppsetningu leikverks hjá Leikfélagi Húsavíkur.

Sýningar standa yfir en áætlað er að ljúka sýningum fyrir áramót.

*Gunnar Jóhannsson, formaður*

## **Leikfélag Hveragerðis**

### **Lína langsokkur**

Höfundur: Astrid Lindgren

Þýðandi: Þórarinn Eldjárn

Leikstjóri: Sigurgeir Hilmar Friðþjófsson

Sýningafjöldi: 24

Páttakendur: 22

Áhorfendafjöldi: 1931

### **Skýrsla stjórnar**

Þann 11. ágúst 2011 héldu Erla Kristín Hansen og Hörður Friðþjófsson tónleika í Leikhúsini. Mæting var ágæt og átti fólk þar góða stund við ljúfa tóna. Leikfélagið var með sjoppuna.

Í september tilkynnti Guðmundur Erlingsson formaður það að hann ætlaði að hætta sem formaður leikfélagsins af persónulegum ástæðum. Eru honum þökkuð góð störf sem formaður Leikfélagsins. Við af honum tók Jóhann Tr. Sigurðsson.

15. september tóku tveir félagar í leikféluginu, þeir Guðmundur Erlingsson og Jóhann Tr. Sigurðsson, þátt í Vinjettuhátið í Listasafni Árnesinga. Lásu þar upp Vinjettur efir Ármann Reynisson.

Þegar fór að vетra, fór stjórn leikfélagsins að huga að verkefni til að sýna. Fyrst kom upp í hugann Dýrin í Hálsaskógi. Eftir tölvupóstssamskipti við Bandalag íslenskra leikfélaga kom í ljós að Þjóðleikhúsið ætlaði að setja það verk upp haustið 2012, en það á sýningarréttinn. Næst kom hugmynd um barnaleikritið Benedikt Búálf, það er eftir íslenskan höfund, Ólaf Gunnar Guðlaugsson, og var hann tilbúinn að veita okkur sýningarrétt. Einnig tón-skáldið Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson. En á endanum fann hann ekki upptöku sem var til af tónlistinni. Þetta var viðamikil tónlist og hefði verið illgerlegt að flytja hana nema af disk. Í þetta fór mikill tími og allt í einu var kominn desember. Í endaðan nóvember og allan desember voru rauðklæddir karlar á vegum Leikfélagsins að störfum. Þeir komu fram þegar kveikt var á jólatrénu við Hótel Ljósbrá, báru út jólakapka á aðfangadag, heimsóttu jólaball á Hótel Örk og á Dvalaheimilinu Ási. Einnig komu þeir fram á Prettandagleðinni í Lystigarðinum.

Seint í desember var ákvæðið að taka til sýninga á nýju ári, barnaleikritið Línu Langsokk og var Sigurgeir Hilmar Friðþjófsson ráðinn til að leikstýra verkinu. Fyrsta áheyrnarprufa var haldin milli jóla og nýárs. Mætti þar fullt af börnum og unglungum og eftir fleiri áheyrnarprufur voru aðalleikararnir valdir. Síðan var farið í það að manna önnur hlutverk. Gekk það upp og ofan en að lokum varð til frábær leikhópur. Frumsýnt var fyrir troðfullu húsi þann 10. mars og urðu sýningar alls 24. Á sýningartímanum greindist einn af okkar ungu leikurum í sýningunni, hún Thelma Dís, með illkynja krabbamein í fæti. Leikfélagið ákvæðið að styrkja hana og fjólskyldu hennar með því að sýna sérstaka styrktarsýningu. Var hún 27. apríl fyrir troðfullu húsi. Einnig lögðu fyrirtæki og einstaklingar inn styrki á reikning Leikfélagsins. Thelmu Dís og fjólskyldu hennar voru afhentar 389.700 kr. sem var innkoma sýningarnar og styrkir einstaklinga og fyrirtækja. Alls urðu áhorfendur á Línu Langsokk 1.931. Leikfélagið þakkar þessum frábæra hópi sem vann að sýningunni innilega fyrir samstarfið.



Lína langsokkur

Lína, Tommi og Anna, aðalpersónur sýningarinnar og Guðmundur píanóleikari, hafa komið fram á nokkrum stöðum á 20. ára afmælisháttíð íþróttafélagsins Hamars, 1. maí hátíðahöldum á Selfossi og á 5 ára afmælisháttíð Hoflandssetursins. Fóru þau einnig í upptöku í sjónvarpssal fyrir Stundina okkar. Verða þau líka að skemmta á 17. júní í Hveragerði og á Eyrarbakka.

Stjórnin hélt nokkra formlega fundi á starfsárinu. Tölvutæknin var óspart notuð í samskiptum stjórnar sín á milli og allra þeirra sem að leiksýningunni komu. Tölvupóstarnir skipta hundruðum og myndu örugglega fylla eina möppu og vel það, ef þeir yrðu prentaðir út. Einnig kom símatæknin sér oft vel.

Hveragerði 12. júní 2012,  
Jóhann Tr. Sigurðsson, formaður

## Leikfélag Hörgdæla

### Skýrsla stjórnar

Stjórn Leikfélagsins var þannig skipuð: Bernharð Arnarson, formaður, Þóroddur Ingvarsson, varaformaður, Sigríður Svavarasdóttir, ritari, Axel Vatnsdal gjaldkeri og Fanney Valsdóttir, meðstjórnandi.

Segja má að síðastliðið ár hafi verið óvenjulega starfsamt hjá Leikfélagi Hörgdæla miðað við það að ekki var um neina frumsýningu að ræða þetta leikár.

Strax eftir síðasta aðalfund var farið af stað í það verkefni að taka upp sýningu síðasta leikárs, það er metsýninguna okkar Með fullri reisn. Sýningarnar urðu alls tíu hér á Melum, frá 20. október til 5. nóvember. Milli sex og sjöhundruð manns mættu á þessar sýningar. Fimmtudaginn 10. nóvember lögðum við svo land undir fót og stefndum í lónó þar sem áætlunin var að trylla lýðinn í höfuðborginni með berum bændum úr Hörgárdal. Óhætt er að segja að það hafi tekist fullkomlega. Sýndum við fjórar sýningar og voru þær vel sóttar og stemningin frábær. Allt í allt sýndum við leikritið 44 sinnum og sáu rúmlega fjögur þúsund manns það. Ég vil hér þakka öllum sem að þessu ævintýri komu kærlega fyrir vel unnin störf í þágu leikfélagsins. Við vitum að það er ekki sjálfgefið að eyða ómældum tíma í sjálfbóavinnu sem þessa.

Eftir þessa miklu törn var smá hvíld fram yfir áramót en þá var farið að huga að verkefni næsta árs, Djáknunum á Myrká. Jón Gunnar Þórðarson var ráðinn til að skrifa verkið og koma því upp og Skúli Gautason var svo fenginn til að semja tónlist við verkið og stjórna uppsetningu á henni. Hefur verið mjög gaman að fylgjast með vinnu þeirra og útkoman er mjög spennandi.

Um síðustu áramót tók leikfélagið yfir rekstur Mela, leikhússins okkar, og var samið til þriggja ára við aðra eigendur hússins. Hefur húsið verið talsvert í útleigu en betur má ef duga skal. Leikfélagið bauð uppá þá nýbreytni á vormánuðum að vera með einn viðburð í mánuði, eitthvað sem tengdist ekkert endileg leiklist. Vorum við með barsvarskvöld og kvöldvöku, voru þessir viðburðir ágætlega sóttir. Meiningin er að halda áfram með þessa viðburði nú á haustmánuðum. Leikfélagið kom að lestri Passíusálmanna í Möðruvallakirkju og hafði Halldóra Friðriksdóttir umsjón með því.

Í byrjun maí fóru fjórir fulltrúar leikfélagsins á aðalfund Bandalagsins sem haldinn var á Ísafirði að þessu sinni. Tveir félagar sóttu skóla Bandalagsins að þessu sinni.

Eins og ég minntist á fyrr er næsta verkefni okkar stórt, sjálfur Djákninn á Myrká, og hefur hann átt hug og krafta okkar undanfarna mánuði. Í júlí höfðum við í samstarfi við hrossaræktarfélagið Framfara, svokallaða Djáknareið. Var þar riðið á slóðum Djáknans þ.e. frá Myrká að Bægisá. Lagt var af stað um miðnætti og riðið inn í nóttina, stoppað á nokkrum stöðum og hlýtt á fróðleik um Djáknann og annað tengt efni. Var reiðin vel sótt, tæplega 50 manns á hestbaki og voru allir glaðir og ánægðir með hana. Leikfélagið tók þátt í Sæludegi í sveitinni um verslunar-mannahelgina og vorum við með svokallaða Sögugöngu þar sem gengið var upp að Geirufossi, en hann er í Myrká. Þar var Jón Gunnar með örlitinn fróðleik um fossinn og þjóðsögu tengda honum. Eftir gönguna var farið í kirkjugarðinn á Myrká þar sem Jón talaði um Djáknann og félagar úr Leikfélagini lásu smá part úr leikverkinu. Farnar voru tvær göngur og tæplega tvöhundruð manns sem löbbuðu með okkur í þeim. Um kvöldið slögum við svo upp dansleik á Melum sem var vel sóttur og skemmtu allir sér vel.

Leikfélagið tók, eins og undanfarin ár, þátt í draugagöngu Minjasafnsins á Akureyri í tengslum við afmæli Akureyrarbæjar. Vorum við þar með sex Djákna á hestbaki sem vöktu mikla eftirtekt og lukku. Eins og ég minntist á í upphafi hefur starfsemi leikfélagsins verið mikil á síðastliðnu ári og hefur þessi upptalning staðfest það. Svona mikla starfsemi er ekki hægt að hafa nema margir komi að og vil ég hér fyrir hönd stjórnar þakka öllum sem lögðu hönd á pláginn.

## Leikfélag Keflavíkur

### Jólasaga

Höfundar: Charles Dickens og Leif Petersen  
 Þýðendur: Signý Pálsdóttir og Kristján frá Djúpalæk  
 Leikstjóri: Jón Stefán Kristjánsson  
 Sýningafjöldi: 10  
 Þátttakendur: 47  
 Áhorfendafjöldi: 675

### Með allt á hreinu

Höfundar: Águst Guðmundsson og Stuðmenn  
 Leikstjóri: Arnoddur Magnús Danks  
 Sýningafjöldi: 8  
 Þátttakendur: 38  
 Áhorfendafjöldi: 512



Jólasaga

### Skýrsla formanns

Leikárið 2011–2012 hefur verið viðburðaríkt eins og svo oft áður og hefur verið lögð á hersla að styrkja starfsemina og friska uppá leikhúsið.

Síðasta sumar héldum við áfram að vinna í leikhúsinu. Það var farið í að laga til í nýja rýminu og farið yfir búninga. Við tókum svo til hendinni síðla sumars og byrjuðum að rífa niður miðasöluna og fatahengið. Sú vinna hélt áfram vel inn í haustið og náðum við að klára þá vinnu rétt fyrir frumsýningu á haustsýningunni.

Nýr aðilar töku við unglingsadeildinni af Jóni Bjarna og Arnóri, en Sæmi og Atli fara nú að stórum parti fyrir unglingsadeildinni. Uglingsadeildin hefur verið sterk og voru þau iðin allt seinasta sumar. Á 17. júní var sett upp verk að vanda. Við vorum einnig með kynningar og atriði á Ljósanótt, ásamt fleiri verkefnum sem unglingsadeildin hefur staðið að allt árið.

Síðasta haust var tekin ákvörðun um að ráðast í jólaverk, bæði til að seinka sýningu svo hægt væri að klára vinnu í framsalnum og einnig þar sem síðasta jólasýningin hafði gengið vel. Fyrir valinu var hin sígilda Jólasaga Charles Dickens, þar sem Scrooge barðist við anda jólanna. Það var umtalað hve vel tókst til við sýninguna og fengum við slík ummæli. Leikstjóri var Jón Stefán Kristjánsson og var stjórn leikfélagsins mjög ánægð með hans störf. Sýningar

voru fáar en fengum við mikið af fólkí á þær sýningar sem voru, mögulega hefði verið hægt að hafa fleiri sýningar til að hámarka fjöldann af áhorfendum, en tími til sýninga var ekki mikill. Viljum við senda sérstakar þakkir til fyrrverandi stjórnarmeðlima, Höllu og Arnars fyrir að koma stjórnninni til aðstoðar þar sem mikið var í gangi á þessum tíma.



Með allt á hreinu

Fyrir vorið ákváðum við að hefja samstarf að nýju við Leikfélag Fjölbautarskóla Suðurnesja, Vox arena. Síðast tókst vel til og vorum við ánægð með það samstarf þannig að það var ekkert því til fyrirstöðu að taka upp samstarf að nýju. Fyrir valinu varð Stuðmannasmellurinn Með allt á hreinu og var mikil vinna lögð í það að finna handrit og tónlist. Á endanum var handrit skrifð uppá nýtt útfra bíómyndinni og tónlistina fengum við að láni frá Senu. Ákveðið var að ráða leikstjóra af svæðinu og varð Oddur Maggi, grunnskólakennari í Sandgerði, fyrir valinu. Þó svo að sýningin væri af mörgum talin ágæt, voru afar fáir sem mættu.

En framtíðin er björt hjá Leikféluginu, með áframhaldandi styrkingu á unglingsadeildinni, sem eru meðlimir framtíðarinnar. Planað er að fara í áframhaldandi vinnu á húsinu, en næst á dagskrá er sviðið, búningageymslan og baksíðs þar sem gólfefnið eyðilagðist þegar flæddi inn. Ég hvet alla til að taka þátt í þeirri vinnu.

Ég og stjórnin þökkum fyrir skemmtilegt leikár og vonumst til að halda áfram að gera leikhúsið okkar að okkar stolti.

### Leikfélag Kópavogs



Vegsummerki minninganna

*Fjölskylda 2.0***Fjölskylda 2.0**

Höfundur: Walter Wykes

Leikstjóri og þýðandi: Hörður Sigurðarson

Sýningafjöldi: 3

Þáttakendur: 2

Áhorfendafjöldi: 145

**Verann (í framboði)**

Höfundur: Hrefna Friðriksdóttir

Leikstjóri: Hörður Sigurðarson

Sýningafjöldi: 2

Þáttakendur: 2

Áhorfendafjöldi: 105



XXX

**XXX**

Höfundur: Jónína Leósdóttir

Leikstjóri: Hörður Sigurðarson

Sýningafjöldi: 3

Þáttakendur: 2

Áhorfendafjöldi: 145

**Vegsummerki minninganna**

Höfundur: Ann Wuehler

Leikstjóri og þýðandi: Hörður Sigurðarson

Sýningafjöldi: 2

Þáttakendur: 2

Áhorfendafjöldi: 105

**Vertu úti**

Höfundar: Gríma Kristjánsdóttir og leikhópurinn

Leikstjóri: Gríma Kristjánsdóttir

Sýningafjöldi: 3

Þáttakendur: 9

Áhorfendafjöldi: 126

**Örverk**

Höfundar og leikstjórar: Ýmsir

Sýningafjöldi: 1

Þáttakendur: 2

Áhorfendafjöldi: 16

**Hringurinn**

Höfundur: Hrefna Friðriksdóttir

Leikstjóri: Hörður Sigurðarson

Sýningafjöldi: 10

Þáttakendur: 12

Áhorfendafjöldi: 590

**Skýrsla stjórnar**

Einu viðburðarákasta ári í sögu leikfélagsins er að ljúka. Starfsemin hefur verið meiri en nokku sinni síðan við fluttum í Finalindina og gestakomur einnig tíðari en áður.

Í september og október stóð félagið fyrir tveimur námskeiðum. Rúnar Guðbrandsson hélt námskeið í leiktækni sem 6 manns skráðu sig á. Eitthvað kvarnaðist þó úr hópnum og því miður nýttist námskeiðið ekki eins og lagt var upp með sem var mikil synd enda Rúnar með afbrigðum öflugur kennari.

Þá hélt Hörður Sigurðarson byrjendanámskeið í leiklist og voru 7 þáttakendur á því. Að afloknu byrjendanámskeiði voru síðan settir upp fjórir leikþættir sem sýndir voru í nóvember undir heitinu Ferna. Tókust þeir vel og voru sýningarnar þrjár vel sóttar.

Unglingadeild félagsins setti upp nýtt heimasmíðað verk sem bar nafnið Vertu úti og var þar unnið upp úr íslenskum þjóðsögum og ævintýrum á nýstárlegan hátt. Eins og árið áður var Gríma Kristjánsdóttir leiðbeinandi hópsins og skilaði hún góðu starfi. Vertu úti var sýnt þrisvar sinnum við ágæta aðsókn.

Í desember var haldinn undirbúningsfundur fyrir stóra verkefni vetrarins. Var þar unnið út frá hugmynd frá Herði og Sváfni Sigurðarsonum og hafði verkið vinnuheiðið Hringurinn sem varð svo reyndar með tímanum heiti sýningarinna. Hugmyndavinna hafði þá staðið yfir í nokkra mánuði ásamt Hrefnu Friðriksdóttur sem skrifaði að lokum handrit sem unnið var eftir.

Æfingar hófust í byrjun janúar og frumsýnt var 26. febrúar. Tólf leikarar tóku þátt í sýningunni og þar af um helmingur sem hafði gengið í félagið þá um haustið. Auk þeirra komu margir aðrir að sýningunni, sumir nýir en einnig lögðu hönd á plóg gamlir félagar sem verið höfðu í löngu hléi. Hringnum var vel tekið og aðsókn þokkaleg. Sýnt var 7 sinnum í febrúar og mars en þá þurfti að gera hlé á sýningum meðan Leikfélag MK fékk inni í húsinu. Þrjár aukasýningar voru í maí en eins og stundum áður reyndist erfitt að ná upp dampi eftir hlé. Rúsinan í pylsuenda Hringsins var síðan er valnefnd Þjóðleikhússins útnefndi sýninguna Athyglisverðstu áhugaleiksýningu

árssins og bauð féluginu að sýna í þjóðleikhúsnu. Hringurinn verður sýndur í Kassanum fóstudaginn 22. júní næstkomandi. Ekki er þó víst að þar með sé ævintýrið úti því sýningunni hefur verið boðið á leiklistarhátið í Litháen í haust og eru allar líkur á að hópurinn fari þangað.



*Vertu úti*

Unglingadeild félagsins hafði ekki sagt sitt síðasta eftir Vertu úti, því í apríl hófust æfingar á leikþáttum undir stjórn Kristínar Rósar Birgisdóttur. Níu unglings taka þátt í því verkefni og verður afraksturinn sýndur fóstudaginn 8. júní.

Í maí hófst síðan höfundasmíðja undir stjórn Hrefnu Friðriksdóttur og sóttu það 7 upprennandi leikskáld úr féluginu. Þá hélt Hörður Sigurðarson aftur byrjendanámskeið í apríl og voru 8 þáttakendur á því.

Félagið hélt sína árlegu Stjörnuljósahátið fyrstu helgi eftir áramót og áttu félagsmenn þar afar ánægjulega kvöldstund þar sem ýmislegt var til skemmtunar svo sem leikþættir, uppistand og tónlist.

Ónefnt er síðan af verkefnum leikársins, leikverk sem sýnt var eftir aðalfund fyrir ári síðan þar sem 6 örverkum var steyppt saman í lauslega heild. Leikarar voru Erna Björk Einarsdóttir og Sigríður Björk Sigurðardóttir en Hörður Sigurðarson leikstýrði.



*Verann (í framboði)*

Starfsemi félagsins var eins og heyra má mikil á liðnu ári en auk þess hafa ýmsir gestir látið ljós sitt skína í húsinu. Fyrst er að telja Kvíkmyndaskóla Íslands sem hefur verið fastur gestur í húsinu undanfarin ár. Leikdeild skólans setti upp leiksýningu hjá okkur í desember og aftur nú í

maí. Samstarfið við Kvíkmyndaskólann er með miklum ágætum og ber þar hvergi skugga á.

Leikfélag MK kom inn í húsið í mars og hafði það til umráða í 3 vikur. Afar vel gekk með samstarfið í fyrra eins og áður hefur komið fram en því miður voru ýmsir misbrestir að þessu sinni. Frágangur var ekki með þeim hætti sem við vildum og greinileg þörf á því að taka skipulagið fastari tökum.

Stoppleikhópurinn hefur einnig verið gestur okkar í veturn. Upphaflega fengu þau inni til að æfa upp leikverkið Hústökuna eftir Hrund Ólafsdóttur sem er reyndar gamall félagi okkar. Að lokum varð ofan á að þau frumsýndu verkið í húsinu og sýndu í allt 4 sýningar.

Að framansögðu má sjá að leikhúsið hefur verið í notkun nánast daglega í allan veturn og oft og tíðum hafa allt að þrír hópar unnið þar samtímis. Utansviðs hefur einnig margt verið í gangi. Verið er að vinna að því að ljúka ýmsum frágangi í rafmagnsmálum sem beðið hefur óþægilega lengi. Þá hefur félagið einnig fjárfest umtalsvert í tækjabúnaði og þá aðallega ljósabúnaði. Keyptir voru svokallaðir Socapex kaplar sem auðvelda til muna alla vinnu við ljós og auk þess bættust 11 nýir kastarar í safnið. Þegar allt er talið hefur félagið keypt tækjabúnað fyrir á aðra milljón króna á árinu. Frekari tækjakup eru fyrirhuguð og má þar nefna loftræstikerfi sem mikil þörf er fyrir og einnig er fyrirhugað að fjölga ljósarásum með því að kaupa two sex rása dimmer-rekka. Smám saman er tækjabúnaður okkar því að komast í ásættanlegt horf og að ári eða tveimur liðnum ættum við að státa af einu best búna leikhúsi landsins miðað við stærð.



*Hringurinn*

Að lokum vill stjórn félagsins ljúka þessari skýrslu með því að rifja upp að eitt helsta markmið okkar á þessu leikári var að stækka leikhópinn og auka nýliðun og það hefur sannarlega tekist vel. Sést þess glögglega merki í ýmsum verkefnum okkar í veturn. Þó gott sé að vera vel tækjum búinn er það að sjálfsögðu fólkid sem er okkar helsta auðlind. Við þökkum nýjum sem eldri félagsmönnum fyrir skemmtilegt og gjöfult leikár og hlökkum til að hittast að nýju í haust.

*Hörður Sigurðarson*

## Leikfélag Mosfellssveitar



Hársprey

### Hársprey

Höfundur: Leslie Dixon

Leikstjórar: Agnes Wild og Sigrún Harðardóttir

Sýningafjöldi: 10

Þáttakendur: 40

Áhorfendafjöldi: 800

### Þorri og Þura

Höfundar og leikstjórar: Agnes Wild og Sigrún

Harðardóttir

Leikstjóri: Ólöf Þórðardóttir

Sýningafjöldi: 2

Þáttakendur: 3

Áhorfendafjöldi: 120



Öskubuska

### Öskubuska

Höfundur: Jewgeni Schwarz

Þýðandi: Eyvindur Erlendsson

Leikstjórar: Agnes Wild og Sigrún Harðardóttir

Sýningafjöldi: 2

Þáttakendur: 30

Áhorfendafjöldi: 90

## Stöllurnar og LM

Höfundur: María Guðmundsdóttir

Leikstjóri: Ólöf Þórðardóttir

Sýningafjöldi: 1

Þáttakendur: 23

Áhorfendafjöldi: 85

## Ævintýraferðin

Höfundar og leikstjórar: Agnes Wild og Sigrún

Harðardóttir

Sýningafjöldi: 1

Þáttakendur: 30

Áhorfendafjöldi: 90

## Töfralandið

Höfundar og leikstjórar: Agnes Wild og Sigrún

Harðardóttir

Sýningafjöldi: 1

Þáttakendur: 30

Áhorfendafjöldi: 50

## Mórar og meyar

Höfundur: María Guðmundsdóttir

Leikstjórar: Ólöf Þórðardóttir og Birgir Sigurðsson

Sýningafjöldi: 2

Þáttakendur: 9

Áhorfendafjöldi: 120



Verkstæði jólasveinanna

## Verkstæði jólasveinanna

Höfundur: Thorbjörn Egner

Þýðandi: Hulda Valtýsdóttir

Leikstjórar: Agnes Wild og Sigrún Harðardóttir

Sýningafjöldi: 6

Þáttakendur: 9

Áhorfendafjöldi: 460



Andlát við jarðarför

**Andlát við jarðarför**

Höfundur: Dean Craig

Leikgerð: Guðný María Jónsdóttir og María

Guðmundsdóttir

Leikstjóri: Guðný María Jónsdóttir

Sýningafjöldi: 10

Páttakendur: 23

Áhorfendafjöldi: 670

**Skýrsla stjórnar**

Stjórn var þannig skipuð: Ólöf A. Þórðardóttir, formaður, Dóra G. Wild, varaformaður, Brynhildur Sveinsdóttir, gjaldkeri, Eva Björg Harðardóttir, ritari, Hrefna Vestmann, Guðrún Esther Árnadóttir, Elva Hlína Harðardóttir og María Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri.

**Námskeið 2010–2011**

Haldin voru sumarnámskeið með sömu leiðbeinendum og árið áður. Námskeiðin enduðu öll með misstórum sýningum. Leiðbeinendur voru þau Agnes Þorkelsdóttir Wild, Sigrún Harðardóttir, Halldór Sveinsson og Elísabet Skagfjörð.

**Sýningar 2011–2012**

Lokaverkefni unglingsanna haustið 2011 var söngleikurinn Hársprey sem að gekk vel í sýningu.

Í nóvember var barnaleikritið Verkstæði jolasveinanna frumsýnt í leikstjórn Stefáns Bjarnarsonar. Einnig var í sýningunni lifandi tónlist og glæsilegir búningar unnir undir stjórn Evu Bjarkar Harðardóttur.

Andlát við jarðarför var frumsýnt í mars og var fjöldi þáttakenda yfir tuttugu. Leikstjórn var í höndum Guðnýjar Maríu Jónsdóttur.

**Listavor á bókasafninu**

Félagið tók að venju þátt í því í samvinnu við Tindatríóð og þetta árið voru fluttir stuttir frumsamdir leikþættir um hernámsárin í sveitinni þar sem tvinnuð voru inn lög frá þessum tíma á milli leikþáttta.

**17. júní**

Að venju sáum við um kynna á setningu hátíðarinnar uppi á Torgi. Leikfélagið var einnig með leikþætti á dagaskrá við Hlégarð.

**Kveikt á jólatrénu**

Fjöldi jolasveina og hyski á þeirra vegum sáu um að skemmta við þennan viðburð og dansa í kringum tréð. Sú nýbreytni var gerð í fyrra að dansað var í kringum jólatréð úti enda með eindænum gott veður, en ekki farið inn í Kjarnann eins og síðasta ár. Þetta mæltist vel fyrir bæði hjá ungviðinu og ekki síður hjá jolasveinum og þeirra hyski sem þykir oft ansi erfitt að aðlaga sig hitabreytingunum.



Ævintýraferðin

**Prettándinn**

Fjölmennasta verkefni okkar árlega og alltaf fylgjar í leikhópnum sem tekur þátt í þessu. Tröllabörn, álfar, jolasveinar, Grýla og Leppalúði létu sig ekki vanta þetta árið. Álfadrottningin var Brynhildur Sveinsdóttir.

**Afmælisvika LM**

Haldið var opið hús þrjá daga vikunnar með opinni æfingu, sirkussýningu og kennslu auk dagskrár með Tindatríónu.

**Árshátið leikfélagsins**

Árshátið var haldin í febrúar og tókst mjög vel með frábærum veislustjórum sem voru innanbúðarfólk.

**Dagur listaskólans**

Dagur listaskólans var að venju haldinn og í ár var sýning á Andláti við jarðarför sýnd á degi Listaskólans.

**LM og stöllurnar**

Við tókum þátt í sýningu með Stöllunum sem er kennakór í Mosfellsbæ með stuttum leikþáttum á milli söngatriða.

Staða LM er mjög góð og hefur mikil vinna verið lögð í húsnæðið en við erum ekki búin og það liggur fyrir að við þurfum að fara í rafmagnið og verður leitað tilboða í þá viðgerð og einnig í það að skipta um gólfefni í forstofu og á salernum.

## Leikfélag Ólafsfjarðar

### Sex í sveit

Höfundur: Marc Camoletti

Leikstjóri: Saga Jónsdóttir

Þýðandi: Gísli Rúnar Jónsson

Sýningafjöldi: 6

Þáttakendur: 10

Áhorfendafjöldi: 687

### Skýrsla stjórnar

Upphaflega var ætlunin hjá okkur að setja upp barnaleikrit og þá með Guðmund Ólafsson sem leikstjóra. En vegna anna hjá honum sá hann sér ekki fært að starfa fyrir okkur. Benti hann okkur þá á Sögu Jónsdóttur sem sampykkti að koma og starfa með okkur. Var gaman að fá hana til liðs við okkur og mælum við eindregið með henni því hún er frábær leikstjóri. Er þetta hennar fyrsta uppsetning hjá Leikfélagi Ólafsfjarðar. Í fyrstu vorum við enn með barnaleikrit í huga en það breyttist fljótlega og var ákveðið að taka farsann Sex í sveit.



*Sex í sveit*

EKKI GEKK NÚ ÞRAUTALAUST AÐ FINNA LEIKARA HJÁ OKKUR OG VAR ÞA ÁKVEÐIÐ AÐ LEITA TIL NÁGRANNAFÉLAGANNA Á DALVÍK OG SIGLUFIRÐI SEM ER AÐ VÍSU Í OKKAR BYGGÐARLAGI. GEKK ÞAÐ VONUM FRAMAR OG FRÁ DALVÍKINN FENGUM VIÐ DÖNU JÓNU SVEINDÓTTUR SEM HEFUR STARFAÐ OG LEIKIÐ MIKIÐ FYRIR LEIKFÉLAG DALVÍKUR. HÚN ER AÐ VÍSU ÓLAFSFIRÐINGUR OG VAR GAMAN AÐ FÁ HANA TIL LIÐS VIÐ OKKUR Í ÞETTA SENN. OG FRÁ LEIKFÉLAGI SIGLUFJARÐAR VAR ÞAÐ DANIEL PÉTUR DANIELSSON EN HANN HEFUR EINNIG STARFAÐ TÖLUVERT FYRIR SITT FÉLAG. Í FRAMTIÐINN HELD ÉG AÐ ÞESSI TVÓ FÉLÖG MUNU SAMEINAST EN HVENÆR ÞAÐ VERÐUR ER ERFITT AÐ SPÁ UM. UNA MATTHILDUR EGGERTSDÓTTIR VAR AÐ STÍGA SÍN FYRSTU SPOR Á SVIÐI OG ER ÞAÐ MAT MANNA AÐ HÚN HAFI STAÐIÐ SIG MJÖG VEL OG KOMI TIL MEÐ AÐ VERA MEÐ OKKUR AFTUR. GUNNAR ÁSGRÍMSSON VAR MEÐ OKKUR Í ANNAÐ SENN EFTIR LANGT HLÉ, EINNIG SIGMUNDUR AGNARSSON SEM VAR AÐ LEIKA MEÐ OKKUR Í ANNAÐ SENN.

Frumsýnt var 5. apríl og sýndum við stykkið sex sinnum, var okkur mjög vel tekið og fengum við mikið klapp og mikinn hlátur. Er það að heyra á tali manna í bænum og nágrannabæjunum að vel hafi tekist og erum við rosa grobbin af því. Eins og flestir vita er ekkert grín að setja upp farsa þar sem hraði og látbragð er ráðandi og svo að vita hvenær að stoppa og bíða meðan hlátur gengur yfir.

Og ekki má stoppa of lengi.

Færum við hjá Leikfélagi Ólafsfjarðar öllum þeim sem léku, störfuðu og styrktu okkur kærar þakkir fyrir vel unnin störf og hlökkum til að sjá þau á næstu leikvertið.

*Puriður Sigmundsdóttir formaður*

## Leikfélag Ólafsvíkur

### Blessað barnalán

Höfundur: Kjartan Ragnarsson

Leikstjóri: Gunnsteinn Sigurðsson

Sýningafjöldi: 3

Þáttakendur: 12

Áhorfendafjöldi: 314

### Skýrsla formanns

Leikfélag Ólafsvíkur setti upp eitt stórt leikverk á starfsárinu 2011–2012 og tók þátt í þorrablóti, kúttmagakvöldi og jólastemningu í Pakkhúsini.

Jólastemningin í Pakkhúsini gekk út á að félagar úr leikféluginu komu og lásu sögu og síðan kíkti jólasveinninn í heimsókn. Gekk það verkefni mjög vel og almenn ánægja bæjarbúa með þessa nýbreytni.



*Blessað barnalán*

Á KÚTTMAGAKVÖLDINU SÁU FÉLAGAR ÚR LEIKFÉLAGINU UM AÐ EELDA MAT OG UM SKIPULAGNINGU ÁSAMT ÖDRUM FÉLAGASAMTÖKUM.

Þorrablót er árlegur viðburður hér í Ólafsvík og hefur leikfélagið tekið þátt í því ásamt öðrum félagsamtökum. Í ár tóku fimm félagar úr leikféluginu þátt.

Í byrjun janúar á þessu ári hittist stjórnin og var ákveðið að taka fyrir leikverkið Blessað barnalán eftir Kjartan Ragnarsson. Æfingar hófust í byrjun febrúar og var það Gunnsteinn Sigurðsson sem sá um leikstjórn. Á ymsu gekk við að manna leikritið en að endingu tókst það. Er óhætt að segja að sýningin gekk glimrandi vel og fékk mjög góðar viðtökur áhorfenda. Voru sýndar þrjár sýningar og áhorfendur vel yfir 300 manns sem er mjög gott.

Næsta verkefni er að halda aðalfund í lok ágúst og verða verkefni vetrarins skoðuð í framhaldi af því.

*Gunnsteinn Sigurðsson, formaður*

## Leikfélag Patreksfjarðar



Tíu þjónar og einn í sal

### Tíu þjónar og einn í sal

Höfundar: Ingrid Jónsdóttir og leikhópurinn

Leikstjóri: Ingrid Jónsdóttir

Sýningafjöldi: 2

Þáttakendur: 12

Áhorfendafjöldi: 150

## Skýrsla stjórnar

Stjórn félagsins er þannig skipuð: formaður er Kristín Pála Sigurðardóttir, gjaldkeri þrostur Guðnason, ritari Berglind Kristinsdóttir og meðstjórnendur Sigfús Davíðsson, Ómar Smári Jónsson og Guðni G. Kristinsson.

Á haustdögum 2011 fórum við í það verk að æfa Vodka-kúrinn. Fengum til liðs við okkur Ólaf Jens Sigurðsson til að leikstýra. Nú leikarar komu að sýningunni í ellefu hlutverkum. Frumsýnt var 13. nóvember í Njálshús og sýndar 7 sýningar með 480 áhorfendum. Urðum við þeirrar ánægju aðnjótandi að fá höfund verksins til okkar á frumsýningu, hana Kristlaugu Maríu Sigurðardóttur (Kikku), sem og leikarana 2 sem sýndu verkið í Austurbæ, þau Helgu Brögu og Stein Ármann.

Eftir áramót gerðum við í fyrsta skipti tilraun með að vera með barnastarf fyrir krakka í 5.–10. bekk. Fengum við rúmlega 30 krakka. Magnús J. Magnússon tók að sér að hafa hemil á liðinu og kenna þeim undirstöðuatriði. Svo var sett upp leikrit, sem heitir Ný byrjun og er eftir einn meðlim félagsins, Guðna G. Kristinsson. Ný byrjun fjallar um einelti og áhrif þess á þann sem verður fyrir því. Notuð var lifandi tónlist sem krakkarnir sáu um líka. Sýndar voru 2 sýningar í menningarsal Oddakirkju á Hellu fyrir fullu húsi eða um 250 manns.

*Kristín Pála Sigurðardóttir, formaður*

## Leikfélag Rangæinga

### Vodkakúrinn

Höfundur: Kristlaug María Sigurðardóttir

Leikstjóri: Ólafur Jens Sigurðsson

Sýningafjöldi: 7

Þáttakendur: 28

Áhorfendafjöldi: 483



*Vodkakúrinn*

### Ný byrjun

Höfundur: Guðni G. Kristinsson

Leikstjóri: Magnús J. Magnússon

Sýningafjöldi: 2

Þáttakendur: 37

Áhorfendafjöldi: 195

## Leikfélag Reyðarfjarðar

### Í hers höndum


Höfundar: Gunnar Ragnar Jónsson og Þórður Vilberg Guðmundsson

Leikstjórar: Leikhópurinn

Sýningafjöldi: 2

Þáttakendur: 20

Áhorfendafjöldi: 337



*Baðstofan*

### Baðstofan

Höfundur og leikstjóri: Gunnar R. Jónsson

Sýningafjöldi: 6

Þáttakendur: 17


Áhorfendafjöldi: 411

## Skýrsla formanns

Í júní hófst æfingar á Í hers höndum. Verkið var skrifað af formanni og gjaldkera félagsins og hugsað sem innlegg inn í samstarfsverkefni sveitarfélagsins og leikfélagsins sem hefur að gera með Stríðsárasafnið á Reyðarfirði. Verkið var frumsýnt á hernámsdaginn þann 1. júlí og önnur sýning til viðbótar þann 2. júlí. Atriði úr sýningunni hafa síðan verið sett upp inni á Stríðsárasafninu á Reyðarfirði og er enn frekara framhald á slíku fyrirhugað.

Á skemmtun Fjarðabyggðar þann 17. júní sýndi félagið brot úr í hers höndum. Þá tók félagið að sér sjóræningjratteik sem var liður í gönguviku í Fjarðabyggð.

Í ágúst hófst undirbúninngur vetrarins. Í nóvember tók félagið að sér leiðsögn í smiðjuvinnu Kuldabola sem er samstarfsverkefni allra félagsmiðstöðva á Austurlandi. Tóku nokkrir ungligar þátt í dagsvinnu þar sem þau fóru í gegnum örnamáskerið auk þess sem þau þróuðu og æfðu upp stuttan leikþátt sem sýndur var á kvöldvöku um kvöldið.



Í hers höndum

Í nóvember hófst æfingar á Baðstofunni sem formaður félagsins skrifaði fyrir félagið í náinni samvinnu við leikhópinn. Æfingar stóðu til jóla og hófst síðan af nýjum krafti í janúar. Formaður félagsins leikstýrði að mestu en sú nýlunda varð í starfi félagsins að tveir menn voru fengnir til ráðgjafar við leikstjórn verksins. Með því móti var unnt að halda kostnaði innan þeirra marka að sýningin var ekki sýnd með tapi á sama tíma og gæði hennar jukust. Voru þetta þeir Jakob S. Jónsson, leikstjóri og Pétur Ármannsson, leikari. Gaf þetta góða raun. Sýnt var sex sinnum og var sýningunni vel tekið.

Ákveðið var að kaupa leikstjóra til þess að halda nám-

skeið fyrir félagsmenn. Í desember kom Jakob S. Jónsson austur og hélt 20 tíma námskeið og kláruðu 10 félagsmenn námskeiðið.

Í febrúar bauð leikfélagið yngstu fjórum árgögnum Grunnskóla Reyðarfjarðar og elsta árgangi Leikskólans Lyngholts á Reyðarfirði í heimsókn í Félagslund þar sem þau voru leidd um leikhúsið og svíðsmynd Baðstofunnar. Tókst nokkuð vel til og er ljóst að áframhald verður á slíku.

Auk ofangreinds hefur leikfélagið að mestu haldið þeirri reglu frá síðasta starfsári að hittast á tveggja vikna fresti til skrafs og ráðagerða utan æfingatímabila. Er það álit stjórnar félagsins að slíkir fundir skipti sköpum í starfi þess og stuðli að einingu félagsmanna og viðgangi félagsins.

## Leikfélag Sauðárkróks

### Allt í plati

Höfundur: Þróstur Guðbjartsson

Leikstjóri: Íris Baldvinssdóttir

Sýningafjöldi: 11

Þátttakendur: 25

Áhorfendafjöldi: 832



Tveir tvöfaldir

### Tveir tvöfaldir

Höfundur: Ray Cooney

Leikstjóri: Ingrid Jónsdóttir

Sýningafjöldi: 14

Þátttakendur: 25

Áhorfendafjöldi: 893

Nýtt leikár hófst formlega 1. júní 2011 og var aðalfundur haldinn 9. júní 2011.

Ný stjórn var kosin og var á fyrsta stjórnarfundi strax eftir aðalfund skipuð þannig: Sigurlaug Dóra Ingimundardóttir, formaður, Hanna Bryndís Þórisdóttir, varaformaður, Sigrún Heiða Pétursdóttir, gjaldkeri, Rakel Rögnvaldsdóttir, ritari, Agnes Skúladóttir, meðstjórnandi.

Í varastjórn sátu Hjörtur Gunnarsson, Sigurlaug Vordís Eysteinsdóttir og Sigurveig Dögg Þormóðsdóttir.

Gísli Þór Ólafsson tók við umsjón heimasíðu LS.

11. júní 2011 voru gömlu stjórninni þökkuð vel unnin störf og nýja stjórnin boðin velkomin til starfa með því að hópurinn fór saman út að borða og á leiksýninguna Hárið á Akureyri.

Félagið sá um brúðuleikhús 18. júní á Jónsmessuhátíð í Hofsós og var það Rakel Rögnvaldsdóttir sem hélt utan um það.



Allt í plati

Á haustdögum réðum við svo Írisi Baldvinsdóttur sem leikstjóra fyrir haustverkefnið sem var leikritið Allt í Plati eftir Þróst Guðbjartsson. Æfingar hófust 11. september og gekk æfingatímabilið vel og var leikritið frumsýnt 26. október 2011. Leikritið var sýnt 10 sinnum í Bifröst en svo var farið í leikferð á Hvammstanga með sýninguna og 11. sýning sýnd þar. Leikferðin var þó nokkur vinna því að farnar voru 3 ferðir á Hvammstanga á jafnmögum dögum, fyrist til að skoða, svo til að setja upp leikmynd og svo var komið að því að sýna og er óhætt að segja að frumsýningarskjálfti hafi komið í hótinn á lokasýningunni þetta haustið en á móti kom að við fengum virkilega góðar móttökur og ferðin var bæði lærðomsrík og skemmtileg. Alls komu 832 áhorfendur og um 25 manns komu að sýningunni innan svíðs sem utan.

Laugardaginn 26. nóvember mættu fimm LS-jólasveinar þegar kveikt var á jólatrénu hér í bæ. Eftir það má segja að rígt hafi inn tilboðum sem við gátum því miður ekki annað öllum, en þó náðu fjórir LS-jólasveinar að fara á litlu jól leikskólans Ársala og brugðu sér þá einnig í heimsókn á yngra stig Árskóla.

16. mars fór LS-stjórn út að borða og á leiksýninguna Nei ráðherra í Hofi á Akureyri.

Þá var komið að því að skella sér í Sæluvikustykki. Sunnudaginn 11. mars var haldinn startfundur, búið var að ráða Ingrid Jónsdóttur sem leikstjóra og fyrir valinu varð Ray Cooney-farsinn Tveir tvöfaldir, í þýðingu Árna Ibsen. Leiktímabilið gekk vel þrátt fyrir smá hnökra í byrjun en leikhópurinn lagði mikla vinnu á sig og æfingar voru mjög þéttar, sérstaklega hjá þeim sem voru með stærstu hlutverkin, en allt hafðist þetta enda mjög góður andi í leikhópnum. Frumsýnt var á réttum tíma eða á byrjunardegi Sæluviku, 29. apríl sl. Leikritið fékk mikið lof og hrós frá leikhúsgeistum og var sýnt alls 14 sinnum fyrir 893 áhorfendur.

Sömu helgi og frumsýningin var, það er að segja 28.–29. apríl, tók leikfélagið þátt í atvinnulíffssýningunni, básinn var skreyttur með búningum og leikmunum og miðar seldir á Sæluvikustykkið og tókst það vel og var gaman.

11. mars, sama dag og startfundur var, hitti stjórn LS

einnig þá Guðbrand Ægi, Árna Gunnarsson og Geirmund Valtysson á öðrum fundi og ræddi við þá handritaskrif vegna vorverkefnis LS 2013. Byrjað er að skrifa handritið og hefur leikfélagið fengið styrk frá Menningarráði vegna þess verkefnis og er það allt í vinnslu.

Leikfélagið var svo beðið að koma fram á Sjávarsælu 2012, 2. júní sl., sem það gerði og sýndur var bútur úr Tveimur tvöföldum, eða frá byrjun leikritsins fram að skiptingu. Það gekk bara nokkuð vel og var hópnum boðið á skemmtunina í staðinn.

Stjórn Leikfélags Sauðárkróks þakkar öllum fyrir skemmtilegt leikár og hlakkar til að takast á við nýtt leikár sem er upppfullt af skemmtilegum verkefnum. Er það von okkar í stjórn leikfélagsins að þátttaka verði áfram góð því án ykkar gengur þetta ekki upp.

## Leikfélag Selfoss



Sólarferð

### Sólarferð

Höfundur: Guðmundur Steinsson

Leikstjóri: Rúnar Guðbrandsson

Sýningafjöldi: 15

Þátttakendur: 28

Áhorfendafjöldi: 922

### Ástarævintýrið

Höfundur: Sigríður Lára Sigurjónsdóttir

Leikstjóri: F. Elli Hafliðason

Sýningafjöldi: 1

Þátttakendur: 4

Áhorfendafjöldi: 100

### Óhlýðni

Höfundar: Leikhópurinn

Leikstjóri: Bogi Pétur Arason

Sýningafjöldi: 1

Þátttakendur: 4

Áhorfendafjöldi: 80

### Allt í klandri

Höfundar: Leikhópurinn

Leikstjóri: Bogi Pétur Arason

Sýningafjöldi: 1

Þáttakendur: 5

Áhorfendafjöldi: 80

### Sandkassaleikur

Höfundur og leikstjóri: F. Elli Hafliðason

Sýningafjöldi: 1

Þáttakendur: 2

Áhorfendafjöldi: 80

### Sketch

Höfundar: Radíusbræður

Leikstjórar: Leikhópurinn

Sýningafjöldi: 1

Þáttakendur: 4

Áhorfendafjöldi: 40



*Leitin að Stúfi*

### Leitin að Stúfi

Höfundur og leikstjóri: F. Elli Hafliðason

Sýningafjöldi: 1

Þáttakendur: 4

Áhorfendafjöldi: 40

### Svo má böl bæta

Höfundur og leikstjóri: Davíð Kristjánsson

Sýningafjöldi: 1

Þáttakendur: 3

Áhorfendafjöldi: 60

### Drakúla

Höfundur: Woody Allen

Þýðandi: Guðfinna Gunnarsdóttir

Leikstjóri: Sigurgeir Hilmar Friðþjófsson

Sýningafjöldi: 1

Þáttakendur: 6

Áhorfendafjöldi: 60



*Vinarþel*

### Vinarþel

Höfundur: F. Elli Hafliðason

Leikstjóri: Guðfinna Gunnarsdóttir

Sýningafjöldi: 1

Þáttakendur: 3

Áhorfendafjöldi: 60

### Á eyðieyju

Höfundur: Hlynur Þór Róbertsson

Leikstjóri: Sigríður Hafsteinsdóttir

Sýningafjöldi: 1

Þáttakendur: 4

Áhorfendafjöldi: 60

### Peningarnir sem urðu að steinum

Höfundur: Finnur Hafliðason

Leikstjórar: Sigrún Sighvatsdóttir og Stefán Ólafsson

Sýningafjöldi: 1

Þáttakendur: 4

Áhorfendafjöldi: 60



*Rúi og Stúi*

### Rúi og Stúi

Höfundar: Skúli Rúnar Hilmarsson og Örn Alexandersson

Leikstjóri: F. Elli Hafliðason

Sýningafjöldi: 10

Þáttakendur: 29

Áhorfendafjöldi: 654

## Skýrsla stjórnar

Á sínum fyrsta fundi skipti stjórn með sér verkum. F. Elli Haflidason var skipaður varaformaður, Gerður H. Sigurðardóttir gjaldkeri, Sigríður Hafsteinsdóttir ritari og Svanhildur Karlsdóttir meðstjórnandi. Í varastjórn sáu Erla Dan Jónsdóttir, Kristrún Jónsdóttir og Finnur Haflidason. Formaður er Sigrún Sighvatsdóttir. Þrjátíu stjórnarfundir voru haldnir á leikárinu.

Við tókum þátt í Vor í Árborg um miðjan maí, þar vorum við með opið hús og Hugarflug.

Aðalfundur Bandalags íslenskra leikfélaga var haldinn í Mosfellsbæ og fóru nokkrir félagar þangað. Einþáttungahátið fór fram kvöldið áður og sýndum við þrjú verk sem öllum var vel tekið og fengu góða umsögn hjá gagnrýndum hátiðarinnar.

Tveir stjórnarmenn fóru á fund um gagnrýnisjóðinn en við höfum verið með í honum frá stofnun hans. Þar var rætt um mikilvægi sjóðsins, kosti og galla og nauðsyn þess að gagnrýnandi hafi ákveðin atriði í huga við skrif sín.

Leikfélagið festi kaup á gámi á góðu verði og fékk hann staðsetningu hjá Bjarna í Túni. Gámur þessi á eftir að koma að góðum notum þar sem hann er aðallega ætlaður undir geymslu á leikmyndum og öðrum munum.

Leikhúsnámskeið fyrir börn voru haldin í sumar og gengu mjög vel. Vegna góðrar aðsóknar var einu námskeiði bætt við þannig að þau urðu þrjú. Umsjónarmenn voru Íris Árný Magnúsdóttir og Gerður H. Sigurðardóttir.

Í júní sóttu sex félagar námskeið í Leiklistarskóla Bandalags íslenskra leikfélaga að Húnavöllum.



Peningarnir sem urðu að steinum

Í september var haldinn haustfundur þar sem starf vetrarins var kynnt. Reuninon Leiklistarskóla Bandalagsins var haldið hér í september og var fámennt og góðmennt. Laugardagskaffi fór af stað en sjaldnar var hægt að halda það í vetur en oft áður þar sem mikil önnur starfsemi var í gangi í húsinu.

Ákveðið var að setja upp barnasýningu að hausti og varð leikverkið Rúi og Stúi fyrir valinu. Leikstjóri var heima-maðurinn F. Elli Haflidason. Margir mættu á fyrsta samlestur en átta fengu hlutverk. Frumsýnt var 21. október og gengu sýningar ljómandi vel. Sýndar voru 10 sýningar og komu 654 áhorfendur. Stjórnin var afar ánægð með hvernig til tókst.

Í tengslum við Menningarmánuðinn október á vegum Sveitarfélagsins Árborgar fóru félagar og leiklásu atriði úr Brú til betri tíðar í Tryggvaskála við mikinn fögnuð viðstaddir. Sigurgeir Hilmar Friðþjófsson var fenginn til að vera umsjónarmaður verksins og var þetta gert að beiðni

menningarnefndar Sveitarfélagsins Árborgar í tilefni af 120 ára afmæli Ölfusárbrúar.

Fyrirspurn barst til okkar frá æskulýðssstarfi Selfosskirkju hvort við gætum aðstoðað við að setja upp leikverk í fjölskyldumessu og var orðið við því.

Hugarflug var haldið í nóvember en þar stigu á svið bæði ungir og gamlir, nýir og eldri leikarar. Um það bil 60 gestir komu og tókst vel til. Umsjónarmenn voru Kristrún Jónsdóttir og Erla Dan Jónsdóttir.



Drakúla

Formaður og varaformaður funduðu í nóvember með þremur mönnum frá Sveitarfélagini Árborg, menningar- og tómstundafulltrúanum, yfirmanni bygginga- og veituvíðis og umsjónarmanni fasteigna. Tilgangur fundarins var að fara yfir hvað þarf að gera fyrir leikhúsið okkar. Ætlunin er að gera framkvæmdaætlun en henni er ólokið.

Jóladagskrá var haldin 15. desember og tókst hún mjög vel. Þar var m.a. frumflutt leikverk eftir F. Ella Haflidason, Leitin að Stúfi, sem síðan var farið með í einn leikskóla og í jólagarðinn hjá Sveitarfélagini Árborg.

Rúnar Guðbrandsson var ráðinn til að leikstýra eftir áramótin. Farið var af stað með samlestra-„workshop“ fyrstu helgina í desember þar sem unnið var með þrjú hugsanleg leikverk og var mæting góð, alls mættu 14 manns. Endanlegur leikhópur hittist síðan í janúar og fór af stað í vinnu með verkið Sólárferð eftir Guðmund Steinsson. Frumsýnt var 24. febrúar og voru sýndar 15 sýningar sem 922 áhorfendur sáu. Sýningin gekk mjög vel, fékk góða dóma og gott umtal. Mikil ánægja var með störf Rúnars.

Sjónvarpsstöðin N4 kom við hjá okkur á leið sinni um Suðurland með þáttinn Áttavítann. Fjallað var um leikfélagið og sýninguna Sólárferð.

Gerður H. Sigurðardóttir skrifaði lokaritgerð til BA-gráðu í þjóðfræði um Leikfélag Selfoss og hefur leikfélagið fest kaup á ritgerðinni.

Sigrún Sigurðardóttir óskaði eftir samtarfi við leikfélagið vegna verkefnis sem hún er að vinna fyrir Listahátið. Gekk það afar vel. Hún fékk aðstöðu hér í leikhúsinu og brugðust félagar vel við þeirri beiðni enda um mjög skemmtilegt verkefni að ræða.

Stefnt er að þátttöku í Vor í Árborg um miðjan maí þar sem boðið verður upp á opið hús og Hugarflug.

Það hefur verið mikið um að vera hjá Leikfélagi Selfoss í vetur og mikið af nýju fólkii hefur komið til starfa með okkur. Framundan eru spennandi verkefni sem bíða nýrrar stjórnar.

## Leikfélag Seyðisfjarðar



Pelíkaninn

### Pelíkaninn

Höfundur og leikstjóri: Ágúst T. Magnússon

Sýningafjöldi: 5

Þáttakendur: 34

Áhorfendafjöldi: 265

## Leikfélag Sólheima, Grímsnesi



Kardemommubærinn

### Kardemommubærinn

Höfundur: Torbjörn Egner

Þýðendur: Hulda Valtýsdóttir og Kristján frá Djúpalæk

Leikstjóri: Þórny Björk Jakobsdóttir

Sýningafjöldi: 6

Þáttakendur: 34

Áhorfendafjöldi: 850

### Skýrsla stjórnar

Samkvæmt venju var frumsýnt leikrit á sumardaginn fyrsta. Verkið sem sýnt var, var Kardimommubærinn eftir Thorbjörn Egner. Var samið við Þórnyju Jakobsdóttur að

sjá um leikstjórn og einnig að leika með okkur.

Æfingar byrjuðu í lok janúar og mjakaðist okkar vinna á okkar hraða. Þegar kom að því að syngja þau lög sem eru í leikritinu, þá kom það í ljós að við þyrftum að gera einhverjar breytingar þar og var Lárus Sigurðsson fenginn í það verkefni. Hann endurskrifaði allar nótur, hækkaði og lækkaði tónategundir og endurútsetti fyrir önnur hljóðfæri. Æfingarnar fóru vel fram og allt þetta gekk upp að endingu. Þess ber að geta, og þakka fyrir, að við fengum nokkra nemendur úr Kerhólsskóla til að vera með okkur í þessu verki og þökkum við foreldrum fyrir lánið á þeirra börnum.

Vill stjórn leikfélagsins þakka þeim góðu höndum sem lögðu hönd á plág og einnig mökum sem heima voru, meðan maki þeirra var á æfingum eða sýningum!

Enginn komst á aðalfund BÍL þetta árið, þar sem að við vorum að sýna um sömu helgi og fundurinn var.

Annað markvert var ekki að gerast hjá Leikfélagi Sólheima á árinu 2012.

Sölvi B. Hilmarsson, formaður

## Leikfélag Vestmannaeyja

### Ronja ræningjadóttir

Höfundur: Astrid Lindgren

Þýðendur: Þorleifur Hauksson og Böðvar Guðmundsson

Leikstjóri: Þróstur Guðbjartsson

Sýningafjöldi: 7

Þáttakendur: 42

Áhorfendafjöldi: 828

### Banastuð

Höfundur og leikstjóri: Guðjón Þorsteinn Pálmarsson

Sýningafjöldi: 10

Þáttakendur: 31

Áhorfendafjöldi: 938

### Skýrsla formanns

Ný stjórn Leikfélags Vestmannaeyja var kosin í byrjun júní 2011 undir formennsku Antons Arnar Eggertssonar. Ásta Steinunn Ástþórssdóttir, Viktor Rittmüller, Birkir Högnason, Birgir Nielsen, Heiða Marinósdóttir og Vilborg Sigurðardóttir settust í stjórn ásamt Antoni. Hófst í kjölfarið hefbundið sumarstarf með skemmtunum á borð við Sjómannadaginn, 17. júní og Goslokahátið. Leikrar úr Mamma Mia! Séns á skrens, ásamt hljómsveitinni, tróðu svo upp á kvöldvöku á sunnudagskvöldi þjóðhátiðar. Skömmu fyrir aðalfund gaf félagið út veglegt afmælisrit sem fór vel yfir 100 ára sögu félagsins í malí og myndum. Var afmælisritinu dreift frítt til allra heimila í Vestmannaeyjum. Í byrjun september réð félagið Þróst Guðbjartsson til þess að leikstýra Ronju Ræningjadóttur og hófust æfingar í kjölfarið með 24 manna leikhóp. Birgir Nielsen tók við formennsku á aukaaðalfundi í september þegar Anton Örn fluttist frá Vestmannaeyjum. Var Arnar Smári Gústafsson einnig kosinn í hópinn á fundinum.

Jórunn Lilja Jónasdóttir og Birkir Högnason stóðu fyrir styrktartónleikunum Hljóð í Leikhúsið þann 24. sept-

ember, þar sem um 50 gamlir og nýir félagar í Leikfélagi Vestmannaeyja komu fram og fluttu lög úr sögu félagsins. Tilgangurinn var að safna fyrir nýju hljóðkerfi. Um 400 manns sóttu tónleikana og safnaðist rúm miljón króna. Festi félagið í kjölfarið kaup á nýju kerfi en Vestmannaeyjabær greiddi það sem upp á vantaði.



Ronja ræningjadóttir

Vestmannaeyjabær ákvað í byrjun vetrar að leikfélagið skildi fá afnot af öllu húsinu við Heiðarveg og var því félagið eini aðilinn sem notar húsið, sem er 3 hæðir. Skapaði þetta félaginu algerlega nýtt starfsumhverfi til æfinga, námskeiðshalda o.s.frv.

Fyrstu helgina í október voru sýndar tvær aukasýningar af Mamma Mia! Séns á skrens frá því um vorið og voru salirnir fullir. Það voru 20. og 21. sýning á verkinu og sló það því 25 ára gamalt aðsóknarmet Oklahóma og var þetta í fyrsta sinn í áratugi sem sýningar voru teknar upp að nýju á öðru leikári.

Ráðist var í veglega útgáfu á tvöföldum geisladiski með lögum úr Konungi Íjónanna og Mamma Mia! Séns á skrens, sem tekinn var upp í Island Studios og Studio Stefson um sumarið. Platan var gefin út í 1000 eintökum.

Pann 24. október féll einn máttarstólpí félagsins til margra ára og heiðursfélagi, Sigurgeir Scheving, frá eftir erfið veikindi. Stóðu félagar úr Leikfélagi Vestmannaeyja heiðursvörð við útför hans stuttu síðar. Stjórn og félagar bakka Sigurgeiri samfylgdina gegnum árin.

Ronja Ræningjadóttir var frumsýnd í byrjun nóvember og hlaut sýningin mikið lof gagnrýnanda Fréttu. Sýningin var klassísk og sýndar voru 7 sýningar fram í byrjun janúar. Á meðan á sýningum stóð hélt Haraldur Ari Karlsson tvö leiklistarnámskeið fyrir 4.–6. bekk sem voru gríðarlega vel

sótt. Þá var um svipað leiti gerð tilraun með að ráða framkvæmdastjóra inn í húsið, tímabundið til þriggja mánaða, og var Birkir Högnason ráðinn. Um var að ræða 50% starf. Tilgangurinn var að efla starfsemi í húsinu með ýmsum hætti og vinna að samningum við fyrtækni um styrki. Var námskeiðshald á vegum félagsins einn þessara þátta. Tilraunin gekk vel og var starfið framlengt um mánuð.



Banastuð

Breytingar urðu í stjórn félagsins um áramótin þegar Ásta Steinunn Ástþórsdóttir og Arnar Smári Gústafsson létu af störfum og kom Jórunn Lilja Jónasdóttir inn að beiðni stjórnar.

Upp úr miðjum janúar 2012 réð félagið Guðjón Þorstein Pálmarsson, Denna, til starfa og ákveðið var að setja upp söngleikinn Banastuð. Söngleikurinn er byggður á þremur gömlum hryllingsmyndum, Evil Dead, en hugmyndin er erlend. Var verkið staðfært á Vestmannaeyjar og vakti það mikla lukku áhorfenda þegar það var frumsýnt í byrjun apríl. 10 sýningar voru sýndar af Banastuði fram yfir miðjan maí og var almenn ánægja með uppsetninguna í bæjarsamfélaginu.

Samhlíða æfingum og sýningum á Banastuði settu Zindri Freyr Ragnarsson og Birkir Högnason upp 14 vikna námskeið með börnum úr 5. og 6. bekk. 24 börn tóku þátt í námskeiðinu sem endaði með sýningum á klukkustundarlangri útfærslu af Galdrakarlinum í Oz. Voru sýndar 5 sýningar af verkinu í maí og var þetta í fyrsta sinn í áratugi sem tvö leikrit voru í sýningu á sama tímabili á sviði félagins.

Á vormánuðum 2012 var ákveðið að fara af stað með tilraunaverkefnið „Leikur að menningu“ þar sem börn á grunnskólaaldri voru viku í senn yfir sumarmánuðina með skipulagða dagskrá frá mánudegi til föstudags. Þá

sömdu þau sjálf leikrit tengt sögu Vestmannaeyja, og sáu um allt sem viðkom uppfaerslu, búningahönnun, sviðsvinnu o.s.fr. Einnig var lögð áhersla á hollt mataræði fyrir börnin. Hverju vikulegu námskeiði lauk síðan með útskrift á föstudegi þar sem þau sýndu gestum og gangandi verk sitt, annað hvort undir berum himni eða á mismunandi stöðum í bænum. Þetta vakti mikla lukku og vonir standa til að halda þessu verkefni áfram næsta sumar. Verkefnið var styrkt af Menningarmálaráði Suðurlands ásamt Vestmannaeyjabæ.

Leikfélag Vestmannaeyja var síðan vorið 2012 útnefnt Bæjarlistamaður Vestmannaeyja og tóku þau Viktor Rittmüller og Heiða Marinósdóttir við farandstyttu og styrk af því tilefni við hátíðlega athöfn.

Hefbundið sumarstarf hófst svo með sjómannadags-helginni í byrjun júní en það voru börn af vornámskeiði sem báru sumarstarfið uppi að þessu sinni með miklum sóma. Þá var þátttaka félagsins á þjóðhátið meiri en til margra ára. Farið var í miklar framkvæmdir á húsnæði félagsins í sumar á vegum Vestmannaeyjabæjar. Verða þær breytingar til þess að húsnæðið færst nær og nær því að áhorfandinn upplifi það sterklega að koma inn í „alvöru leikhús“.

Stjórn Leikfélags Vestmannaeyja 2011–2012 lauk störfum á aðalfundi 30. ágúst 2012.

Birgir Nielsen, formaður

## Leikfélag Ölfuss, Þorlákshöfn

### Himnaríki

Höfundur: Árni Ibsen

Leikstjóri: Gunnar Björn Guðmundsson

Sýningafjöldi: 14

Þáttakendur: 21

Áhorfendafjöldi: 513

### Skýrsla stjórn

Leikárið hófst með því að ný stjórn tók til starfa en á síðasta aðalfundi gengu úr stjórn Magnþóra Kristjánssdóttir gjaldkeri, Íris Hafþórsdóttir og Jónas Höskuldsson varamenn. Þrúður Sigurðar var endurkjörin formaður, Helena Helgadóttir ritari, Hulda Gunnarsdóttir varaformaður, Árný Leifsdóttir meðstjórnandi og Ottó Rafn Halldórsson var kjörinn gjaldkeri. Birna Rut Árnadóttir og Róbert Ingimundarson voru kjörin varamenn.

Á fyrsta fundi nýrrar stjórnar var ákveðið að leggja andvirði einnar sýningar í menntasjóð. Einnig ákvað stjórn að styrkja nemendur sem vildu fara í leiklistarskóla BíL að Húnavöllum um 35.000 kr. Þrúður og Árný viku af fundi þegar þetta var ákveðið vegna þess að þær höfðu báðar sótt um í skólann.

Inn á þetta leikár höfum við fengið styrki frá BíL, Sveitarfélaginu Ölfusi og Menningarráði Suðurlands. Einnig erum við með samstarfssamning við menningarnefnd Ölfuss. Segja má að það séu fyrirtækin í þorpinu sem haldi okkur gangandi en stór hluti þess fjármagns sem við fáum kemur í formi styrktarlína frá þeim, en Ásta Margrét sá um samskipti við fyrirtækin í ár. Magnþóra og Árný eru í styrkjanefnd og eru þeim færðar þakkir fyrir vel unnin störf fyrir félagið.



Himnaríki

Verkefni félagsins hafa verið margvísleg eins og undanfarin ár. Á Hafnardögum var leikfélagið með andlitsmálum og búningaleiki fyrir börn í Herjólfshúsini og tókst það í alla staði vel. Á síðasta aðalfundi var stjórn búin að ákveða í samráði við leikstjóra að setja upp leikverkið Himnaríki, geðklofinn gamanleik, eftir Árna Ibsen í leikstjórn Gunnars Björns Guðmundssonar en er þetta í þriðja sinn sem hann leikstýrir okkur. Í lok ágúst stóðum við fyrir leiklistarnámskeiði sem Gunnar Björn sá um og var það bráðskemmtileg tilbreyting aður en samlestur hófst í byrjun september og æfingar í kjölfarið á því. Frumsýnt var 14. október. Eins og flestir vita þá var ekki ráðist á garðinn þar sem hann er lægstur. En þegar margir góðir koma að þá hefst þetta allt og tókst þessi sýning með eindænum vel. Leikmyndin í þessari sýningu er með því stærsta sem leikfélagið hefur ráðist í. Viljum við þakka þeim fjölmörgu einstaklingum og félögum sem að uppsetningunni komu kærlega fyrir. Í febrúar tóku nokkrir meðlimir leikfélagsins þátt í skemmtun á þorrablótinu ásamt þeim sem voru fyrir önnur félög þar. Leikfélagið var með fulltrúa í karókíkeppni til styrktar skólahreystibraut og var atriðið valið besta skemmtiatriði, nema hvað? Einnig sá leikfélagið um skemmtiatriði á árshátið eldri borgara í mars og tókst það vel.

En eins og fyrr sagði fóru Þrúður og Árný í Leiklistarskóla Bandalagsins og voru báðar himinlifandi með það sem þær höfðu lært þar og vilja hvetja fleiri félagsmenn til að fara. Magnþóra og Ragnar fóru á ljósanámskeið hjá Benedikt Axelssyni. Voru þau bæði mjög ánægð með námskeiðið. Helena fór á förðunarnámskeið sem var samvinnuverkefni leikfélaga á Suðurlandi en haldið hjá Leikfélagi Selfoss. Óll þessi námskeið koma til með að nýtast félaginu vel í framtíðinni. Á stjórnarfundi 28. mars 2012 samþykkti stjórn félagsins að greiða fyrir allt að þrjá meðlimi í leiklistarskólann að fullu. Ef fleiri vildu fara myndi sú upphæð deilast á milli þeirra. Þessar upplýsingar voru sendar á virka félaga og fólk hvatt til þátttöku. Þrúður og Hilmar sóttu um í skólann. Því miður lenti Hilmar á biðlista á Leiklist 1 og komst ekki inn. Þrúður fer á námskeið í trúðaleik.

Þrúður, Hulda og Árný fóru á aðalfund Bandalagsins sem haldinn var á Ísafirði 4.–6. maí sl. (Hefur ekki farið neinum sögum af því sem þar gerðist nema að formaður kom snúinn á ökkla heim og er í rannsókn hvað gerðist, hún segist hafa verið bláedrú þegar þetta atvik átti sér stað. Það þykir undrun sæta.)

En svona án gríns þá var það aðalefni aðalfundar að fárveitingar ríkisins til BíL eru enn skornar niður og stefnir

í að loka þurfi þjónustumiðstöðinni ef engar breytingar verða þar á. Styrkir frá ríkinu til leikfélaga vegna sýninga koma að öllum líkendum til með að lækka enn frekar á þessu ári. Góðar fréttir voru þær að aðildarfélögum BÍL fylgðaði þetta árið úr 60 í 63. Sem segir okkur að gróska er í leiklistarlífinu og gefur það okkur vonir um að við sem ein heild getum hamrað á þingmönnum og ríkisstjórn um aukna fjárveitingu.

Leikfélagið sótti um sem athyglisverðasta áhugasýningin hjá Þjóðleikhúsini með Himnaríki en Leikfélag Kópavogs hlaut þau verðlaun í ár. LÖ fékk hins vegar mjög góða dóma og fallega umsögn.

Aðeins voru fjórir formlegir stjórnarfundir á leikárinu, er það vegna þess að í ár var öll stjórnin á svíði í Himnaríki, nema varaformaðurinn sem var framkvæmdastjóri sýningaráinnar. Voru fundir því heldur óformlegir og fóru fram á æfingum má segja.

Stjórnin vinnur nú að vali verks og leikstjóra fyrir komandi haust og verður það verkefni kynnt á sér fundi í sumarlok. En stefnan er tekin á barnaleikrit í fullri lengd, en tekið skal fram að það verður leikið af fullorðnum.

*Helena Helgadóttir, ritari*

## Leikfélagið Peðið, Reykjavík

### Bjarmaland

Höfundur: Jón Benjamín Einarsson

Leikstjóri: Andrea Gylfadóttir

Sýningafjöldi: 4

Þátttakendur: 25

Áhorfendafjöldi: 120



*Andakt*

### Andakt

Höfundur: Guðjón Sigvaldason

Leikstjóri: Vilhjálmur Hjálmarsson

Sýningafjöldi: 7

Þátttakendur: 18

Áhorfendafjöldi: 273

### Lamb fyrir two

Höfundur: Jón Benjamín Einarsson

Leikstjóri: Lísa Pálsdóttir

Sýningafjöldi: 5

Þátttakendur: 5

Áhorfendafjöldi: 86

### Ægir, Ægir og Ægir

Höfundur: Björgúlfur Egilsson

Leikstjóri: Lísa Pálsdóttir

Sýningafjöldi: 2

Þátttakendur: 3

Áhorfendafjöldi: 53

### Skýrsla stjórnar

Aðalfundur síðasta árs var haldinn 27. mars og var mæting á hann allgöð, var stjórn félagsins endurkjörin, þ.e. Hjörðís Jóhannsdóttir formaður, Halldór Sigurðsson varaformaður, Hrönn Hafsteinsdóttir gjaldkeri, Guðrún Helga Tómasdóttir ritari og Stefán Berg meðstjórnandi, Magnús R. Einarsson og Elín Hilmarsdóttir voru kjörin varamenn.



*Lamb fyrir two*

Á leikárinu erum við búin að setja upp fjórar sýningar sem allar hafa gengið ljómandi vel og gestir voru almennt mjög ánæggðir.

Í október sýndum við, í tengslum við lista- og ölhátíð Gallerýs Bar 46, Bjarmaland – rísandi land eftir Jón Benjamín Einarsson (hirðskáldið okkar) í leik- og tónlistarstjórn Andreu Gylfadóttur. Þetta var ansi fjölmenn sýning (eða óperetta með léttum brag) en alls voru 25 leikarar í henni.

Einnig settum við upp örverkið Ægir, Ægir og Ægir eftir Björgúlf Egilsson í leikstjórn Lísu Pálsdóttur en í því verki voru einungis 3 leikarar.

Varla var sýningum á Bjarmalandinu lokið þegar hafist var handa að setja upp næsta verk, Andakt eftir Guðjón Sigvaldason í leikstjórn Vilhjálms Hjálmarssonar en í þeiri uppfærslu voru 18 leikarar auk tónlistarmanna.

Síðan settum við upp langþráð leikverk, Lamb fyrir two sem var einmitt fyrsta verkið sem Peðið sýndi. Höfundur Lambsins er Jón Benjamín Einarsson og leikstjóri var Lísa Pálsdóttir. Var reglulega gaman að taka þetta verk aftur upp því að þegar það var fyrst sýnt var einungis ein sýning sýnd og því margir sem misstu af henni.

*Bjarmaland*

Ég vil nota tækifærið og þakka (fyrir hönd stjórnarinnar) öllum sem tekið hafa þátt í þessu brölti okkar á síðastliðnu ári, og ekki bara leikurum heldur öllum, því það er svo ótalmargt sem þarf að gera annað en standa á svíðinu til hægt sé að setja sýningar á fjalirnar.

Vonandi verður samstarfið á næsta ári jafn ánægjulegt.

*Hjördís Jóhannsdóttir, formaður*

## Leikfélagið Skagaleikflokkurinn, Akranesi

### Skýrsla stjórnar

Frekar dauft var yfir starfsemi Leikfélagsins Skagaleikflokkurinn eftir að sýningum á Fiskar á þurru landi lauk undir lok árs 2010. Ritunarnámskeiði undir stjórn Bjarna Jónssonar lauk í október 2011. Á námskeiðinu voru fimm félagar og voru þeir misvirkir. Hugmyndin hafði verið sú að afrikstur námskeiðsins gæti nýst til áframhaldandi vinnu, en sú varð ekki raunin.

Í september kom í ljós að leikfélagið varð enn einu sinni að rýma húsnæði sem það hafði verið í og finna þurfti geymslu fyrir búninga, ljós og fleiri muni.

Aðalfundur félagsins var svo haldinn 3. febrúar 2012, ekki tókst að ljúka aðalfundarstörfum svo boðaður var framhaldsaðalfundur þ. 23. febrúar 2012. Á honum var Kristín Ásgeirsdóttir kosin formaður, en aðrir í stjórn voru Guðbjörg Árnadóttir, Sóley Bergmann Kjartansdóttir og Þór Bínó Friðriksson.

Leikfélagið Skagaleikflokkurinn aðstoðaði við uppsetningu á Blóðbræðrum sem Bíöhöllin stóð fyrir, lánaði búninga til Leikfélagsins sunnan Skarðsheiðar en að öðru leyti höfðu menn hægt um sig. Í maí var gerður samningur við Óskar Guðmundsson um að hann skrifði einþáttung um Guðnýju Böðvarsdóttur í Görðum (móður Snorra Sturlusonar) og skilaði hann handriti í september. Stjórn leitar nú leiða til að fjármagna uppsetningu á verkinu.

*Gert á Akranesi þann 26. september 2012,  
Guðbjörg Árnadóttir, ritari*

## Leikfélagið Skrugga, Reykhólum

Leikfélagið Skrugga á Reykhólum var með kaffihúsa-kvöld þann 17. apríl 2012. Þar voru sýndir fjórir stuttir leikþættir, í bíltúr og Á heimilinu eftir Mariu Guðmundsdóttur, Hjónabandsmiðlunin en höfundur hans er óþekktur og Amma í stuði með Guði eftir Sólveigu S. Magnúsdóttur. Þetta tók allt í allt í kringum 60 mínútur. Það komu í kringum 100 manns á þessa sýningu.

*Sólveig S. Magnúsdóttir, formaður*

## Leikfélagið Sýnir, á landsvísu

### Tristram og Ísönd

Höfundar: Ármann Guðmundsson og Guðrún Sóley


Sigurðardóttir

Leikstjóri: Ármann Guðmundsson

Sýningafjöldi: 5

Pátttakendur: 25

Áhorfendafjöldi: 260

*Tristram og Ísönd*

### Skýrsla stjórnar

Stjórn var þannig skipuð eftir aðalfund sem haldinn var um miðjan nóvember 2011: Guðrún Sóley Sigurðardóttir formaður, Gísli Björn Heimisson og Ármann Guðmundsson. Í varastjórn voru Heiðdís Buzgò og Daníel Sigurðsson.

Undanfarin ár hefur stjórn verið nánast óvirk og í raun falið þeim sem hafa áhuga á að setja upp með félagini

alla umsjón með því verkefni. Árman Guðmundsson fór fram á að mega setja upp verk sumarið 2011 og var leyfi fyrir því veitt góðfúslega með þeim fyrirvara að leikfélagið átti enga peninga. Árman vann, ásamt Guðrúnu Sóleyju Sigurðardóttur, leikgerð upp úr riddarasögunni um Tristram og Ísönd og var ætlunin að setja verkið upp í Elliðaárdal eins og svo oft áður. Illa gekk að koma saman leikhóp því fyrir hverja tvo sem gengu til liðs við hópinn reyndist einn þurfa að hætta við. Tíminn var nýttur í að semja tónlist fyrir verkið en hún var unnin af leikhópnum í tónlistarspunum og árangurinn ýmist notaður sem sönglög eða áhrifstónlist. Þegar leið fram í júlí og ekki hafði tekist að manna sýninguna var sú ákvörðun tekin að fresta sýningunni til hausts og sýna hana inni.

Tvö leikhús voru skoðuð, Norðurþóllinn á Seltjarnarnesi og Gaflaraleikhúsið í Hafnarfirði og varð það síðarnefnda fyrir valinu. Benedikt Axelsson var ráðinn til að hanna lýsingu. Gríðarleg vinna var lögð í búninga sem Dýrleif Jónsdóttir hafði vega og vanda af en reynt var að hafa leikmynd og leikmuni eins mínímalíska og unnt var og var yfirumsjón með því verkefni falin Jóni Erni Bergssyni. Frumsýnt var 10. september en einungis voru sýndar fimm sýningar á rétt rúmri viku þar sem einn leikaranna þurfti að snúa aftur til leiklistarnáms erlendis.

Aðsókn var frekar dræm sem þurfti kannski ekki að koma á óvart, við erum jú tiltölulega lítið þekkt leikfélag og höfum ekki það bakland sem leikfélög sem sýna í sinni heimabyggð hafa. Fjárhagslega kom sýningin út öfugu megin við nálluð en samningar náðust við Gaflaraleikhúsið um lækkun húsaleigu og stóð félagið þá nokkurn veginn á sléttu.

Sótt var um með sýninguna bæði í Athyglisverðustu áhugasýningu ársins og á NEATA-leiklistarhátíð í Sønderborg í Danmörku en í hvorugt skiptið varð hún fyrir valinu.

Um það leyti sem farið var að huga að verkefni sumarsins 2012 kom Guðmundur Erlingsson að máli við stjórn og lýsti yfir áhuga sínum á að vinna leikgerð upp úr bíómynd Akira Kurosawa, Sjö samúræum, og setja upp með féluginu. Stjórn leist vel á hugmyndina og hafist var handa við undirbúning, Guðmundur vann leikgerðina og samlestrar hófust í maí. Þegar við sáum hins vegar fram á að stefndi í sama vandamál og árið áður, að erfiðlega gengi að mynda leikhóp, var ákveðið að fresta verkefninu til sumarsins 2013 og vinna það á lengri tíma yfir veturninn þannig að aðeins lítt hluti sumarsins færí vinnu við sýninguna. Í staðinn var ákveðið að setja upp stuttverkasýningu í Elliðaárdal þar sem ætlunin er að höfundar og leikstjórar komi úr röðum félagsmanna.

## Leikhópurinn Lopi, Árborg

### Skýrsla stjórnar

Leikárið 2011–2012 setti Leikhópurinn Lopi ekki upp sýningu. Leikhópurinn flutti búferlum frá Hornafirði og á Stór-Árborgarsvæðið. Hans starfssvæði er nú á því svæði. Leikárið fór í ákveðna undirbúningsvinnu og einnig í námskeiðahald sem endaði með litlum örsýningum.

Leikárið 2012–2013 er stefnt að því að starfsemin fari á fullt aftur og nú er Lopi skráður í Þjóðleik á Suðurlandi.

Leikhópurinn er að jafna sig eftir flutningana en kemur öflugur aftur!

*Magnús J. Magnússon, formaður*

## Leikhópurinn Vera, Fáskrúðsfirði

Starfsemi Leikhópsins Veru hefur legið niðri nú um nokkurt skeið og hefur því ekkert verið um að vera á vegum hópsins á leikárinu.

*María Óskarsdóttir*

## Leikklúbbur Laxdæla, Búðardal



*Skóarakonan dæmalausa*

### Skóarakonan dæmalausa

Höfundur: Frederico García Lorca

Þýðandi: Geir Kristjánsson

Leikstjóri: Margrét Ákadóttir

Sýningafjöldi: 3

Þátttakendur: 27

Áhorfendafjöldi: 234

## Leiknefnd Umf. Grettis, Miðfirði

Engin starfsemi var hjá leikfélagi Ungmennafélagsins Grettis á Laugarbakka árið 2011–2012. Þar sem tvö leikfélög eru starfandi í Húnaþingi skipta þau árunum á milli sín.

*Ingibjörg Jónsdóttir*

## Litli leikklúbburinn, Ísafirði

### Dampskipið Ísland

Höfundur: Kjartan Ragnarsson  
Leikstjóri: Halldóra Rósa Björnsdóttir  
Sýningafjöldi: 6  
Páttakendur: 36  
Áhorfendafjöldi: 268



Dampskipið Ísland

### Skýrsla formanns

Í byrjun árs 2011 var ákveðið af stjórn Litla leikklúbbsins að setja upp söngdagskrána Á skíðum skemmti ég mér, sem samanstóð af lögum sem hljómsveit Ingimars Eydal gerði vinsæl á sínum tíma.

Leikstjóri þessarar uppsetningar og höfundur dagskrárinnar var Elfar Logi Hannesson og um tónlistarstjórná sá Guðmundur Hjaltason. Að verkinu kom einnig hópur tónlistarmanna og félaga í Litla leiklúbnum. Sýningar gengu vel og urðu 11 talsins, uppselt var á hverja sýningu.

Á vormánuðum fóru formaður og gjaldkeri á aðalfund Bandalags íslenskra leikfélaga sem haldinn var í Mosfellsbæ. Þar bauð formaður Litla leikklúbbsins Bandalaginu að halda næsta aðalfund á Ísafirði að ári, þáði stjórn Bandalagsins það.

Í júlí var farið að huga að hvað skyldi setja upp með haustinu og í samráði við Halldóru Björnsdóttur leikstjóra var ákveðið að setja upp leikritið Dampskipið Ísland eftir Kjartan Ragnarsson og Halldóra fengin til að stýra verkinu.

Frumsýnt var um miðjan október eftir sex vikna æfingaferli, sýningar urðu 6 talsins og gengu vel. Hafði fólk á orði

að þarna færí afar metnaðarfullt verk.

Á fundi stjórnar Bandalagsins á haustmánuðum var samþykkt að Litli leikklúbburinn fengi að senda þrjá fulltrúa á NEATA-leiklistarhátiðina í Sønderborg í Danmörku, dagana 31. júlí til 5. ágúst 2012. Þeir sem fara eru undirrit-aður, Halldóra Björnsdóttir og Þorsteinn Tómasson. Komum við til með að sitja námskeiðið DigiDeLight í stafrænni tækni í hönnun lýsinga og leikmynda. Er það von okkar sem förum að við náum að meðtaka sem mest, til að geta miðlað sem mestu þegar heim verður komið. Er nú lokið upptalningu minni á verkum Litla leikklúbbsins á leikárinu. Vil ég þakka stjórn vel unnin störf á leikárinu, og megi starfsemi Litla leikklúbbsins blómstra í framtíðinni.

þróurst Ólafsson, formaður

### Snúður og Snælda, Reykjavík

### Rommí

Höfundur: D.L. Coburn  
Pýðandi: Tómas Zoega  
Leikstjóri: Bjarni Ingvarsson  
Sýningafjöldi: 12  
Páttakendur: 7  
Áhorfendafjöldi: 650

### Kvöldvökuskemmtun

Höfundar: Leikhópurinn  
Leikstjóri: Bjarni Ingvarsson  
Sýningafjöldi: 10  
Páttakendur: 14  
Áhorfendafjöldi: 500

### Skýrsla formanns

Á fyrsta fundi stjórnar eftir aðalfundinn 18. maí 2011 skiptu stjórnarmenn með sér verkum. Varaformaður var kosinn Gunnar Helgason, gjaldkeri Aðalheiður Sigurjónsdóttir, ritari Björg Aðalsteinsdóttir, meðstjórnandi Sigríður Helgadóttir. Varamenn í stjórn voru þeir Theodór Hall-dórsson og Magnús H. Ólafsson.

Haldnir voru 10 stjórnarfundir þar sem rædd voru hin ymsu mál. Fljóttlega eftir aðalfundinn fór stjórnin að leita að leikverki sem hentað gæti félagini. Fóru þau á fund Bandalags íslenskra leikfélaga og fengu þar á milli 30–40 verk. Lesið var yfir öll þessi verk, bornar saman bækur og leist mönnum misjafnlega á.

Á félagsfundi 27. september kom svo í ljós að flestallir félagar vildu taka sér hlé frá því að leika. Nú voru góð ráð dýr. Kom þá Bjarni Ingvarsson leikstjóri með þá tillögu að við tækjum til sýninga leikritið Rommí eftir amerískan höfund, D.L. Coburn, í þýðingu Tómasar Zöega. Þetta var djarft útspil hjá Bjarna og mikið í ráðist, því aðeins tveir leikarar eru í þessu leikriti. Var svo samþykkt að taka þetta verk, þótt mikil áhætta væri í því fólin svo ekki sé meira sagt.

Samlestur hófst svo 4. október en æfingartímabilið varð nokkuð stopult því annar leikarinn lenti á spítala í 10 daga í nóvember og hinn fór til útlanda í janúar. Það kom þó ekki í veg fyrir að frumsýnt var í Hveragerði 28. febrúar, á sparidögum Hótel Arkar. Sýningar í Hveragerði urðu alls 9

en sýnt var einu sinni í viku á þriðjudögum, allt fram til 8. maí. Áhorfendur urðu um 375 sem er frekar dræm aðsókn og var ýmsu til að dreifa.



Rommí

Í lönnó var svo frumsýnt 4. mars og þar var sýnt 4., 8., 11., og 15. mars fyrir 244 áhorfendur. Leikarar voru Hörður S. Óskarsson og Aðalheiður Sigurjónsdóttir. Auk þess tóku þátt í sýningunni Gunnar Helgason, sviðsstjóri og stóreddari, Björg Aðalsteinsdóttir, auglýsingastjóri og sviðsmaður, Sigríður Helgadóttir og Anna Friðbjarnardóttir, hvíslarar. Þá var leikstjórnin Bjarni Ingvarsson með á öllum sýningum og sá um leikmynd, ljós og var til halds og trausts. Til stóð að sýna eina sýningu í Stangarhyl 4, hún var vel auglýst innan félagsstarfs í Stangarhyl. Skrifstofa FEB tók að sér að selja miða en sáralítill eftirspurn var eftir þessu svo að hætt var við að sýna þar.

Leikfélagið hélt að venju tvö framsagnarnámskeið, annað fyrir áramót og hitt eftir áramót. Þetta voru 20 tíma námskeið sem hvort um sig stóð yfir í 10 vikur. Fyrra námskeiðið snérist upp í að æfa skemmtidagskrá sem boðin var félagsmiðstöðvunum til sýninga. Alls tóku 14 leikfélagsmenn þátt í þessu prógrammi og var sýnt í 10 félagsmiðstöðvum. Bólstaðarhlíð 18. nóvember, Hvassaleiti 2. desember, Hraunbæ 2. desember, Gullsmára 6. desember, Gjábakka 9. desember, Hamrahlíð 19. janúar, Hrafnistu Reykjavík 10. febrúar, Hrafnistu Hafnarfirði 19. mars, Elliheimilinu Grund 20. apríl, og Hótel Örk 3. maí. Allsstaðar fengu bæði leikritið og skemmtidagskráin afar góðar undirtektir og mikið þakklæti frá áhorfendum. Ætla má að um 700 manns hafi notið skemmtidagskrárinna.

20 ára afmælisrit leikfélagsins er nú komið í prentun, en ekki er alveg búið að ákveða útgáfudaginn. En nú þurfum við að vera dugleg og dreifa því sem viðast þegar það birtist.

Síðasta verk fráfarandi stjórnar var að taka saman skrá yfir fyrirtæki og stofnanir sem líkleg voru til að styrkja leikfélagið fjárhagslega. Send voru bréf til 51 aðila og nú er bara beðið og vonast eftir góðum undirtektum.

Við fáum styrk frá Reykjavíkurborg og menntamála-ráðuneytinu í gegnum Bandalagið en það dugar engan veginn til að ná endum saman.

Ég vil svo að lokum þakka öllum bæði fyrr og síðar sem hafa stutt okkur dyggilega við að halda féluginu gangandi.

Við í stjórn leikfélagsins þökkum sérstaklega lipurð og hjálpssemi starfsfólks FEB, bæði uppi í sal og á skrifstofunni, sem er alltaf tilbúið að leggja okkur lið.

Hörður S. Óskarsson, formaður

## Stúdentaleikhúsið, Reykjavík

### Hreinn umfram allt

Höfundur: Oscar Wilde  
Þýðandi: Guðjón Ólafsson  
Leikstjóri: Þorsteinn Bachmann  
Sýningafjöldi: 8  
Þátttakendur: 11  
Áhorfendafjöldi: 438



Rof

### Rof

Höfundar: Leikhópurinn  
Leikstjóri: Ragnheiður Skúladóttir  
Sýningafjöldi: 18  
Þátttakendur: 12  
Áhorfendafjöldi: 158

### Fjársjóður framtíðar

Höfundar: Leikhópurinn  
Leikstjórar: Flóki Snorrason og Kolbrún Halldórsdóttir  
Sýningafjöldi: 1  
Þátttakendur: 17  
Áhorfendafjöldi: 500

### Skýrsla stjórnar

Leikár Stúdentaleikhússins hófst formlega þann 2. september 2011 með kynningarfundum í Hinu húsinu þar sem stjórn félagsins og leikstjórnin Þorsteinn Bachmann kynntu verkefni haustsins, uppsetningu á Hreinn umfram allt eftir Oscar Wilde í leikstjórn Þorsteins, auk flutnings frumsamins atriðis fyrir 100 ára afmælishátíð Háskóla Íslands 8. október í Hörpunni.

Námskeið var halddi til þess að velja í leikhópinn fyrir Hreinn umfram allt og hófst það 5. september og stóð yfir til 17. september. Í kjölfarið var valinn ellefu manna leikhópur, auk fólks til þess að aðstoða við tónlist, leikmynd og búninga og hóf hópurinn æfingar þann 19. september í Norðurþólnum.

Samhlíða æfingunum á Hreinn umfram allt var æft fyrir atriðið í Hörpunni en leikhópurinn samanstóð af fólk sem hafði tekið þátt í námskeiðinu fyrir Hreinn umfram allt. Atriðið fékk titilinn Fjórar svipmyndir og var samið að hluta til af stjórninni og leikhópnum. Formaður Stúden-

taleikhússins, Flóki Snorrason, og leikstjóri dagskráinnar, Kolbrún Halldórsdóttir, sáu um að leikstýra þessu 8 mínumáta atriði sem var það lengsta í dagskránni. Atriðið var síðan sýnt í Eldborgarsal Hörpunnar fyrir afmælishesti þann 8. október og var afmælishátiðin sýnd á besta tíma á RÚV þann 16. október.



Hreinn umfram allt

Hreinn umfram allt var frumsýnt þann 11. nóvember fyrir troðfullum sal í leikhúsini Norðurþólinum á Seltjarnarnesi og fél hinn sígildi gamanleikur Wildes vel í geð áhorfenda og voru sýndar átta sýningar af verkinu.

Við val vorannarverkefnis var ákveðið að fara í aðra átt og var Ragnheiður Skúladóttir fengin til þess að snúa Stúdentaleikhúsini aftur að „devised“ aðferðinni sem var áður fyrir eitt af einkennum þess. Hugmyndavinnan með hópnum byrjaði snemma, í seinni part desember, og var öllum velkomið að taka þátt. Afraksturinn var leikverk sem hlaut nafnið Rof og var frumsýnt þann 4. apríl í hinu sögufræga lónó. Leikverkið fjallaði um leiksýningu sem fékk heilablóðfall. Tóku áhorfendur virkan þátt í sýningunni sem átti sér stað út um allt lónó og reyndi á öll skilningarávitin fimm. Vegna takmarkaðs áhorfendafjölda (eingöngu var pláss fyrir 12 manns á hverri sýningu, jafn marga og leikendur) var ákveðið að hafa margar sýningar á dag og voru þá 17 sýningum dreift á sex sýningarkvöld.

Stefna Stúdentaleikhússins þetta leikár var að fá reynslumikla leikstjóra til liðs við okkur, sem gætu kennt félagsmönnum þess um hinrar ólíku hliðar leiklistarinnar og sett upp hin ólíkustu leikverk, frá sígildum gamanleik yfir í framsækna og tilraunakennda sýningu í óhefðbundnu rými.

Ný stjórn var síðan kjörin á aðalfundi í lok maí og bíður nýtt og spennandi leikár framundan.

## Umf. Ármann, leikdeild, Kirkjubæjarklaustri

Leikdeildin hefur ekki verið starfrækt í nokkur ár en á stefnuskránni er að endurvekja hana nú á haustmánuðum með helgarnámskeiði og jafnvel einhverri látlausri uppsetningu.

Linda Agnarsdóttir, formaður

## Leikdeild Umf. Biskupstungna, Bláskógbabyggð

### Klerkar í klípu

Höfundur: Philip King

Þýðandi: Ævar R. Kvaran

Leikstjóri: Gunnar Björn Guðmundsson

Sýningafjöldi: 12

Páttakendur: 16

Áhorfendafjöldi: 914

### Skýrsla stjórnar

Stjórn var óbreytt, Camilla Ólafsdóttir formaður, Guðny Rós Magnúsdóttir gjaldkeri og Egill Jónasson ritari.

Leikdeildin fór saman í leikhús í Hveragerði að sjá uppfærslu á Blessuðu barnaláni. Mjög gaman að sjá leikrit sem við höfum sjálf sett upp. Í haust sem leið aðfóu nokkrir félagar smá leikþátt úr Lénharði fógeta sem var svo sýndur á 50 ára afmæli Aratungu og var Gunnar Björn Guðmundsson, leikstjórin okkar, fenginn til að aðstoða við það. Í því afmælishófi færði leikdeildin Aratungu peningagjöf til kaupa á tjöldum og drapplingum á sviðið í Aratungu.



Klerkar í klípu

Í nóvember hittumst við nokkrir leikfélagar, þar sem ákveðið var að setja upp leikrit í vetur, Gunnar Björn Guðmundsson ráðinn leikstjóri í sjötta skiptið með okkur, en hann hefur reynst okkur afar vel og er mjög fær leikstjóri. Ákveðið var að taka gamanleikritið Klerkar í klípu til sýningar. Æfingar hófust 4. janúar síðastliðinn og var frumsýnt 10. febrúar. Sýndar voru tólf sýningar við frábærar undirtektir eins og venjulega og sáu rúmlega 900 manns þessa uppfærslu hjá okkur. Er öllum sem tóku þátt í þessu með okkur þakkað sérstaklega fyrir aðstoðina.

Í mars síðastliðnum fór leikhópurinn svo saman í Reykholtsdalinn að sjá verk sem heimamenn settu upp í Logalandi, Ekki trúua öllu því sem þú heyrir. Vel uppsett leikverk eftir heimamann í annálsstíl.

## Umf. Dagrenning, leikdeild, Lundarreykjadal



*Salka Valka*

### Salka Valka

Höfundar: Halldór Kiljan Laxness, Stefán Baldursson og Þorsteinn Gunnarsson

Leikstjóri: Jakob S. Jónsson

Sýningafjöldi: 12

Þáttakendur: 29

Áhorfendafjöldi: 850

### Skýrsla formanns

Í maímaðuði var haldið leiklistarnámskeið sem stóð yfir í two daga, samtals 12 tíma. Þróstur Guðbjartsson var leiðbeinandi. Þáttakendur voru 15.

Í ágúst var ákveðið að setja upp leikverk. Félagið varð 100 ára á árinu og var því ákveðið að setja upp krefjandi sýningu. Fyrir valinu varð Salka Valka eftir Halldór Laxness. Til verksins var ráðinn Jakob S. Jónsson og hófust æfingar í september. Verkið var svo frumsýnt 25. nóvember. Sýningar urðu alls 12 og var síðasta sýning þann 8. janúar. Í sýningunni tóku þátt 21 leikari auk þriggja manna hljómsveitar. Fjöldi annarra komu að lýsingu, búningum, svíðsmynd og fleiru. Leikritið fékk góða umfjöllun.

*Þór Þorsteinsson, formaður*

## Umf. Efling, leikdeild, Reykjadal

### Í gegnum tíðina

Höfundur og leikstjóri: Hörður Þór Benónýsson

Sýningafjöldi: 17

Þáttakendur: 55

Áhorfendafjöldi: 1447

### Skýrsla leiknefndar

Leiknefnd Eflingar veturninn 2011–2012 skipuðu þau Freydís Anna Arngrímsdóttir formaður, Járnbrá Björg Jónsdóttir og Baldur Daníelsson.

Þegar leiknefnd settist niður þetta árið og fór að velta fyrir sér verkefni vetrarins, var ákveðið að reyna að hafa verkefnið smærra í sniðum en undanfarin ár. Upp kom hugmynd um að fara í einhverskonar „nostalgíu”, taka lög úr eldri leikverkum hjá Eflingu og tengja saman með

texta. Ræddi leiknefnd við Hörður Þór Benónýsson um að setja saman einhverskonar dagskrá og tók hann okkur vel, en fljótegla vatt þetta upp á sig og ákveðið var að Hörður semdi leikrit sem inn í fléttuðust lög frá eldri tíma. Meiningin var þó áfram að stilla fjölda þátttakenda í hóf og láta einfaldleikann ráða ríkjum.

Boðað var til fundar á Breiðumýri þar sem mættu um 50 manns á öllum aldri sem á einn eða annan hátt höfðu áhuga á að taka þátt í sýningunni. Nú voru góð ráð dýr, en að endingu varð úr að Hörður semdi fyrir hópinn. Auk þess að skrifa verkið var Hörður fenginn til að leikstýra því og Pétur Ingólfsson ráðinn tónlistarstjóri, en þeir hafa áður unnið saman að leiksýningu, Djöflaeyjunni árið 2008.

Verkið fékk heitið *Í gegnum tíðina* og er gamanleikrit þar sem sögð er saga íslenskrar bændafjölskyldu á seinni hluta síðustu aldar, c.a. 1950–1980. Fjölskyldumeðlimir lenda í hinum ýmsu aðstæðum, fara á síld, lenda í Kan-anum, upplifa bítlæðið, fara á bændahátið og fleira. Í verkinu kemur fyrir mikill fjöldi persóna, sem meðal annars helgast af því, að leikritið var skrifað með þennan leikhóp í huga og haft að leiðarljósí að allir fengju að spreyyta sig. Hefur Herði tekist einkar vel að láta allt smella saman og halda sig við það sem lagt var upp með, að láta einfaldleikann ráða förinni, enda er grunnhugmyndin að leikhúsi, leikari sem segir sögu.

Inn í verkið fléttast fjölmörg lög frá þessum tíma, lög sem margir eiga góðar minningar við og útsetti tónlistarstjórin, Pétur Ingólfsson, flest lögin á ný fyrir leikhópinn. Í hljómsveitinni voru 3 menntaðir hljóðfærileikarar og 32 leikarar skiptu með sér þeim rúmlega 40 hlutverkum sem í verkinu eru. Sumir þeirra voru brautreyndir, aðrir minna reyndir og enn aðrir að stíga sín fyrstu skref. Þá eru ótaldir þeir fjölmörgu sem unnu bak við tjöldin, en eru algerlega ómissandi til að gera svona sýningu að veruleika, en alls komu að sýningunni milli 50 og 60 manns.



*Í gegnum tíðina*

Leikhópurinn hittist nokkrum sinnum fyrir jólf og þá fóru fram söngprufur, en formlegar æfingar hófust í lok janúar. Í verkinu er mjög mikið um raddaðan söng, en ekki reyndist vandamál fyrir leikarana að syngja raddað og fékk sýningin m.a. hrós fyrir einkar vandaðan og hófstilltan tónlistarflutning, og leysti tónlistarstjóriinn verkefnið einkar vel af hendi. Leikstjóriinn leysti sitt hlutverk einnig mjög vel af hendi og hafði einstakt lag á að ná því besta fram hjá hverjum og einum og var æfingatíma-bilið einkar ljúft og skemmtilegt. Það er því óhætt að fullyrða að samvinna þeirra félaga Harðar og Péturs hafi skilað góðum árangri, nú sem áður fyrr, og þeim tekist vel að ná til og virkja, þennan fjölbreytta hót fólks og ná því besta út úr hverjum og einum án þess að slá nokkurs staðar af kröfum.

Frumsýnt var þann 9. mars í félagsheimilinu á Breiðumýri í Reykjadal fyrir troðfullu húsi. Sýningin fékk mjög góðar viðtökur áhorfenda og urðu sýningarnar alls 17 og sáu 1447 manns verkið.

Kvenfélag Reykdæla stóð fyrir veitingasölu á sýningum og lagði þannig sitt af mörkum við að skapa þessa skemmtilegu kaffileikhússtemningu sem hefur verið einkennandi fyrir leikhús á Breiðumýri um árabil. Auk þess var leikdeildin í samvinnu við Dalakofann sem hafði á boðstólnum sérstakan leikhúsmatseðil í tengslum við sýninguna og mæltist það vel fyrir.

*Freydís Anna og Járnbrá Björg*

## Umf. Íslendingur, Hvanneyri

Starf Umf. Íslendings var með hefðbundum hætti 2011–2012. Ekki var sett upp leiksýning þennan veturinn því venja er að setja upp annað hvert ár. Leiknefndin tók þátt í að halda upp á Jónsmessuna sem er gert árlega og er boðað til samkomu á Mannamótsflöt sem er við Hestháls. Þar fara fram leikir, aldursflokkahlaup, reiptog, grill og brenna fyrir alla fjölskylduna. Haldið hefur verið upp á Jónsmessuna síðan 1967 á Mannamótsflöt og hefur það ávallt verið vel sótt.

Annað sem leiknefndin tók þátt í var 100 ára afmælis-hátið ungmennafélagsins sem haldin var 11. desember 2011 í sal Landbúnaðarháskóla Íslands. Þar var leiknefndin með atriði í samvinnu við afmælisnefndina. Þar var t.d. sýnt úr leikritinu Lína langsokkur sem ungmennafélagið setti upp við góðan orðstír 2008.

*Rósa Marinósdóttir*

## Umf. Reykdæla, Reykholti

### Ekki trúu öllu sem þú heyrir

Höfundur: Bjartmar Hannesson

Leikstjóri: Pröstur Guðbjartsson

Sýningafjöldi: 14

Þátttakendur: 22

Áhorfendafjöldi: 920

### Skýrsla stjórnar

Stjórn er þannig skipuð: formaður er Narfi Jónsson og aðrir stjórnarmenn eru Katrín Eiðsdóttir, Pétur Jóhannes Pétursson, Anna Sólrun Kolbeinsdóttir og Þóra Árnadóttir.

Eftir áramót var ákveðið að frumflytja revíuna Ekki trúu öllu sem þú heyrir eftir Bjartmar Hannesson á Norður-reykjum. Pröstur Guðbjartsson leikstjóri var ráðinn til verksins en alls tóku 21 leikari þátt í sýningunni auk annarra baktjaldamakkara. Aðalhlutverk voru í höndum Guðmundar Péturssonar og Katrínar Eiðsdóttur en aðrir leikarar voru þau Narfi Jónsson, Hafsteinn Þórisson, Þorbjörn Oddsson, Þórvör Embla Guðmundsdóttir, Þóra Geirlaug Bjartmarsdóttir, Jón Pétursson, Pétur Pétursson, Þorvaldur Jónsson, Bjarnfríður Magnúsdóttir, Jóhanna Sjöfn Guðmundsdóttir, Bára Einarsdóttir, Ása Dóra Garðarsdóttir, Þorsteinn Bjarki Pétursson, Elísabeth Pétursdóttir, Margrét Sæunn Pétursdóttir, Sverrir Geir Guðmundsson, Árni Hrafn Hafsteinsson, Guðjón Snær Magnússon og Hrafnhildur Einarsdóttir.

Sýningin tókst afbragðs vel og mættu rúmlega 1000 manns á 14 sýningar, frumsýning var 2. mars 2012.

Pröstur leikstjóri fær hér sérstakt hrós fyrir elskusemi og þolinmæði en hann er frábær samstarfsmaður og einstaklega skipulagður. Félagið fékk styrki til sýningarinnar frá Menningarráði Vesturlands, Menningarsjóði Borgarbyggðar og Menntamálaráðuneytinu (BÍL styrkur).



*Ekki trúu öllu sem þú heyrir*

Jólasveinar Ungmennafélags Reykdæla hafa undanfarin ár heimsótt Borgnesinga í byrjun aðventu þegar kveikt er á jólatré Borgarbyggðar. Svo var einnig að þessu sinni en heimsókn þessi gefur félagini örliðtið í aðra hönd, Borgarbyggð hefur greitt 50.000 fyrir að fá jólasveina til sín í Borgarnes.

Fyrir hönd leiknefndar færir ég öllum þeim sem þátt tóku í þessum viðburðum á einn eða annan hátt, bestu þakkir fyrir samstarfið.

*F.h. stjórnar, Hafsteinn Þórisson*

## Umf. Skallagrímur, leikdeild, Borgarnesi

### Skugga-Sveinn

Höfundur: Matthías Jochumsson

Leikstjóri: Rúnar Guðbrandsson

Sýningafjöldi: 12

Þátttakendur: 17


Áhorfendafjöldi: 689



*Skugga-Sveinn*

### Skýrsla stjórnar

Það er búið að vera mikið að gera hjá okkur í leikdeild Skallagríms. Eftir miklar vangaveltur varð leikritið Skugga-Sveinn eftir Matthías Jochumsson fyrir valinu. Æfingar hófust í byrjun nóvember og stóðu stift fram að jólum, en þá fengu leikarar og aðstandendur smá frí yfir hátíðirnar. Verkið var svo frumsýnt þann 6. janúar og voru sýndar 12 sýningar. 17 manns stóðu á sviði í þessari uppfærslu og leikstýrði Rúnar Guðbrandsson eins og árin á undan.



*Skugga-Sveinn*

Vinna við þessa sýningu stóð yfir í 3 mánuði í allt en af þeim lento 2 mánuðir á árinu 2011. Það má því með sanni segja að starfsemi leikdeildarinnar hafi verið með mesta móti þetta árið og vonumst við til að geta haldið þessu starfi okkar áfram á þessu ári með jafn góðum árangri.

# Athyglisverðasta áhugaleiksýning leikársins 2011–2012

Val þjóðleikhússins á athyglisverðustu áhugaleiksýningu leikársins hefur nú farið fram í nítjánda sinn. Alls sóttu ellefu leikfélög um með jafn margar sýningar. Það var afar ánægjulegt að skoða þessar fjölbreyttu sýningar, víðsvegar að af landinu og verða enn á ný vitni að því hversu góða rækt áhugaleikfélögin leggja við íslenska leikritun. Öll verkin voru eftir íslenska höfundu, og voru sjö þeirra frumsamin fyrir félögum en fjögur voru áður sýnd íslensk verk. Dómnefnd hefur komist að þeirri niðurstöðu að velja að þessu sinni sem athyglisverðustu áhugaleiksýningu leikársins 2011–2012 sýningu Leikfélags Kópavogs á Hringnum.

Í dómnefnd í ár sátu Ari Matthíasson, framkvæmdastjóri þjóðleikhússins, Jana María Guðmundsdóttir leikkona og Melkorka Tekla Ólafsdóttir, leiklistarráðunautur þjóðleikhússins. Tinna Gunnlaugsdóttir þjóðleikhússtjóri var formaður dómnefndar.

Eftirtalin leikfélög sóttu um með þessar sýningar:

**1. Leikfélagið Hugleikur** sýndi leikritið **Sá glataði** eftir Sigríði Láru Sigurjónsdóttur í samvinnu við leikstjórn Ágústu Skúladóttur og leikhópinn. Hópurinn lagði á skemmtilegan hátt út af sögum úr Bibliunni og þar unnu saman leikstjórn, leikmynd, búningar, lýsing, tónlist og hljóðmynd á áhrifamikinn hátt.

**2. Leikdeild Umf. Skallagríms** sýndi **Skugga-Svein** eftir Matthías Jochumsson í leikstjórn Rúnars Guðbrandssonar. Hópurinn skilaði vel þessu klassísku verki, leikarar voru trúverðugir í hlutverkum sínum og mikið lagt í að búningar bæru tíma sínum vitni.

**3. Leikdeild Umf. Eflingar** sýndi **Í gegnum tíðina** eftir Hörð Pór Benónýsson, sem jafnframt leikstýrði. Verkið er samið í kringum lög frá árunum 1950–1980 og leikhópurinn naut sín vel í leik og söng í þessari hugljúfu sýningu.

**4. Leikfélag Kópavogs** sýndi **Hringinn** eftir Hrefnu Friðriksdóttur í leikstjórn Harðar Sigurðarsonar. Hér var á ferðinni frumlegt og óvenjulegt nýtt verk sem leikhópurinn skilaði vel.

**5. Leikfélag Reyðarfjarðar** sýndi **Baðstofuna** eftir leikhópinn og Gunnar Ragnar Jónsson, sem jafnframt leikstýrði. Leikararnir skiliðu hlutverkum sínum af natni og gerðu sögunni góð skil. Þjóðlegur en dökkur rammi verksins féll vel að sögunni.

**6. Leikfélag Vestmannaeyja** sýndi **Banastuð**. Leikstjóri var Guðjón Þorsteinn Pálmarson, en hann er jafnframt höfundur leikgerðar þessa verks, sem byggir á bandarískum B-myndum. Leikgleði og kraftur einkenndu sýninguna, ungu leikararnir eru efnilegir og vægi tónlistar í sýningunni var skemmtilegt á móti frísklegri leikgerð

leikstjórans.

**7. Leikfélag Ölfuss** sýndi **Himnaríki** eftir Árna Ibsen í leikstjórn Gunnars Björns Guðmundssonar. Uppfærslan var lifandi og skemmtileg, leikarar orkumiklir og fóru vel með vandasamt verk.

**8. Leikfélagið Sýnir** sýndi **Tristram og Ísönd** eftir Ármann Guðmundsson og Guðrúnu Sóleyju Sigurðardóttur, en Ármann leikstýrði. Riddarasöguformið var skemmtilega nýtt í þessari uppfærslu, orðleikni var áberandi og fallegir búningar ásamt listilegri fléttu leiks og tónlistar.

**9. Litli leikklúbburinn**, Ísafirði sýndi **Dampskipið Ísland** eftir Kjartan Ragnarsson. Leikstjóri var Halldóra Rósar Björnsdóttir. Sýningin var vandvirknislega unnin af leikstjóra og leikhóp og vandað var til leikmyndar, búninga og lýsingar. Leikarar stóðu sig vel og sjónræn umgjörð var vel unnin.

**10. Ungmennafélag Reykdæla** sýndi **Ekki trúua öllu sem þú heyrir** eftir Bjartmar Hannesson. Leikstjóri var Þróstur Guðbjartsson. Hér var mest lagt upp úr hraða og skemmtun, leiklausnir voru einfaldar og skýrar og leikhópurinn kröftugur.

**11. Ungmennafélagið Dagrenning** sýndi **Sólkum Völku** eftir Halldór Laxness í leikgerð Stefáns Baldurssonar og Þorsteins Gunnarssonar. Leikstjóri var Jakob S. Jónsson. Þessi viðamikla og mannmarga sýning var vönduð og gaman að sjá hvernig kraftar ólíkra kynslóða voru sameinaðir.

## Umsögn dómnefndar um Hringinn:

Leikfélag Kópavogs sýnir skemmtilega dirfsku í verkefnavali sínu en Hringurinn eftir Hrefnu Friðriksdóttur er óvenjulegt og frumlegt nýtt íslenskt leikrit. Leikstjórin Hörður Sigurðarson og leikhópur blása svo lífi í þann lítt hversdagslega heim sem höfundur dregur upp mynd af í verki sínu. Við hverfum inn í furðuheim sirkussins þar sem spurningamerki eru sett við ýmsar viðteknar hugmyndir okkar og leggjum ásamt aðalpersónunni í ferð í leit að leyndarmálum fortíðar. Í meðfórum Leikfélags Kópavogs verður þessi ferð full af spennu og ógnum, en jafnframt hugljúf og nostalgísk, meðal annars fyrir tilstilli tónlistar og myndbandsbrota sem sýna sirkuslíf í fortíðinni. Hinn sjónræni þáttur sýningaránnar er vel unnninn og hugvitsamlegur og leikarar standa sig með prýdi.

Þjóðleikhúsið óskar Leikfélagi Kópavogs til hamingju og býður leikfélagini að koma og sýna Hringinn í þjóðleikhúsini um miðjan júní.

## Menningarstefna Bandalags íslenskra leikfélaga

Blómleg starfsemi og fjöldi leikfélaga hér á landi vitnar um að leiklistin er almenningseign. Stór hópur fólks, óháð aldri, kyni og bjóðfélagsstöðu, nýtir frítíma sinn í skapandi starf og vinnur saman að leiklist. Bandalag íslenskra leikfélaga vill vinna að þróun og eflingu leiklistar með því:

- að stuðla að uppbyggingu leiklistarstarfs í öllum byggðarlögum.
- að gera áhugafólki kleift að afla sér menntunar í listinni og skapa því aðstöðu til að þroskast í menningarlegu og faglegu tilliti.
- að stuðla að því að börn og ungligar kynnist leiklist, jafnt sem þáttakendur og áhorfendur.
- að starfa með atvinnufólki að því markmiði að leiklistinni verði ætið tryggð þroskavænleg skilyrði.
- að stuðla að samskiptum og samvinnu leiklistaráhuga-fólks á norrænum og alþjóðlegum vettvangi.
- að hvetja til að listrænn metnaður og virðing fyrir leiklistinni sé leiðarljós allra áhugaleikara.
- að halda á lofti gildi þeirrar reynslu sem fæst með samstarfi og í samneyti við annað fólk.

*Sampykkt á aðalfundi í Reykholti 5. maí 2001.*

## Allt fyrir andann

*Sameiningarsöngur Bandalags íslenskra leikfélaga*

Það mælti mín móðir  
að mér skyldi kaupa  
fleyg af fugursta víni.  
En láteins og leikstjórninn  
– lítið mig staupa'  
en ég stressast svo þegar ég sýni.

Og botnlanginn brostinn  
og bévitans sárin í maganum,  
hvað ég er kvalinn.  
Og gómana gleypit'  
en ég gat gegnum tárin  
brosað samt út í salinn.

Því ég er einskis dóttir, ég er einskis son  
ég er ykkar systkin, það er engin von  
í heiminum fyrir handan  
Bandalagið.  
Sem elding leiftri inní mér  
mitt annað heimili er hér  
er allt fyrir andann  
Bandalagið.

Og víst er að vörðinn  
við vandlega stöndum  
um menningararfinn okkar.  
Af hugsjónahita  
á hrollköldum ströndum  
Íslands – því leikhúsið lokkar.

Sá grátur, sú gleði  
sá galdur að skapa  
fugurð oft furðu vekur.  
En ef ég er álitinn  
ærunni tapa  
af að leika er ljóst ég er sekur.

Því ég er einskis dóttir, ég er einskis son ...

*Lag: Oddur Bjarni Þorkelsson og Sigurður Illugason  
Texti: Oddur Bjarni Þorkelsson*

# Stuttverkahátíð í Færejum

*Ferð Leiklistarfélags Seltjarnarness og Hugleiks á stuttverkahátíðina Margt smátt  
í Nólsoy í Færejum, þann 15. október 2011.*



Tveggja heima tal



Ljóð fyrir níu kjóla

Stuttverkahátíð Bandalags íslenskra leikfélaga var haldin í Félagsheimili Seltjarnarness haustið 2009 og voru þáttakendur þá, auk íslenskra hópa, hópur frá Færejum og boðuðu þeir til stuttverkahátíðar 2011. Félagar í Leiklistarfélagi Seltjarnarness lýstu áhuga sínum á þátttöku sem og félagar úr Hugleik. Er leið að hátfíðinni hófumst við handa undir leikstjórn Bjarna Ingvarssonar og æfðum á fullum krafti fram að brottför.

Bjarni hefur verið okkur stoð og stytta mörg undanfarin ár og þökkum við honum að ferð þessi var möguleg. Verk okkar varð til úr spuna, litríkt og skemmtilegt og fjallar um ferðamann í tjaldútilegu sem kemst í kast við Gyðju undirheimanna. Verkið heitir Tveggja heima tal. Leikendur voru Monika Abendroth og Grétar G. Guðmundsson.

Áætlaður brottfarardagur rann upp föstudaginn 14. október en þá kom babb í báttinn – ekki flugveður. Setja átti hátfíðina á laugardagsmorgni kl. 10, var nú hringt og tölvupóstar sendir allan daginn. Til allrar hamingju lenti vélín frá Færejum á Reykjavíkurflugvelli um kvöldið, brottför var ákveðin á laugardagsmorgun kl. 8 og mættu þá tólf leikrarar, þrír frá Leiklistarfélagi Seltjarnarness og níu frá Hugleik. Setningu hátfíðarinnar var frestað til kl. 14.

Við lentum í Vágur og þar biðu okkar leigubílar er óku sem leið lá um nokkur göng til Þórshafnar, þaðan sem ferjan fór til Nólsoy kl. 13. Ferðin tók 20 mínútur og vorum við leidd beint í Royndarleikhúsíð í þessum 250 manna bæ. Og var hátfíðin sett þá þegar kl. 13.30. Sáum við fyrst 6 leikþætti frá Færejum, alla frumsamda eftir ýmsa heimamenn og yngsta leikskáldið var 15 ára. Verkin máttu ekki vera lengri en 15 mínútur í flutningi. Var nú gert matarhlé og var hlaðborði gerð góð skil. Þá var röðin komin að íslenska hópnum. Hugleikur flutti jólajátt, einleik sem Hulda B. Hákonardóttir lék. Síðan kom að okkur Seltirningum með Tveggja heima tal, þá tveir þættir Hugleiks innblásnir af verkum Shakespeare, Ljóð fyrir níu kjóla, leikstjóri og höfundur Sigriður Lára Sigur-

jónsdóttir og Að vera eða ekki vera, leikstjóri og höfundur Árni Friðriksson. Var öllum vel fagnað. Síðan var boðið til veislu kl. 20 með mat og drykk og stóð veislan fram undir morgun á efri hæð leikhússins með söng og færeyskum dönum.

Sunnudagsmorgunn rann upp með stilltu veðri en rigningu öðru hvoru. Við gengum um þróngar götur bæjarins og skoðuðum gömul stein- og timburhús, sum með torfbaki. Flestum húsum er vel við haldið, viða voru móttökudiskar fyrir sjónvarp. Hænsni, endur og kindur vöppuðu um garðana. Húsin eru kynt með olíu en verið er að reisa tvær vindmyllur sem framleiða eiga rafmagn til hitunar þeim 70 húsum sem eru í Nólsoy.

Er leið að hádegi var förinni heitið til Þórshafnar. Þar var okkur boðið að sjá rennsli á Gosa í Sjónleikarhúsinu á Niels Finsens Göta en frumsýna átti 22. október. Fannst okkur þetta lofa góðu og skemmtum við okkur mjög vel. Eftir stutt stopp í Þórshöfn héldum við til baka til Nólsoy í veislu heima hjá Hilmar Joensen og frú en hann er prímus mótor í Meginfélagi Áhugaleikara Færeys. Leið svo kvöldið og nöttin.

Það var glaður hópur sem gekk niður að höfn í ferjuna til að ná fluginu til Reykjavíkur. Hilmar og Gunnvör kona hans fylgdu okkur til Þórshafnar en þau ætluðu að taka ferjuna til Seyðisfjarðar til að sjá frumsýninguna á Töfratflautunni í Hörpu en ferðin var felld niður vegna veðurs og komust þau hvergi.

Við tókum svo rútu á flugvöllinn og héldum heim samkvæmt áætlun eftir að vélín hafði verið afísuð. Það snjóði í fjöll um nöttina.

Grétar G. Guðmundsson



Íslenski hópurinn



Færeyska sýningin Sálfræðingurinn



Að vera eða ekki vera



Fyrir framan Royndina



Hilmar Joensen og Bjarni Ingvarsson taka lagið

# Fundargerðir stjórnar Bandalags íslenskra leikfélaga leikárið 2011–2012

## Stjórnarfundur 30. apríl 2011

Stjórnarfundur í Bandalagi íslenskra leikfélaga í Bæjarleikhúsini í Mosfellsbæ 30. apríl 2011.

**Mætt:** Þorgeir Tryggvason, Guðfinna Gunnarsdóttir, Ólöf Þórardóttir, Halldór Sigurgeirsson, Ása Hildur Guðjónsdóttir, Embla Guðmundsdóttir, Prúður Sigurðar, Vilborg Árný Valgarðsdóttir og Ármann Guðmundsson.

1. Þorgeir leggur til óbreytta skipan stjórnar, Guðfinna verði varaformaður og Ólöf ritari stjórnar. Samþykkt.

2. Erindi frá skólanefnd tekið fyrir. Þar sem ekki er ljóst hvort takist að fullmanna námskeið Leiklistarskóla Bandalagsins í júní með þeim 36 nemendum sem fjárhagssáætlun skólans byggir á spyr nefndin hvernig stjórnin vilji bregðast við. Ákveðið að ef það vantar fleiri en 4 til að skólinn standi undir sér, tali stjórn saman aftur um málið.

3. Vilborg hefur sagt upp leigusamningi að Suðurlandsbraut 16 frá og með 1. maí. Tekur gildi 1. júlí.

Fleira ekki gert.

*Fundargerð ritaði Ármann Guðmundsson*

## Stjórnarfundur 1. júlí 2011

Haldinn í þjónustumiðstöðinni að Kleppsmýrarvegi 8, Reykjavík.

**Mætt:** Þorgeir Tryggvason, Guðfinna Gunnarsdóttir, Ása Hildur Guðjónsdóttir, Ólöf Þórardóttir, Prúður Sigurðar, Vilborg Árný Valgarðsdóttir og Ármann Guðmundsson.

Þorgeir setur fundinn.

### 1. Úthlutun styrka vegna leikársins 2010–2011

Umsóknir um frumflutningsstyrki og sérstakt frumkvæði ásamt vafaatriðum tekið fyrir sérstaklega að venju:

#### Borgarbörn

Umsókn um sérstakt frumkvæði vegna Leikfangalífs hafnað og umsókn um námskeið hafnað þar sem það var hluti af æfingaferli sýningar.

#### Freyvangsleikhúsið

Bannað börnum – Umsókn um frumkvæði hafnað.

Svejk – Sérstakt frumkvæði veitt vegna frumsaminnar tónlistar.

#### Hugleikur

Hin einkar hörmulega ópera ... – Sérstakt frumkvæði vegna frumsaminnar tónlistar.

Beljur – Styrkveitingu hafnað þar sem um útvärpsleikrit var að ræða.

#### Leikdeild Umf. Gnúpverjahrepps

Gaukssaga – Sérstakt frumkvæði veitt vegna frumsaminnar tónlistar.

#### Leikfélag Húsavíkur

Að eilifu – Sérstöku frumkvæði hafnað.

#### Leikfélag Kópavogs

Beðið eftir græna kallinum – Sérstöku frumkvæði hafnað.

Bót og betrun – Sérstöku frumkvæði hafnað.

#### Leikfélag Mosfellssveitar

Þorri og þura – Sérstakt frumkvæði vegna frumsaminnar tónlistar.

Lísa í Undralandi – Sérstakt frumkvæði vegna frumsaminnar tónlistar.

Auglýsingar – Styrkveitingu hafnað.

#### Leikfélag Reyðarfjarðar

Stríðið okkar – Rætt hvort um heildstætt leikverk eða skemmtidagskrá væri að ræða. Verkið metið sem heildstætt leikverk og veittur frumflutningsstyrkur.

#### Leikfélag Selfoss

Hið dularfulla hvarf hollvinafélagsins – Sérstöku frumkvæði hafnað.

Á heimilinu – Umsókn um frumflutningsstyrk hafnað.

Hefndin er sæt – Umsókn um frumflutningsstyrk hafnað.

Love me tender – Umsókn um frumflutningsstyrk hafnað.

#### Leikfélag Vestmannaeyja

Mamma mia – séns á skrens – Sérstöku frumkvæði hafnað.

#### Leikfélag Ölfuss

Stútungasaga – Sérstöku frumkvæði hafnað.

#### Leikfélagið Peðið

Sögur af mannlífsklakanum – Sérstakt frumkvæði vegna frumsaminnar tónlistar.

Hlátur – Sérstöku frumkvæði vegna frumsaminnar tónlistar hafnað.

#### Leikfélagið Skrugga

Skemmtikvöld Leikfélagsins Skruggu – Eftir nokkra umræðu um hvort um leiksýningu eða skemmtidagskrá væri að ræða var ákveðið að veita styrk en ekki frumflutningsálag.

#### Leikfélagið Sýnir

Allir komu þeir aftur – Sérstöku frumkvæði hafnað.

#### Litli leikklúbburinn

Á skíðum skemmti ég mér – Eftir nokkra umræðu um hvort um leiksýningu eða skemmtidagskrá væri að ræða var ákveðið að veita styrk en ekki frumflutningsálag.

#### Stúdentaleikhúsið

Réttarhöldin – Sérstakt frumkvæði vegna frumsaminnar tónlistar.

DNA – Sérstakt frumkvæði vegna frumsaminnar tónlistar.

Ákveðið að styrkja ekki Höfunda í heimsókn í Leiklistarskóla Bandalagsins.

Umræða varð töluverð um sýningar sem settar eru upp án þess að leyfi frá rétthafa sé fengið. Rætt hvort að leggja ætti fyrir aðalfund tillögu um að slíkar sýningar fái ekki styrk þar sem þetta athæfi er lögbrot sem varpar skugga á orðspor allra aðildarfélaga Bandalagsins. Ekkert ákveðið að svo stöddu.

Alls bárust umsóknir frá 39 félögum vegna 91 leiksýningar og leikþáttta, 11 námskeiða og 27 nemenda Leiklistarskóla Bandalags ísl. leikfélaga. Til úthlutunar voru 17 milljónir króna. Niðurstaða úthlutunar er að styrkurinn verður 3.387 kr. pr. mí. eða 270.980 kr. fyrir leikrit 80 mí. eða lengra. Frumflutningsálag (30%) er 81.294 kr. og álag fyrir sérstakt frumkvæði (20%) er 54.196 kr. Veitt var til 89 leikrita og leikþáttta, 8 námskeiða og 27 nemenda í Leiklistarskóla BÍL.

## 2. Starfsáætlun 2011–2012

Flutningar á Kleppsmýrarveg 8 eru yfirlitaðir og gengu vel. Allt kemst fyrir á nýja staðnum og er almenn ánægja með húsnaðið. Erlenda leikritasafnið, sem var mest í kiljum, var við flutninga fært bókasafni leiklistardeilda Listaháskóla Íslands að gjöf og það þegið með þökkum, þó með þeim fyrirvara að það sem talið er að ekki nýtist safninu verði boðið nemendum til eignar.

Stuttverkahátiðin Margt smátt verður haldin 15. október á þessu ári í Þórshöfn í Færeyjum. Færeyjar, Ísland og Noregur taka þátt og er hverju landi úthlutað 75 mínútna sýningartíma sem það ráðstafar að vild. Þó má einstök sýning ekki fara yfir 15 mínútur að lengd. Ef eitthvert landanna fyllir ekki tímavótann sinn, getur annað land nýtt sér hann eftir samkomulagi. Einleikir verða ekki leyfðir. Frestur til að sækja um þátttöku til Bandalagsins er 15. ágúst og 1. september mun liggja fyrir hvaða sýningar fara.

Lestrarhestaverkefnið er að fara af stað. Ármannt greindi frá því að þegar sé búið að senda handrit á nokkra hesta en endurskrá þurfi í lestrarhestahópinn þar sem póstlistinn glataðist í síðasta innbroti.

## 3. Breyting á úthlutun styrkja hins opinbera

Alþingismenn urðu sammála um að hætta að úthluta sjálfrir alls konar smástyrkjum til góðra mála, eins og venjan hefur verið lengi og hefur fjárlaganefnd nú ákveðið að færa þessa úthlutun frá þinginu og í hendur sjóða, sveitarfélaga og ráðuneytu.

Þorgeir lagði til að farið verði í herferð til að vekja athygli á málstað Bandalagsins. Til þess þurfi að stofna öflugan hóp til að skrifa greinar og vinna skipulega að kynningu Bandalagsins út á við. Nýta mætti velgegni einstakra sýninga aðildarfélaganna, Þjóðleikhússýninguna og fleiri þess háttar atriði til kynningar. Líka væri æskilegt að fá raddir utan hreyfingarinnar til að tala okkar máli, t.d. um skólann. Nota má tölfræði ársins um leið og hún liggur fyrir. Þorgeir lagði til að hann sjálfur, Vilborg og Guðfinna verði í aðgerðahópi sem stýrir þessari vinnu. Þorgeir er formaður hópsins.

## 4. Umsókn frá Leikdeild Íþróttafélagsins Höfrungs á þingeyri

Tekin fyrir umsókn um aðild að Bandalaginu frá Íþróttafélaginu Höfrungi á þingeyri. Gerð athugasemd við grein 10 í lögum félagsins. Breyta eigi klausunni „... til eflingar á íþrótt- og menningarlífi ...“ og taka út íþróttir. Samþykkt með fyrirvara um að frekari gögn og kennitala berist.

## 5. Erindi frá Lénsherra

Stjórn barst erindi frá Lénsherra Leiklistarvefsins þar sem hann minnti á beiðni sína í ársskýrslu vefnefndar um að starf og stefna nefndarinnar verði mótuð nánar og skipunarbréf gert fyrir hana líkt og fyrir aðrar nefndir Bandalagsins.

Stjórn telur að reynsla og yfirsýn Lénsherra sé ómissandi til að vinna þetta verk. Ákveðið að fela Lénsherra í samráði við vefnefnd að gera tillögu að ramma og starfssviði embættisins og nefndarinnar. Gott væri að fá fyrstu drög til stjórnar fyrir næsta stjórnarfund. Í framhaldinu myndi stjórnin vinna úr tillögum í samráði við Lénsherra og ganga frá skipunarbréfi hans og vefnefndar í framhaldinu.

## 6. Fósturfélög stjórnarmanna

Fósturfélagakerfið hefur lítið verið notað að undanförnu en allir stjórnarmenn eru sammála um að þetta sé gott kerfi. Ákveðið að halda áfram að úthluta stjórnar- og varastjórnarfólk fósturfélögum, Vilborg sér um að skipta aðildarfélögum niður á þá.

## 7. Launamál starfsmanna

Formaður og varaformaður tóku að sér endurskoðun á launamálum starfsmanna eins og venja er á þessum árstíma.

## 8. Önnur mál

Þorgeir sagðist hafa ákveðið að biðjast undan því að verða varaformaður NEATA eins og þrýst hefur verið á hann að gera.

Fleira ekki gert.

*Fundargerð ritaði Ármann Guðmundsson*

---

Athugasemd vegna úthlutunar, sett inn 8. ágúst af Vilborgu Valgarðsdóttur:

Komið hafa í ljós alvarlegar villur í úthlutunargrunninum sem notaður var við skiptingu styrkjanna sem gerðu það að verkum að allar upphæðir voru rangar. Álag var alls staðar of lágt reiknað þar sem sýningartími fór niður fyrir 80 mí. Það þýðir að heildarniðurstaðan breytist hjá öllum og var ekki um annað að ræða en að rukka þá sem fengu of mikið og borga þeim sem fengu of lítið.

Við þessa endurútreikninga varð niðurstaðan þessi:

Fullur styrkur vegna 80 mí. eða lengri verka er 258.590 kr., ekki 270.980 kr. 30% frumflutningsálag er því 77.577 kr. og 20% álag vegna sérstaks frumkvæðis 51.718 kr.

Hlutaðeigandi leikfélög hafa verið beðin afsökunar og látin vita um inneignir eða skuldir hvers og eins vegna þessa.

## Stjórnarfundur 21. október 2011

Fundur í stjórn Bandalags ísl. leikfélaga, haldinn 21. október 2011 að Kleppsmýrarvegi 8, Reykjavík.  
Mætt: Vilborg Árný Valgarðsdóttir, Þorgeir Tryggvason, Ása Hildur Guðjónsdóttir, Halldór Sigurgeirsson, Embla Guðmundsdóttir og Guðfinna Gunnarsdóttir.

Þorgeir setur fundinn kl. 16.00.

## 1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar

Viðbót við fundargerð rædd, þar koma fram breytingar á úthlutun vegna villna í úthlutunargrunni.

## 2. Starfsáætlun leikárið 2011-12

Vilborg ræddi um tillögur að fjárlögum næsta árs. Skrifstofan fær samkvæmt þeim um 100.000 króna lækkun á framlagi. Fjármál næsta árs eru í sama farvegi, nema nú hefur verið kallað eftir greiðsluáætlun frá kaupanda Laugavegs 96. Kaupandi lofar að hafa hana tilbúna 14. nóvember. Mennta- og menningarmálaráðuneyti hefur borist erindi frá Jakobi S. Jónssyni, leikstjóra, þar sem hann vill koma á samningum aftur milli Bandalagsins og leikstjóra. Ráðuneytið hafði samband við framkvæmdastjóra vegna málsins og mun svara fyrirspurninni á þann veg að ráðuneytið hlutist ekki til um þesskonar mál. Rætt um nýjustu fundargerð skólanefndar. Almenn ánægja með það sem þar kemur fram. Þorgeir sagði frá stuttverkahátið í Færeymum. Ferðakostnaður var mjög hár og var lengi vel vafamál hvort af þessu yrði. En farið var og Hugleikur fór með 3 þætti og Seltirningar fóru með einn. Hátíðin bar þess aðeins merki að ýmislegt hafði gengið á, veikindi og tafir á ferðum. Allt gekk vel að lokum. Fulltrúar Bandalagsins voru til sóma. Möguleiki á áframhaldandi samstarfi milli Færeys og Íslands og fleiri lönd hafa áhuga á að taka þátt, en ekkert hefur verið ákveðið.

## 3. Umsóknir um aðild

- a) Umsókn um aðild frá Leikfélagi Bolungarvíkur. Samþykkt.
- b) Umsókn um aðild frá Leikfélagi A-Eyfellinga. Samþykkt.

## 4. Safn íslenskra leikrita í erlendum þýðingum

Búið er að funda með vefhonnuði Bandalagsins um hvað hans vinna myndi kosta, en erfitt að gera sér grein fyrir verðlagningu af hendi skrifstofu Bandalagsins. Búa þyrfti til sér gagnagrunn fyrir þetta verkefni. Beðið frekari upplýsinga frá Melkorku Teklu, leiklistarráðunaut Þjóðleikhússins, um hverjir vilja borga fyrir þessa vinnu og þá hvað mikið.

## 5. Nýtt frumvarp til sviðslistalaga

Búið er að taka út lið um að sveitarstjórnir geti veitt styrki til áhugaleikfélaga. Bandalagið nefnt á nafn í 6. grein og 18. grein. Ekki þykir nægilega skýrt kveðið á um í frumvarpinu hvort að sviðslistasjóður eða Alþingi sjái um að ákveða fjármagn til Bandalagsins. Ákveðið að senda athugasemd með tillögu að breytingu til að skýra málid. Vilborg kannar málid áður en tillagan verður send.

## 6. Ársrit BÍL 2010-11

Drög lögð fram til kynningar. Ársritið er seint á ferðinni og ekki tilbúið, en mun koma út í næsta mánuði. Ármann Guðmundsson sér um uppsetningu.

## 7. NEATA-hátið 2012

- a) Val á sýningum.

Það þarf að skipa valnefnd, en frestur til að sækja um rennur út 15. janúar. Hugleikur hefur óskað eftir því að frestur til að skila inn umsóknum verði framlengdur a.m.k. til 5. febrúar. Ákveðið að senda stjórnendum hátiðarinnar fyrirspurn um hvort mögulegt sér að lengja í umsóknar-fresti um einhverja daga, mögulega mánuð.

- b) NEATA Youth 2012.

Danir boða til NEATA Youth-ráðstefnu samhliða hátiðinni í sumar og ætla að greiða fyrir 3 aðila frá hverju landi. María Björt Ármannsdóttir er fulltrúi Íslands í NEATA Youth og hún ætlað að fara. 2 pláss verða í boði til viðbótar. Lagt til að María búi til kynningarbréf sem sent verði á aðildarfélögum með umsóknarfresti.

c) DigiDeLight 2012.

Ein umsókn hefur borist og er hún frá Litla leikklúbbnum. Vilborg kemur féluginu í samband við forsvars-menn verkefnisins.

## 8. NAR-ráðstefna í Oslo 14. nóv 2011

Þorgeir fer á fund. Vilborg leggur til að sett verði á dag-skrá fundarins að NAR berjist fyrir því að fá aftur ferðastyrkina sem felldir voru út úr nýjum reglum Norrænu ráðherranefndarinnar en þar er núna enga styrki að hafa fyrir félög sem vilja ferðast með sýningar milli Norður-landanna eða á hátiðir sem haldnar eru á norrænum vettvangi.

## 9. Önnur mál

- a) Næsti aðalfundur.

Vilborg sagði því að undirbúnin stendur nú sem hæst hjá Litla leikklúbbnum vegna næsta aðalfundar sem haldinn verður á Ísafirði, eða mögulega á Núpi í Dýrafirði. Vilborg var beðin að ræða aðgengismál við skipuleggjendur fundarins. Áætuð dagsetning er 4.-6. maí 2012.

- b) Tímasetning næsta stjórnarfundar rædd, bráðabirgða-dagsetningar 23. mars eða 30. mars 2012.

Fundi slitið kl.18.15.

*Fundarritari var Guðfinna Gunnarsdóttir*

## Stjórnarfundur 24. mars 2012

Haldinn í þjónustumiðstöðinni að Kleppsmýrarvegi 8, Reykjavík.

Mætt: Þorgeir Tryggvason, Guðfinna Gunnarsdóttir, Halldór Sigurgeirsson, Ása Hildur Guðjónsdóttir, Ólöf Þórðardóttir, Prúður Sigurðar, Vilborg Árný Valgarðsdóttir og Ármann Guðmundsson.

Fundur settur kl. 9.00.

Dagskrá:

## 1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar

Fundargerð síðasta fundar yfirfarin og samþykkt. Ekkert hefur gerst í afborgunum af húsnaðinu á Laugaveginum frá síðasta fundi og grípa þarf til aðgerða ef ekkert gerist á næstu dögum. Ekkert varð af samstarfi um varðveislu á íslenskum leikritum á erlendum málum þar sem Félag handritshöfunda ákvað að ganga heldur til samstarfs við danskan leikritabanka.

## 2. Starfsáætlun BÍL 2010-11

Almenn starfsemi

1. Rekstur þjónustumiðstöðvar, Leiklistarskóla, Leiklistarvefsins og annarra fastra liða í starfseminni.

Rekstur þjónustumiðstöðvar er í járnum að venju. Bókanir í Leiklistarskólann ganga ágætlega og útlit fyrir góða aðsókn í sumar. Leiklistarvefurinn hefur haldið sínu striki og vill stjórn þakka Herði Sigurðarsyni fyrir mikið og óeigingjarnt starf við rekstur vefsins og tölvukerfis Bandalagsins.

2. Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og frá einkaaðilum til starfsemi áhugaleikfélag-anna og sameiginlegra verkefna.

Beiðni hefur verið send á menntamálaráðuneyti um hækkuðum framlaga á árinu 2013. Ákveðið að panta tíma hjá menntamálaráðherra til að fylgja henni eftir.

3. Halda áfram samstarfi við þjóðleikhúsið með Athyglisverðstu áhugaleiksýningu ársins. Samstarfið er í miklum blóma.

### 3. Aðalfundur 2012 undirbúinn

a) Ársreikningur yfirfarinn og áritaður

Vilborg kynnti ársreikninginn fyrir árið 2011 fyrir stjórn. Engar athugasemdir gerðar og stjórn samþykkti reikninginn með undirskrift sinni.

b) Aðstaða og verð á Ísafirði

Tilboð bárust frá Hótel Ísafirði og Edinborgarhúsinu. Tilboði hótelsins tekið varðandi gistingu og morgunverð en fundurinn og allar aðrar máltíðir verða í Edinborgarhúsinu. Verðið verður samtals 26.000 kr. á manninn í tveggja manna herbergjum. Hugmyndir eru uppi um að safna fólk í saman í rútur fyrir norðan og sunnan, sem myndu svo sameinast í eina í Staðarskála. Halldór Sigurgeirsson vinnur í málínu. Ekki verður skipulögð dagskrá á föstudagskvöldinu þar sem fólk verður líklega að renna í bæinn fram eftir kvöldi.

c) Dagskrá aðalfundar

Ákveðið að leggja til að lagabreytingatillögur verði afgreiddar sem liður 6 á dagskrá aðalfundar og fari þar fram fyrir skýrslu stjórnar og reikninga á fundinum.

d) Stjórnarkjör

Guðfinna, Halldór og Ása Hildur eiga að ganga úr stjórn. Ætla öll að gefa kost á sér aftur. Halla Rún og Bernharð eiga að ganga úr varastjórn. Pau voru ekki á stjórnarfundinum en kjörnefnd mun kanna hug þeirra til framboðs fyrir aðalfund.

e) Lagabreytingar

Stjórn leggur fram nokkrar minniháttar lagabreytingatillögur sem miða að því að færa lögini í áttina að því sem þegar er framfylgt í raun og taka út úreilt ákvæði.

f) Starfsáætlun 2012–13

Ákveðið að leggja til að liðir 1–3 verði óbreyttir frá yfirstandandi leikári en bætt verði við liðum undir sérverkefni:

1. Að haldin verði einþáttungahátið í tengslum við aðalfund.

2. Að haldið verði námskeið í stjórnun leikfélaga og markaðssetningu haustið 2012.

### 4. Erlent samstarf

a) Fulltrúi BÍL á ársfundum NEATA og NAR í Sönderborg 31.7.–6.8. 2012.

Ákveðið að Þorgeir og Vilborg sæki aðalfund NEATA og deili kostnaði umfram það sem hátiðin greiðir. Bandalagið greiði helming ferðakostnaðar Þorgeirs.

b) Fulltrúar Íslands í NEATA Youth 22.7.–6.8. á sama stað.

Maria Björt Ármannsdóttir, NEATA Youth-fulltrúi, hefur valið Grímu Kristjánsdóttur og Guðrúnú Sóleyju Sigurðardóttur til að sækja með sér leiksmeiðju sem haldin er á undan hátiðinni og sýnir afrakstur sinn á henni.

c) Hulda Hákonardóttir gerir grein fyrir fundi hjá Nordisk kulturfond 2.3. 2012:

Samráðsfundur Norrænu Ráðherranefndarinnar (N.R.) / Dialog med amatör- og frivilligsektoren, haldinn í Kaupmannahöfn 2. mars 2012, með áhugafólk og sjálfboðaliðum frá hinum ýmsu menningar- og listasviðum á Norðurlöndum. Hulda Hákonardóttir sótti fundinn fyrir hönd Bandalagsins. Hún kom á stjórnarfundinn og flutti skýrslu: Boðað var til fundarins vegna þeirrar stöðu sem

upp er komin í styrkveitingamálum þessara aðila. Um var að ræða óformlegan vinnu- og hugarflugsfund.

Við skipulagsbreytingar í styrkjámánum N.R. árið 2007 varð útilokað fyrir áhugafólk og sjálfboðaliða að sækja um styrki vegna starfsemi sinnar. Fljótega varð ljóst að við svo búið mátti ekki una og frá 1. janúar 2010 var úr þessu bætt með því að koma á laggirnar Menningar- og listaprógrammi (Kultur- og kunstprogrammet) sem gat úthlutað styrkjum til allrar menningar- og listastarfsemi, bæði til atvinnumanna sem og áhugafólks/sjálfboðaliða.

Eftir tveggja ára reynslutíma hefur þótt nauðsynlegt að endurskoða fyrirkomulagið enn frekar og þá með áherslu á að koma betur til móts við starfsemi áhugafólks/sjálfboðaliða.

Þar sem N.R. vill leggja sérstaka áherslu á norræna velferðarmódelið og þróun þess, er mikilvægt að styðja við starfsemi áhugafólks/sjálfboðaliða í samfélaginu. Sterk samfélög einkennast ekki hvað síst af samvinnu og trausti, þar sem ólíkar starfsstéttir og ólíkir þjóðfélags-hópar vinna saman að ákveðnum verkefnum.

Með þetta m.a. í huga varð niðurstaða fundarins su að til að styrkja starfsemi áhugafólks/sjálfboðaliða væri æskilegt að N.R. endurskoðaði styrkveitingamálauflokk sinn og afmarkaði sérstakan styrkjaflokk fyrir áhugafólk/sjálfboðaliða á menningar- og listasviðinu.

Huldu þakkað fyrir að sækja fundinn fyrir hönd Bandalagsins.

### 5. Önnur mál

a) Dagsetning úthlutunarfundar

Úthlutunarfundur áætlaður laugardaginn 7. júlí.

b) Allt fyrir andann

Átak var gert í að selja Allt fyrir andann (sögu Bandalagsins) til bókasafna og soldust 14 eintök. Einnig var hún sett á bókamarkaðinn í Perlunni en þar soldist aðeins 1 eintak.

c) Samstarfsverkefni

Ólöf varpaði fram spurningunni hvað þyrfti til til þess að sýning gæti kallast samstarfsverkefni leikfélags og annarra aðila í sambandi við styrkina. Fundarmenn töldu það matsatriði í hvert skipti en þó er skilyrði að það komi fram í gögnum (t.d. leikskrá) að leikfélagið komi að uppsetningunni.

d) Höfundaréttarmál

Ákveðið að ræða réttindamál á aðalfundinum og leggja fyrir fundinn tillögu um að sýningar sem ekki hafa fengið leyfi höfundarréttthafa verði ekki styrktar. Færst hefur í vöxt að leikfélög sæki ekki um leyfi fyrir uppsetningum leikverka.

e) Höfundargreiðslur

Vilborg greindi frá því að framkvæmdastjóri Rithöfundasbandsins hefði bent á að uppfæra hefði átt samning um höfundar- og þýðendalaun á ári hverju síðan samningurinn var undirritaður 2003 en það hafi ekki verið gert og krónutala pr. sýningu því sú sama í dag og upphaflega var samið um. Eftir viðræður milli framkvæmdastjóra Bandalagsins, framkvæmdastjóra Rithöfundasbandsins og formanns Félags handritshöfunda var ákveðið að uppreiknaðir taxtar tækju gildi 1. júní 2012 eða í upphafi næsta leikárs.

Fleira ekki gert og fundi slitið um kl. 13.30.

Fundargerð ritaði Ármann Guðmundsson

## Stjórnarfundur 5. maí 2012

Haldinn í Edinborgarhúsinu á Ísafirði.

Mætt: Porgeir Tryggvason, Guðfinna Gunnarsdóttir, Halldór Sigurgeirsson, Ólöf Þórðardóttir, Bernharð Arnarson, Embla Guðmundsdóttir, Þrúður Sigurðar, Vilborg Árný Valgarðsdóttir og Ármann Guðmundsson

1. Stjórn skipti með sér verkum fyrir aðalfund.

2. Halldór ræddi áhugaleysi á mætingu á aðalfund hjá aðildarfélögum. T.d. væri aðeins einn fulltrúi frá svæðinu frá Eyjafirði austur fyrir land að Selfossi. Fundar-

menn töldu að einkum þrennt fengi fólk til að mæta á Bandalagsþing:

- a. Félagsleg ábyrgð
- b. Þingin væru skemmtileg
- c. Viðburðir tengdir þeim, t.d. stuttverkahátiðir og námskeið

Porgeir sagðist ekki telja að dræm mæting væri beinlínis vandamál, í henni fælist fyrst og fremst valdaafsal þeirra sem mættu ekki til þeirra sem mættu.

Fleira ekki rætt.

*Fundargerð ritaði Ármann Guðmundsson*

# Aðalfundur Bandalags íslenskra leikfélaga í Edinborgarhúsinu á Ísafirði, 5.–6. maí 2012

## 1. Fundarsetning. Kosning 2ja fundarstjóra og 2ja fundarritara, sem taka þegar til starfa. Lögmæti fundarins kannað.

Porgeir Tryggvason, formaður Bandalagsins, setti fundinn og stakk upp á Sveinbirni Björnssyni og Sturlu Páli Sturlusyni frá Litla leikkúbbnum sem fundarstjórum og Ármanni Guðmundssyni, ritara skrifstofu, og Evu Björgu Harðardóttur, Leikfélagi Mosfellssveitar, sem fundarriturum. Samþykkt af fundinum. Lögmæti fundarins kannað og staðfest.

## 2. Kjörnefnd afgreiðir kjörbréf og afhendir atkvæðaspjöld, skýrir stöðu mála varðandi stjórnarkjör og auglýsir eftir tillögum.

Kjörnefnd, skipuð Dýrlifu Jónsdóttur, Leikfélagi Hafnarfjarðar, Sigríði Láru Sigurjónsdóttur, Hugleik og Gerði Sigurðardóttur, Leikfélagi Selfoss, afhenti atkvæðaspjöld og kynnti stöðu mála varðandi stjórnarkjör.

## 3. Menningarstefna Bandalagsins lesin og rædd.

Þrúður Sigurðar, Leikfélagi Ölfuss og varastjórn Bandalagsins, las menningarstefnuna. Engar umræður.

## 4. Staðfest inntaka nýrra félaga, félög tekin af félagaskrá.

Embla Guðmundsdóttir, Umf. Reykdæla og varastjórn, kynnti aðildarfélög. Leikfélag Austur-Eyfellinga, Leikfélag Bolungarvíkur og Leikfélag Flateyrar hafa sótt um innsgöngu og stjórn samþykkt þau. Fundurinn staðfesti inn töku þeirra. Ekkert félag hefur sagt sig úr Bandalaginu eða verið tekið af skrá vegna árgjaldaskulda á leikárinu.

## 5. Fundargerð síðasta aðalfundar afgreidd.

Fundargerðin borin upp og samþykkt.

## 6. Lagabreytingar.

Stjórn fór fram á að breyting yrði gerð á fundardagskrá og lagabreytingar fluttar fram fyrir skýrslu formanns og reikninga. Ástæðan fyrir því var sú að það þurfti lagabreytingu til að gera það löglegt að ársreikningur var gerður af viðurkenndum bókara í ár, ekki löggiltum endurskoðanda

eins og hingað til og átti að gera skv. lögum Bandalagsins. Vilborg Valgarðsdóttir, framkvæmdastjóri Bandalagsins, sagði að það væri helmingi ódýrara að láta viðurkenndan bókara setja upp reikninga en löggiltan endurskoðanda. Breytingartillögur gerðar við greinar 3, 7, 12 og 17 í lögum Bandalagsins. Porgeir Tryggvason gerði grein fyrir tillögunum.

## Tillaga að breytingum á lögum Bandalags íslenskra leikfélaga frá stjórn og varastjórn – lögð fyrir aðalfund 5. maí 2012

Ath. að viðbætur eru feitletraðar en úrfellingar skáletraðar.

### 3. grein

Markmið Bandalagsins er að vinna að þróun og eflingu leiklistar á Íslandi.

Markmiði þessu hyggst það ná með því:

1. Að stuðla að uppbyggingu leiklistarstarfs í öllum byggðarlögum landsins.

2. Að gera áhugafólkí kleift að afla sér menntunar í listinni og skapa því aðstöðu til að þroskast í menningarlegu og faglegu tilliti.

3. Að annast innkaup og sölu á varningi sem leiklistarstarfsemin þarfnað.

4. Að útvega leikverk og sjá um fjörlitun þeirra eða útgáfu.

5. Að útvega leikstjóra/leiðbeinendur sé þess óskað.

6. Að miðla upplýsingum og fræðslu á skilvirkan hátt.

7. Að kynna starfsemi íslenskra áhugaleikfélaga innan lands sem utan.

8. Að örva leikfélög til að leita nýrra leiða í leiklistarstarfi.

Til að auðvelda sér að ná markmiðum sínum rekur Bandalagið þjónustumiðstöð **og heldur úti Leiklistarvefnum**.

### 7. grein

Stjórn Bandalagsins fer með æðsta vald Bandalagsins milli aðalfunda, hana skipi 5 menn, formaður, varaformaður, ritari og tveir meðstjórnendur. Þeir skulu kosnir á aðalfundi til tveggja ára í senn, þannig að annað árið er kosinn formaður og einn stjórnarmanna, en næsta ár



Fundarstjórnarir Sturla Páll Sturluson og Sveinbjörn Björnsson.

þrír stjórnarmenn. Formaður er kosinn sérstaklega, en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum. Á sama hátt skal kjósa ýmist two eða þrjá í fimm manna varastjórn. Varastjórnarmenn eru boðaðir á alla stjórnarfundi og hafa málfrælsi og tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt nema þegar þeir taka sæti í aðalstjórn vegna forfalla aðalmanna. Kosningar skulu bundnar við uppástungur. Formaður boðar til stjórnarfunda. Halda skal minnst fjóra stjórnarfundi á ári og skulu fundargerðir sendar út til félaganna **bírtar á Leiklistarvefnum og í Ársriti Bandalagsins**. Fundur er lögmaður ef minnst þrír aðalmenn mæta.

## 12. grein

Reikningsár Bandalagsins er almanaksárið. Reikningar þess skulu settir upp af **viðurkenndum bókara** eða löggiltum endurskoðanda og skulu þeir vera tilbúnir fyrir skoðunarmenn reikninga eigi síðar en fjórum vikum fyrir aðalfund.

## 17. grein

Bandalagsfélög sem ferðast með leikrit til sýninga, skulu hafa samráð við leikfélög á fyrirhuguðum sýningarstöðum, svo sýningar þeirra skaði ekki viðkomandi félög. **Óheimilt er að koma með sama verk til sýningar og verið er að æfa eða sýna á staðnum.** Í sýningarferðum skulu Bandalagsfélögini aðstoða hvert annað eftir bestu getu.

Lagt fram af stjórn og varastjórn Bandalags íslenskra leikfélaga:

*Porgeir Tryggvason, formaður  
Guðfinna Gunnarsdóttir, varaformaður  
Ólöf Þórðardóttir, ritari  
Halldór Sigurgeirsson, meðstjórnandi  
Ása Hildur Guðjónsdóttir, meðstjórnandi  
Halla Rún Tryggvadóttir  
Magnús J. Magnússon  
Bernharð Arnarson  
Þrúður Sigurðardóttir  
Embla Guðmundsdóttir*

Atkvæði greidd um hverja grein fyrir sig og þær allar samþykktar einróma. Lögin í heild sinni samþykkt, einnig einróma.



Guðfinna varaformaður og Vilborg framkvæmdastjóri ráðum sínum.

## 7. Skýrsla stjórnar.

Þorgeir Tryggvason flutti skýrslu stjórnar. (Sjá bls. 8)

## 8. Framkvæmdastjóri leggur fram endurskoðaða reikninga síðasta árs og skýrir þá.

Vilborg Valgarðsdóttir lagði fram reikninga síðasta árs og gerði grein fyrir þeim:

Tekjutap á milli áranna 2010 og 2011 eru 3,6 m.kr. ef frá eru taldar tekjur vegna NEATA-hátiðarinnar á Akureyri 2010 sem voru um 11 m.kr. Mestu munar um lækkun á styrk frá ríkinu um 2,6 m.kr. en alls hefur hann lækkað um 4,7 m.kr. frá árinu 2008. Sala á vörum stóð því sem næst í stað en „aðrar tekjur“ voru 1,4 m.kr. lægri og munar þar mest um vaxtatekjur og bætur vegna innbrots.

Ekki tókst að lækka rekstrargjöldin milli ára nema um 550 þ.kr. ef frá er talin sem áður kostnaður vegna NEATA-hátiðarinnar. Húsaleiga lækkaði þó um 1,5 m.kr. en „ýmis rekstrarkostnaður“ hækkar um 200 þús. sem rekja má til flutninga og endurnýjunar á búnaði sem stolið var í áður nefndu innbroti.

Bandalagið á enn útistandandi tæplega 11 m.kr. vegna sölu húsnæðisins að Laugavegi 96 (uppreiknað með verðbótum en án vaxta). Fjármál kaupandans eru í endurskoðun hjá Landsbankanum og ekki fyrirséð hvernig niðurstaðan verður. Hann er farinn að tala um að rifta kaupsamningnum, við vonum í lengstu lög að það gerist ekki.

Rekstrartapið árið 2010 var 4,5 m.kr. en var 7,5 m.kr. fyrir árið 2011. Þetta er óviðunandi staða og verður áfram unnið að lækkun kostnaðar svo sem frekast er unnt en fátt er orðið eftir til að skera nema laun starfsmanna.

## 9. Umræður um skýrslu stjórnar og afgreiðsla reikninga.

Þráinn Sigvaldason, Leikfélagi Fljótsdalshéraðs, lagði til að leikfélögini tækju að sér að selja ákveðið magn af sögu Bandalagsins.

Bernharð Arnarson, Leikfélagi Hörgdæla og varastjórn Bandalagsins lýsti því yfir að Leikfélag Hörgdæla ætlaði að kaupa 10 eintök af sögu Bandalagsins til að selja áfram til sinna félagsmanna og skoraði á önnur leikfélög að gera hið sama. Hann þakkaði starfsmönnum Bandalagsins fyrir góð störf í erfiðu fjárhagslegu umhverfi.

Árný Leifsdóttir, Leikfélagi Ölfuss, spurði um hvernig



Fundargestir voru alveg á einu máli um hvert skildi horfa.

fyrirkomulag styrkja í norrænu samstarfi hefði verið hér áður fyrr.

Þorgeir Tryggvason svaraði því. Fyrir allnokkrum árum fékk NAR, norræna áhugaleikhúsráðið, árlega fjárveitingu til að styrkja leikhópa til ferðalaga. Þegar þessir styrkir lögðust af var áhugafólkí vísað á sameiginlega sjóði atvinnu- og áhugamanna. Reynslan af því var að þeir sjóðir eru fyrst og fremst miðaðir við þarfir atvinnumanna og engin dæmi um að einstakir leikhópar hafi fengið styrki til leikferða úr þeim. Á fundinum í Kaupmannahöfn kom fram eindreginn vilji til að sérmerkja með einhverjum hætti fjármagn fyrir áhugalistafólk. Útfærsla á því er í höndum Norrænu ráðherraneftardóttir.

Dýrlief Jónsdóttir sagði að leikfélögin yrðu að íhuga hvort þau vildu halda uppi óbreyttu þjónustustigi á þjónustumiðstöðinni og að þau yrðu að vera viðbúin því að þurfa að borga fyrir það þegar efnahagsástandið væri eins og það er.

Örn Alexandersson, Leikfélagi Kópavogs, sagði að það yrði að ræða þann möguleika að fækka starfsfólk í þjónustumiðstöð, í það minnsta tímabundið. Sú staða gæti komið upp að það væri óumflýjanlegt.

F. Elli Haflidason, Leikfélagi Selfoss, spurði hvaða hugmyndir stjórn hefði um lausn á fjárhagsvandanum ef ekki rættist úr fljótlega.

Þorgeir Tryggvason svaraði því að hingað til hefði það verið metið svo að þetta væri spurning um að þreyja þorann á meðan að núverandi ástand gengi yfir en ljóst væri að við værum að nálgast endastöð í því máli. Stjórn þyrfti því að fara að huga því að leita lausna.

Sigríður Lára Sigurjónsdóttir velti upp þeim möguleika að leita beint til fyrirtækja sem vitað er að eru vel stæð.

Soffia Ingimarsdóttir, Leikfélagi Flateyrar, spurði hvað félögin greiddu í árgjald í dag.

Vilborg Valgarðsdóttir svaraði því, árgjaldið 2010–2011 var 50.000 kr.

Reikningar samþykktir.

## 10. Skýrslur nefnda og umræður um þær.

a. Vilborg Valgarðsdóttir flutti skýrslu vefnefndar í fjarveru Harðar Sigurðarsonar, lénsberra.

(Sjá bls. 10)

b. Dýrlief Jónsdóttir flutti skýrslu skólanefndar.

(Sjá bls. 10)



Hópur 4 lítur upp úr hugmyndavinnu.

c. Ármann Guðmundsson flutti skýrslu handritasafnsnefndar.

(sjá bls. 11)

Ólöf Þórðardóttir spurði hvort að så fjöldi sem skráður sé nú í skólann, dugi til að hann standi undir sér í ár. Dýrlief Jónsdóttir kvað svo vera.

Ylfa Mist Helgadóttir, Leikfélagi Bolungarvíkur, sagði að kvartanir yfir mat í skólanum væru bara væl og fólk verði að velja á milli þess að halda verði niðri og fæðis sem allir væri ánægðir með.

Vilborg Valgarðsdóttir sagðist hafa gert athugun á kostnaði við sambærilega skóla á Norðurlöndum og þar væru skólagjöld alls staðar hærri. Hún sagði að hækkinin nuna væri líka vegna vanmats á kostnaði sl. 2 ár.

F. Elli Haflidason sagði að við ættum kannski að líta á það þannig að í raun höfum við verið heppin hvað verðið hefur verið lágt hingað til, sérstaklega á meðan við vorum á Húsabakka. Þetta sé ekki dýrt miðað við hvað fólk fái fyrir peninginn.

Þorgeir Tryggvason sagði að það eina sem hann saknaði í skólastarfinu væri að boðið væri uppá grunnnámskeið í skapandi skrifum en taldi líklegt að það væri verið að vinna í að bæta úr því. Dýrlief Jónsdóttir staðfesti að svo væri.

Dýrlief Jónsdóttir sagði að aðstaða á Húnavöllum væri öll betri en á Húsabakka og þ.a.l. dýrari. Hún sagði að rúmar 8.000 kr. á dag fyrir mat, gistingu og námskeið væri ekki mikið.

## 11. Drög að starfsáætlun næsta árs kynnt og skipað í starfshópa.

Guðfinna Gunnarsdóttir kynnti tillögu stjórnar að starfsáætlun.

### Starfsáætlun Bandalags íslenskra leikfélaga leikárið 2012–2013

#### Almenn starfsemi

1. Rekstur þjónustumiðstöðvar, Leiklistarskóla, Leiklistarvefsins og annarra fastra liða í starfseminni.

2. Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og frá einkaaðilum til starfsemi áhugaleikfélagna og sameiginlegra verkefna.

3. Halda áfram samstarfi við þjóðleikhúsið með Athyglisverðustu áhugaleiksýningu ársins.



Hópur 3 tekur málin föstum tökum.

#### Sérverkefni ársins

1. Halda námskeið í markaðssetningu og stjórnun leikfélaga haustið 2012.
2. Halda einþáttungahátið í tengslum við aðalfund 2013.

Fundargestum var skipt í fjóra hópa sem tóku til starfa og kynntu svo niðurstöður sínar.

Sigríður Lára Sigurjónsdóttir kynnti niðurstöður hóps 1.

Hóp 1 skipuðu:

Ingólfur Þórsson, Freyvangsleikhúsínu

Árný Leifsdóttir, Lf. Ölfuss

Eva Sóley Þorkelsdóttir, Ld. Umf. Skallagríms

Hanna Margrét Kristleifsdóttir, Halaleikhópnum

Eva Björg Harðardóttir, Lf. Mosfellssveitar

Anna Helga Guðmundsdóttir, Lf. Bolungarvíkur

Sigríður Lára Sigurjónsdóttir, Hugleik

#### Almenn starfsemi

1. Rekstur þjónustumiðstöðvar, Leiklistarskóla, Leiklistarvefsins og annarra fastra liða í starfseminni.

Við erum ekki tilbúin í þá skerðingu á þjónustu þjónustumiðstöðvar, sem hlytist af niðurskurði á starfshlutfalli.

2. Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og frá einkaaðilum til starfsemi áhugaleikfélaganna og sameiginlegra verkefna.

Reyna þarf að ná inn peningum frá ríki eftir öðrum leiðum. T.d. í gegnum þjónustusamning við menntamálaráðuneyti. Hefur það t.d. húsnæði sem við mættum vera í? Við vildum leggja áherslu á að horfa frekar á að ná inn meiri tekjum einhversstaðar heldur en að skera þjónustuna niður.

Rætt um hvort aðildarfélöginn gætu tekið á sig meiri kostnað. Spurning um að klípa af verkefnastyrk eða hækka félagsgjöld.

Einstaklingsbundnar nálganir á fjárlaganefndarmenn hafa borið árangur. Reyna þær aftur.

3. Halda áfram samstarfi við þjóðleikhúsið með Athyglisverðstu áhugaleiksýningu ársins.

Já!

#### Sérverkefni ársins

1. Halda námskeið í markaðssetningu og stjórnun



Stjórnarfólk ræðir málin.

#### leikfélaga haustið 2012

Stjórn bandalagsins þarf að gera rassíu í að fá fleiri félög til að senda fulltrúa á aðalfund. Stjórnarmenn þurfa að hringja í fóturfélög, kynna námskeiðið og hvetja til þátttökum.

Rætt um auglýsinga- og markaðsmál og almennt talin þörf á fjölmíðafulltrúum í tengslum við kynningar sýninga. Kennsla í skrifum fréttatilkynninga væri gagnleg, svo og handbók um gagnrýniskrif.

Spurning um staðsetningu námskeiðs, á höfuðborgarsvæðinu eða úti á landi?

2. Halda einþáttungahátið í tengslum við aðalfund 2013

Endilega hafa einþáttungahátiðir annað hvert ár í tengslum við Bandalagsþing.

Örn Alexandersson kynnti niðurstöður hóps 2.

Hóp 2 skipuðu:

Ylfa Mist Helgadóttir, Lf. Bolungarvíkur

Þróstur Ólafsson, Litla leikklúbbnum

Stefanía Björnsdóttir, Halaleikhópnum

Sigríður Hafsteinsdóttir, Lf. Selfoss

Margrét Hildur Pétursdóttir, Ld. Umf. Skallagríms

Örn Alexanderson, Lf. Kópavogs

Þráinn Sigvaldason, Lf. Fljótsdalshéraðs

#### Almenn starfsemi

1. Rekstur þjónustumiðstöðvar, Leiklistarskóla, Leiklistarvefsins og annarra fastra liða í starfseminni.

- Alvarleg staða þjónustumiðstöðvar rædd fram og til baka, ýmsar lausnir ræddar. Stærsti kostnaðarliður er launagreiðslur og því gæti þurft að segja upp starfsmanni eða breyta starfshlutfalli þar sem laun eru helmingur af útgjöldum. Allir sammála um að reyna að halda starfsemi óbreyttri og leita annarra leiða til að lækka kostnað.

Tillögur að lausn:

- Hvert leikfélag fái bækur fyrir ca. 50.000 kr. á félag, sem mundi gera samtals ca. 3.000.000 (bækur og styrkur).

- Hækkun árgjalda í 70.000 kr., bara þetta eina ár. Samtals ca. 1.200.000.

- Húsaleiga hefur lækkað um 1.300.000 – leita að enn ódýrara húsnæði?

- Ýmis rekstrarkostnaður og annað aðhald 500.000 kr.



Stefánía og Hanna úr Halaleikhópnum á góðri stundu.

- Samtals eru þetta 6.000.000 sem dekka ca. halla þessa árs, eykur handbært fé og vaxtagjöld verða pósítif.
- Sækja tölur um fjölda áhorfenda hjá skólum og öðrum áhugasýningum til að fá heildarfjölda sem sækja áhugasýningar – þessar tölur geta unnið með okkur þegar við sækjum um hækkuð framlög.
- Halda skólanum áfram með sama sniði.
- Leiklistavefur – áfram með sama sniði og reyna sölu á styrktarlínum á vefnum.
- Stjórn Bandalagsins endurskoði um mitt næsta ár hvort segja þurfi upp starfsmanni eða breyta starfshlutfalli þegar upphæð styrks frá ríkinu er ljós.
- 2. Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og frá einkaaðilum til starfsemi áhugaleikfélaganna og sameiginlegra verkefna.

Hækkuð framlög – sjá lið 1. Tillaga: Að stjórn Bandalagsins sæki um að minnsta kosti 10 styrki til stórra fyrirtækja á leikárinu.

3. Halda áfram samstarfi við Þjóðleikhúsið með Athyglisverðstu áhugaleiksýningu ársins.

Vissulega á að halda áfram samstarfi við Þjóðleikhúsið en skoða þyrfti hvort hægt er að minnka kostnað tímabundið með því að fulltrúi valnefndarinnar komi ekki á aðalfund heldur feli framkvæmdastjóra Bandalagsins að tilkynna valið.

#### Sérverkefni ársins

1. Halda námskeið í markaðssetningu og stjórnun leikfélaga haustið 2012

Já.

2. Halda einþáttungahátíð í tengslum við aðalfund 2013

Já og mögulega fjárlunarþátt á sjónvarpsstöð.

Axel Vatnsdal kynnti niðurstöður hóps 3.

Í hópi 3 voru:

Axel Vatnsdal úr Lf. Hörgdæla

Katrín Eiðsdóttir, Umf. Reykdæla

Sigríður Svavarssdóttir, Lf. Hörgdæla

Soffia Ingimarsdóttir, Lf. Flateyrar

F. Elli Hafliðason, Lf. Selfoss

Guðrún Sóley Sigurðardóttir, Lf. Sýnir

Ólína Adda Sigurðardóttir, Lf. Bolungarvíkur



Ingólfur úr Freyvangsleikhúsini og Vilborg framkvæmdastjóri á hátiðarkvöldverðinum.

#### Almenn starfsemi

1. Rekstur þjónustumiðstöðvar, Leiklistarskóla, Leiklistarvefsins og annarra fastra liða í starfseminni.

Allir eru sammála um að vilja halda starfinu áfram í óbreyttri mynd.

2. Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og frá einkaaðilum til starfsemi áhugaleikfélaganna og sameiginlegra verkefna.

• Rætt var um að hafa stóra leiklistarskemmtun, Björgum Bandalaginu. Allir gefa sína vinnu. Elli er til í að tala við frænku sína Vigdísí Finnbogadóttir um að vera verndari skemmtuninar. Tillögur um að kjósa nefnd sem tekur að sér að koma þessu í framkvæmd.

• Kynna Bandalagið, starfsemi og vinnu.

• Hafa landshlutaskemmtanir. Leikfélögin setja upp styrktarsýningu.

• Kjósa í fjárlunarnefnd til að hrinda hugmyndum í framkvæmd.

3. Halda áfram samstarfi við Þjóðleikhúsið með Athyglisverðstu áhugaleiksýningu ársins.

Allir sammála um að þessi liður megi ekki missa sín. Mætti samt kynna þetta meira í fjölmöldum.

#### Sérverkefni ársins

1. Halda námskeið í markaðssetningu og stjórnun leikfélaga haustið 2012

Öllum líst vel á þennan lið, mjög þarf námskeið.

2. Halda einþáttungahátíð í tengslum við aðalfund 2013

Allir fagna tilögunni um einþáttungahátíð.

Gerður Sigurðardóttir kynnti niðurstöður hóps 4.

Hóp 4 skipuðu:

Hulda Gunnarsdóttir, Lf. Ölfuss

Gerður Halldóra Sigurðardóttir, Lf. Selfoss

Þórvör Embla Guðmundsdóttir, Umf. Reykdæla

Þrúður Sigurðardóttir, Lf. Ölfuss

Þróstur Jónsson, Halaleikhópnum

Fanney Valsdóttir, Lf. Hörgdæla

Brynhildur Sveinsdóttir, Lf. Mosfellssveitar

Almenn starfsemi

1. Rekstur þjónustumiðstöðvar, Leiklistarskóla, Leiklistarvefsins og annarra fastra liða í starfseminni.



Þorgeir formaður Bandalagsins og Ylfa Mist, Leikfélagi Bolungarvíkur skemmta aðalfundargestum.

- Starfsemi þjónustumiðstöðvarinnar í þeiri mynd sem hún er í í dag er mjög mikilvæg og við teljum að öll skerðing á henni muni koma niður á starfsemi leikfélaganna. Okkur finnst því að hvorki megi skerða starfsemi hennar né starfshlutföll starfsmanna. Vilborg og Árman standa sig afskaplega vel.

- Leiklistarskólinn er stórfenglegur, við bendum leikfélögum á að hvetja meðlimi til að sækja hann.

- Vefurinn er æði og við hvetjum leikfélög til að vera dugleg að senda inn efni og myndir.

2. Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og frá einkaaðilum til starfsemi áhugaleikfélaganna og sameiginlegra verkefna.

- Þeir sem hafa aðgang að þingmönnum/meðlimum í fjárlaganeftnd reyni að tala við þá um aukin framlög.

- Settur verði af stað undirskriftalisti þar sem hvert leikfélag safnar undirskriftum meðal meðlima sinna þar sem óskað er eftir auknum framlögum til þjónustumiðstöðvarinnar.

- Sett verði á fót nefnd sem leitar að lausnargjaldi til að leysa Bandalagið úr þeiri gíslingu sem það er í.

- Mikilvægt er að sýna fram á mikilvægi starfsemi leikfélaga um allt land fyrir íslenskt samfélag – til dæmis væri hægt að nýta áætlaða einþáttungahátið samhliða næsta aðalfundi BÍL í þessum tilgangi.

3. Halda áfram samstarfi við þjóðleikhúsið með Athyglisverðustu áhugaleiksýningu ársins.

Samstarf við þjóðleikhúsið með Athyglisverðustu áhugaleiksýningu ársins – endilega.

#### Sérverkefni ársins

1. Halda námskeið í markaðssetningu og stjórnun leikfélaga haustið 2012.

Væri möguleiki að skipulagning og markaðssetning komandi einþáttungahátiðar gæti verið verkefni á námskeiðinu?

2. Halda einþáttungahátið í tengslum við aðalfund 2013.

Endilega, og endilega að nota í áróðurs- og markaðssetningarskyni fyrir starfsemi leikfélaga í landinu.

#### **12. Tillögur lagðar fyrir fundinn.**

Þorgeir Tryggvason lagði til fyrir hönd stjórnar, breytingu á úthlutunarreglum. Hann lagði til að eftirfarandi ákvæði yrði bætt inn í úthlutunarreglurnar:



Selfyssingarnir síkátu, Sigríður, Gerður og F. Elli.

Með umsóknum um styrk vegna sýninga á höfundaréttarvörðu efni skal fylgja staðfesting á að sýningarleyfi hafi verið veitt. Styrkir eru ekki veittir vegna sýninga án leyfis rétthafa.

Hann röskstuddi þetta með því að Bandalaginu væri ekki stætt á því að úthluta opinberu fé til að stuðla að brotum á höfundarrétti.

F. Elli Hafliðason lýsti yfir ánægju með tillöguna og sagðist þekkja dæmi frá framhaldsskólaleikfélögum um að þau hafi ætlað að setja upp verk í leyfisleysi en verið stoppuð rétt fyrir sýningar.

Vilborg Valgarðsdóttir sagði að þetta myndi engu breyta fyrir 95% leikfélaga þar sem þau fengju tilskilin leyfi alltaf hvort er. Þetta væri tilkomið vegna svörtu sauðanna sem kæmu óorði á hina.

Tillagan samþykkt með öllum atkvæðum.

Vilborg Valgarðsdóttir lagði fyrir hönd stjórnar fram eftirfarandi tillögu:

Stjórn leggur til að 1 milljón kr. af verkefna-styrk aðildarfélaganna verði látin ganga til reksturs þjónustumiðstöðvarinnar.

Örn Alexandersson lagði til að fundurinn samþykkti tillöguna, þar með væri búið að ná einni milljón upp í fjárlagagatið.

Ingólfur Þórsson benti á að það væri alls ekki sjálfgefið að peningar væru teknir af leikfélögum til að renna stoðum undir starfsemi þjónustumiðstöðvarinnar en kvaðst þó styðja tillöguna að þessu sinni.

Gerður Sigurðardóttir sagði að Bandalagið væri jú batterí leikfélaganna og þeim bæri því skylda til að styðja það þegar hart væri á dalnum.

Örn Alexandersson sagði að vissulega væri það ekki sjálfgefið að taka af styrknum til félaganna en eins og staðan er væri það ein af þeim lausunum sem grípa þyrfti til.

Tillagan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Örn Alexandersson lagði fram eftirfarandi tillögu fyrir hönd hóps 2:

Að stjórn Bandalagsins sæki um a.m.k. 10 styrki til stórra fyrirtækja á leikárinu.

Tillagan samþykkt einróma.

Axel Vatnsdal lagði fram eftirfarandi tillögu fyrir hönd hóps 3:

Við leggjum til að stofnuð verði fjárlunarnefnd til að



Sigríður og Fanney úr Leikfélagi Hörgdæla brosa sínu blíðasta

finna lausnir á fjárhagsvanda Bandalagsins. Nefndin skal skipuð 3 aðalmönum og 2 til vara.

Ingólfur Þórsson sagðist trúua því að höfundum tillögunnar gengi gott eitt til en hann teldi að þetta væri í raun það sem framkvæmdastjóri og stjórn væru að gera. Hann taldi því óþarfa að stofna slíka nefnd.

Embla Guðmundsdóttir sagði að sér þætti tillagan of ómótuð og þyrfti að vera nákvæmari.

Þorgeir Tryggvason sagði að hann teldi að það væri ekki klókt að stofna nefnd sem hefði einhverns konar veiðileyfi á fjárlöfun óháð stjórn og framkvæmdastjóra. Tillagan væri vel meint en misráðin.

Halldór Sigurgeirsson sagðist ekki styðja tillöguna en taldi að það væri mikilvægt að nýta sér sambönd, maður á mann, þegar kæmi að fjárlöfunum.

Tillagan felld með öllum greiddum atkvæðum.

Örn Alexandersson lagði fram eftifarandi tillögu:

Að óska eftir því við aðildarfélög Bandalagsins að þau kaupi allt að 10 eintök (eða fleiri), af sögu Bandalagsins, til að styrkja bága fjárhagsstöðu þess.

Ólöf Þórðardóttir lagði til að frekar yrði samin ályktun þar sem leikfélög, sem ekki sóttu fundinn, væru hvött til að leysa til sín ákveðið magn bóka. Hún lýsti því yfir að Leikfélag Mosfellssveitar ætlaði að kaupa 20 eintök og skoraði á Hörgdæli að jafna. Sem þeir gerðu um hael.

Örn Alexandersson dró tillöguna til baka.

Gerður Sigurðardóttir lagði fram eftifarandi tillögu fyrir hönd hóps 4:

Ef leikfélag sendir ekki fulltrúa á aðalfund Bandalagsins, skerðist styrkur til félagsins um ákveðna prósentutölu.

Tillöguna rökstuddi hún með því að ósanngjarnt væri að lítt hluti leikfélaga legði í kostnað og vinnu við það mikilvæga starf sem fram færí á aðalfundi. Allir ættu að leggja sitt af mörkunum.

Guðrún Sóley Sigurðardóttir lagði eftifarandi breyttingartillögu fram:

Að öll aðildarfélög greiði ákveðna upphæð til Bandalagsins og hafi þar með greitt pláss fyrir einn einstakling með atkvæðisrétt á Bandalagsþingi. Sendi félag ekki fulltrúa, renni upphæðin til Bandalagsins.

Gunnarsdóttir sagðist telja afar hæpið að binda hendur aðildarfélaganna þannig, þótt þau vilji ekki senda fulltrúa á aðalfund og lýsti andstöðu við báðar tillögurnar.



Dansatriði á vegum heimamanna.

Þorgeir Tryggvason sagði að svona tillögur hefðu komið fram áður og hann væri líkt og áður andvígur þeim. Það væri illmögulegt að draga upphæð af styrknum þar sem hann væri ætlaður til að styrkja listastarfsemi og því væntanlega ekki vel séð af stjórnvöldum að það yrði notað til að sekta félögin auk þess sem það yrði flókið í framkvæmd. Hina tillöguna taldi hann áhugaverðari en hún væri samt í raun dulin hækkuð á árgjaldi.

F. Elli Hafliðason sagðist vera andvígur þessum tillögum, hann sagði margar ástæður fyrir að félög sendu ekki fulltrúa og sumar væru mjög góðar og gildar.

Ingólfur Þórsson sagðist sammála síðustu ræðumönum, þótt vissulega væri gaman að sjá fleiri félög þá væri ekki ástæða til að skattleggja þau félög sem ekki vildu mæta.

Halldór Sigurgeirsson sagðist hafa hringt í fjölmörg félög þegar hann var að reyna safna fólk í rútu til að koma á þingið og hafa orðið mjög hissa á áhugaleysi félaganna. Ekkert benti þó til annars en þau væru hin ánægðustu með frammistöðu Bandalagsins.

Vilborg Valgarðsdóttir rifjaði upp að til er kerfi sem kallað er fósturfélagakerfið en þar er félögunum skipt á milli stjórnarmanna sem eru síðan tengiliðir við þau félög sem þeim er úthlutað. Þetta sé tilvalið að nýta, ekki síst nú þegar framundan er námskeið í stjórnun leikfélaga.

Örn Alexandersson lagði til að tillögu Guðrúnar Sóleyjar yrði vísað til stjórnar en tillaga hóps 4 felld.

Tillaga hóps 4 felld með öllum greiddum atkvæðum.

Tillaga Arnar Alexanderssonar um að breytingartillögu Guðrúnar Sóleyjar verði vísað til stjórnar, samþykkt.

### 13. Starfsáætlun afgreidd.

Tillaga stjórnar samþykkt einróma.

Starfsáætlun Bandalagsins er því svona:

### Starfsáætlun Bandalags íslenskra leikfélaga leikárið 2012–2013

#### Almenn starfsemi

1. Rekstur þjónustumiðstöðvar, Leiklistarskóla, Leiklistarvefsins og annarra fastra liða í starfseminni.

2. Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og frá einkaaðilum til starfsemi áhugaleikfélagna og sameiginlegra verkefna.

3. Halda áfram samstarfi við Þjóðleikhúsið með Athyglisverðustu áhugaleiksýningu ársins.



Ari Matthíasson, framkvæmdastjóri Þjóðleikhússins afhendir Erni Alexanderssyni, Leikfélagi Kópavogs, viðurkenninguna fyrir athyglisverðustu áhugaleiksýningu ársins.

#### Sérverkefni ársins

1. Halda námskeið í markaðssetningu og stjórnun leikfélaga haustið 2012.
2. Halda einþáttungaháttíð í tengslum við aðalfund 2013.

#### **14. Kjörnefnd tilkynnir niðurstöður sínar og mælir með a.m.k. 1 aðila í hvert sæti sem kjósa skal í.**

Kjörnefnd gerði grein fyrir stöðu framboðsmála.

#### **15. Stjórnarkjör.**

Í framboði til aðalstjórnar voru: Guðfinna Gunnarsdóttir, Halldór Sigurgeirsson, Ása Hildur Guðjónsdóttir, Þráinn Sigvaldason og Örn Alexandersson. Kosningu hlutu Guðfinna Gunnarsdóttir, Halldór Sigurgeirsson og Þráinn Sigvaldason.

Í framboði til varastjórnar voru Bernharð Arnarson, Ylfa Mist Helgadóttir og Ása Hildur Guðjónsdóttir. Kosningu hlutu Bernharð Arnarson og Ylfa Mist Helgadóttir

#### **16. a. Kosning 3ja manna kjörnefndar og eins varamanns til eins árs.**

Stjórn lagði til að kjörnefnd yrði óbreytt, Dýrleif Jónsdóttir, Sigríður Lára Sigurjónsdóttir og Gerður Halldóra Sigurðardóttir, Gunnhildur Sigurðardóttir til vara.

Samþykkt einróma.

#### **16. b. Kosning 2ja skoðunarmanna reikninga og eins til vara til eins árs.**

Skoðunarmenn reikinga gáfu allir kost á sér til áfram-haldandi starfa, þær Anna Jórunn Stefánsdóttir og Hrefna Friðriksdóttir sem aðalmenn og Júlíu Hannam til vara.

Samþykkt einróma.

#### **17. Ákveðið árgjald til Bandalagsins.**

Halldór Sigurgeirsson kynnti tillögu stjórnar:

Tillaga stjórnar að árgjaldi 2012–2013:

Stjórn Bandalags íslenskra leikfélaga leggur til að árgjöld aðildarfélaga fyrir leikárið 2012–2013 verði 60.000 kr.

Félög sem setja upp tvær styrkhæfar sýningar á leikárinu borgi eitt og hálfir gjald eða 90.000 kr. og félög sem setja upp þrjár sýningar eða fleiri borgi tvöfalt gjald eða 120.000 kr.



Bernharð, Leikfélagi Hörgdæla og Guðrún Sóley, Leikfélaginu Sýnum réðu sér vart fyrir kæti.

Félög sem setja ekki upp styrkhæfa sýningu á leikárinu borgi hálfir árgjald eða 30.000 kr.

Dýrleif Jónsdóttir spurði af hverju boðið sé upp á að vera að hálfu leyti í Bandalaginu. Sér fyndist að öll félög ættu að greiða fullt gjald í grunninn.

F. Elli Haflidason sagði það gæti farið illa með þau félög fjárhagslega sem setja óreglulega upp sýningar að þurfa alltaf að greiða fullt árgjald.

Ingólfur Þórsson sagðist telja að Bandalagið væri á rangri braut með hækkan árgjalds og lýsti sig andvígán hækkinni. Hann sagði stutt síðan árgjaldið var síðast hækkað og spurði hvar það myndi enda ef álögur á leikfélögin væru hækkuð í hvert skipti sem illa áraði.

Guðfinna Gunnarsdóttir sagði að stjórn liti á það sem skyldu sína að koma með tillögur til að stoppa í fjárlagatið og hefði ekki mörg úrræði en þetta væri eitt þeirra.

Örn Alexandersson spurði hvað þessi hækkan mundi þýða í krónum talið.

Fundarmenn reiknuðu út að það væri gróflega áætlað í kringum 800.000 kr.

Ylfa Mist Helgadóttir fullyrti að þetta væri ekki mikil hækkan miðað við verðlagsþróun í landinu. Hún lýsti yfir stuðningi við tillögu stjórnar.

Halldór Sigurgeirsson sagði að Bandalagið væri eign leikfélaganna og þau hlytu að þurfa að bera þann kostnað sem hlytist af rekstri þess.

F. Elli Haflidason sagði að hann teldi að eins og staðan væri í dag væri óumflyjanlegt að hækka árgjaldið.

Þorgeir Tryggvason sagði að sú staða gæti alveg komið upp að ekki væri hægt að halda uppi óbreyttu þjónustustigi. Hann lagið til að menn samþykktu þessar tillögur og síðan yrði farið í að leita annarra leiða til að fjármagna rekstur Bandalagsins. Hann sagði að þótt vissulega eigi leikfélögin Bandalagið, sé rekstur þeirra sjálfrá mikilvægarí en rekstur Bandalagsins.

Tillaga stjórnar borin upp og samþykkt.

#### **18. Önnur mál.**

Vilborg Valgarðsdóttir greindir frá því að frá 1. júní hækka höfundargreiðslur skv. samningi við Félag leikskálda og handritshöfunda upp í 10.094 kr. fyrir verk sem tekur 90 mínútur eða meira í sýningu. Sem fyrr verður lágmarks-greiðsla miðuð við 8 sýningar og lágmarksgreiðsla því



Bekkjarsystkin úr Leiklistarskóla Íslands, Halldóra Björnsdóttir og Ari Matthíasson.

80.752 kr. per uppsetningu. Greiðslur fyrir styttri verk og þyðingar hækka í samræmi við þetta. Hækkun þessi tekur gildi 1. júní nk.

Porgeir Tryggvason lagði tvær ályktanir fyrir fundinn. Sú fyrri er ætluð fjölmíðum og er henni beint til yfirvalda:

#### **Aðalfundur Bandalags íslenskra leikfélaga, haldinn í Edinborghúsínu á Ísafirði 5.–6. maí 2012 ályktar:**

Starf áhugafólks að listsköpun er mikilvægur þáttur í öllum heilbrigðum samfélögum. Það á ekki síst við um listgreinar þar sem hópar fólks vinna að sameiginlegri rannsókn og tjáningu á mannlífinu, listgreinar á borð við leikhúsið.

Það er almennt viðurkennt að íslenskt áhugaleikhús er miðlægt í íslenskri leiklist og íslenskri menningu. Stór hluti Íslendinga á sína fyrstu snertingu við töfра leikhússins meðal áhugamanna, hvort heldur er sem áhorfendur eða þátttakendur.

Með þátttökum í starfi áhugaleikfélaga eflist fólk í skilningi á samfélagi sínu. Samskiptahæfni skerpist, hæfileikinn til að setja sig í spor annarra þroskast. Í leikhúsi áhugamanna starfar fólk hlið við hlið að sameiginlegu marki, einstaklingar með ólíkan bakgrunn, í mismunandi aðstæðum og úr öllum starfsstéttum. Slík samvinna er óendenanlega dýrmæt, ekki síst við aðstæður eins og ríkja núna á Íslandi.

Aðalfundur Bandalags íslenskra leikfélaga, haldinn á Ísafirði 5.–6. maí 2012, hvetur stjórnvöld til að standa vörð um listsköpun áhugamanna og áhugaleikhúsið sérstaklega. Skerðingar á fjárstuðningi undanfarin ár draga mátt úr hreyfingunni og rýra möguleika áhugaleikhússins til að eflast og þroskast.

Fjárveitingar til starfseminnar vega ekki þungt fyrir ríkis-sjóð en skipta sköpum fyrir þetta mikilvæga grásrótarstarf sem hefur svo margt dýrmætt til málanna að leggja.

Sú seinni er ætluð aðildarfélögum Bandalagsins:

Aðalfundur Bandalags Íslenskra leikfélaga haldinn í Edinborghúsínu á Ísafirði 5.–6. maí 2012 beinir þeim skilaboðum til þeirra aðildarfélaga Bandalagsins sem ekki senda fulltrúa á Bandalagsþing að skoða sinn hug og bæta úr þátttökuleysinu á næsta þingi.

Bandalagsþing og aðalfundir áhugaleikhúshreyfingarinnar eru líflegar og skemmtilegar samkomur þar sem áhugaleikhúsfolk allsstaðar að af landinu hittist og fjallar um sín hugðarefni og hagsmunamál. Þar gefst tækifæri til að hafa áhrif á stefnu og verkefni samtakanna, nýta sinn



Bekkjarsystkin úr Leiklistarskóla Bandalagsins, Dýrleif Jónsdóttir skólastýra og Ármann Guðmundsson, ritari skrifstofu Bandalagsins.

lýðræðislega rétt og axla sínar lýðræðislegu skyldur.

Aðalfundarfulltrúar 2012 hlakka til að sjá fulltrúa mun fleiri leikfélaga á næsta Bandalagsþingi, þar sem auk fundar og samveru verður boðið upp á glæsilega einþáttungahátið. Sjáumst þar.

Báðar ályktanir samþykktar einróma.

Gerður Sigurðardóttir spurði hvort Vilborg hefði einhverjar upplýsingar um hvaða leikfélög hefðu aldrei samband við þjónustumiðstöðina.

Vilborg Valgarðsdóttir sagðist ekki hafa neinar nákvæmar tölur um það en hennar tilfinning væri að nánast öll aðildarfélög hefðu samskipti við þjónustumiðstöðina. Það væri misjafnt hvað erindi þau ættu en meira að segja leikfélög sem hefðu ekki sett upp sýningar árum saman hefðu annað slagið samband.

Anna Helga Guðmundsdóttir spurði hvort ástæða væri til að hækka álag á förðunarvörur.

Embla Guðmundsdóttir kom með samantekt á leikhúsaðsókn í Borgarbyggð. U.p.b. 3/4 hlutar íbúa Borgarbyggðar sóttu sýningar Bandalagsleikfélaganna fjögurra í sveitarfélagini. Þess utan væru leiksýningar í öllum grunnskólum og í menntaskóla sveitarfélagsins.

Guðfinna Gunnarsdóttir benti á að leiklist dafnaði í landinu þrátt fyrir peningaleysi og barlóm.

Örn Alexandersson lýsti yfir ánægju með upplýsingarnar frá Emblu og velti fyrr sér hvort ástæða væri til að taka sambærilegar upplýsingar saman yfir allt landið.

Sigriður Lára Sigurjónsdóttir sagðist telja að hægt væri að nágast þessar upplýsingar hjá Hagstofunni.

Þróstur Ólafsson þakkaði fyrir hönd Litla leikklúbbsins fyrir góðan fund.

#### **19. Næsti aðalfundur, hugmyndir reifaðar um stað og stund.**

Embla Guðmundsdóttir bauð fyrir hönd Umf. Reykdæla að Bandalagið héldi aðalfund að ári í Reykholtsdalnum og stuttverkahátið í Logalandi.

Porgeir þakkað fundargestum fyrir hugmyndaríkan, skeleggan og gagnlegan fund, Ísfirðingum fyrir góðan aðbúnað og sleit því næst fundinum.

*Fundargerð ritaði Ármann Guðmundsson*

# Ársreikningur Bandalags íslenskra leikfélaga 2011

## Bandalag íslenskra leikfélaga

### ÁRSREIKNINGUR

2011

#### Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnar og framkv.stjóra	2
Áritun endurskoðanda	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5 - 6
Sundurliðanir	7 - 9

## Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Stjórn og framkvæmdastjóri Bandalags íslenskra leikfélaga staðfesta hér með ársreikning  
Bandalagsins fyrir árið 2011 með áritun sinni

Reykjavík, 24. mars 2012

Stjórn :

Jógvir Þorvaldsson  
Ólöf H. Þórhildottir  
Halldor Sigurðsson  
Frú Ólafur Sigurðarson  
Asa Ólafur Guðjónsdóttir  
Guðrún Gunnarsdóttir

Framkvæmdastjóri :

Vilborg A. Valgantsdóttir

## Áritun Bókhalds og kennslu ehf

---


Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings fyrir Bandalag íslenskra leikfélaga vegna ársins 2011. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar nr. 1-9

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við viðurkenndar aðferðir við gerð óendurskoðara ársreikninga með það að markmiði að aðstoða Bandalag íslenskra leikfélaga við að leggja fram ársreikning sem er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum. Við höfum tekið ákveðna liði ársreikningsins til sérstakrar skoðunar og yfirfarið framsetningu hans í heild.

Við höfum ekki endurskoðað ársreikninginn og þar af leiðandi ekki sannreynt grundvöll hans.

Framsetning ársreiknings er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju og allar upplýsingar sem okkur eru kunnar og skipta máli koma þar fram.

Reykjavík 12.mars.2012

  
Bókhald og kennsla ehf  
Inga Jóna Óskarsdóttir, viðurkenndur bókari

---

Við undirritaðir, félagslegir skoðunarmenn Bandalags íslenskra leikfélag, höfum yfirfarið árseikning þennan fyrir árið 2011 og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík

19.03.2012

  
Anna Jórunn Stefánsdóttir

  
Hrefna Friðriksdóttir

## Rekstrarreikningur ársins 2011

---

<b>Rekstrartekjur</b>	<b>skýr</b>	<b>2011</b>	<b>2010</b>
<b>Árgjöld, styrkir og fleira:</b>			
Árgjöld aðildarfélaga		2.905.000	2.910.000
Ríkissjóðsstyrkur		3.600.000	6.140.754
NEATA-leiklistarháttíðin	6	0	11.031.436
Leiklistarskóli BÍL	1	2.591.500	2.246.500
Leiklist.is	2	38.570	38.478
Aðrar tekjur	3	270.559	1.686.806
	<b>Samtals</b>	<b>9.405.629</b>	<b>24.053.974</b>
<b>Sala:</b>			
Sala á farða		3.025.863	3.171.653
Sala á handritum		427.011	300.154
Sala á bókum		26.899	-8.270
	<b>Samtals</b>	<b>3.479.773</b>	<b>3.463.537</b>
	<b>Rekstrartekjur samtals</b>	<b>12.885.402</b>	<b>27.517.511</b>
<b>Rekstrargjöld</b>			
<b>Kostnaðarverð seldra vara og fleira:</b>			
Farði		2.403.097	2.051.326
Handrit		751.213	509.817
Birgðabreyting	8	-471.813	133.814
Afskrifaðar ónýtar vörur		13.033	28.149
	<b>Samtals</b>	<b>2.695.530</b>	<b>2.723.106</b>
Laun og launat. Gjöld	4	9.910.378	9.096.676
Ýmiss rekstrarkostnaður	5	2.851.831	2.652.555
Húsaleiga		2.079.398	3.616.569
NEATA-leiklistarháttíðin	6	0	11.057.545
Leiklistarskóli BÍL	1	2.757.691	2.649.746
Leiklist.is	2	90.297	161.133
Vaxtagjöld		3.636	5.842
Afskriftir fastafjármuna	7	87.634	150.280
	<b>Samtals</b>	<b>17.780.865</b>	<b>29.390.346</b>
	<b>Rekstrargjöld samtals</b>	<b>20.476.395</b>	<b>32.113.452</b>
	<b>HAGNAÐUR (TAP) ÁRSINS</b>	<b>-7.590.993</b>	<b>-4.595.941</b>

**Efnahagsreikningur 31. desember 2011**

<b>Eignir</b>	<b>skýr</b>	<b>31.12.2011</b>	<b>31.12.2010</b>
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Innrettingar og húsbúnaður		214.309	272.192
Áhöld og tæki		514.180	543.930
<b>Samtals</b>		<b>728.489</b>	<b>816.122</b>
<b>Veltufjármunir</b>			
Birgðir	8	4.908.597	4.436.785
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		274.575	1.140.889
Útistandandi vegna sölu fasteignar		9.701.922	9.701.922
Handbært fé	9	355.444	6.691.505
<b>Samtals</b>		<b>15.240.538</b>	<b>21.971.100</b>
<b>Eignir samtals</b>		<b>15.969.027</b>	<b>22.787.222</b>

**Efnahagsreikningur 31. desember 2011****Eigið fé og skuldir** skýr      **31.12.2011**      **31.12.2010****Eigið fé**

Höfuðstóll 1.1.	22.211.606	26.807.549
Rekstrarhagnaður	-7.590.993	-4.595.941
	<b><u>14.620.613</u></b>	<b><u>22.211.608</u></b>

**Skuldir**

Bankareikningslán	775.873	0
Ýmsir lánadrottnar	228.658	270.420
Ógreidd laun og launatengd gjöld	343.883	262.175
Ógreiddur virðisaukaskattur	0	43.019
<b>Samtals</b>	<b><u>1.348.414</u></b>	<b><u>575.614</u></b>

**Eigið fé og skuldir**

<b><u>15.969.027</u></b>	<b><u>22.787.222</u></b>
--------------------------	--------------------------

## Sundurliðanir

	2011	2010
<b>1. Leiklistarskóli BIL</b>		
<b>Tekjur</b>		
Húnnavallaskóli - þáttökugjöld nemenda	2.591.500	2.246.500
<b>Samtals</b>	<b>2.591.500</b>	<b>2.246.500</b>
<b>Gjöld</b>		
Húnnavallaskóli	2.757.691	2.649.746
<b>Samtals</b>	<b>2.757.691</b>	<b>2.649.746</b>
<b>2. Leiklist.is</b>		
<b>Tekjur</b>		
Auglýsingar	35.570	37.478
Skráningargjöld	3.000	1.000
<b>Samtals</b>	<b>38.570</b>	<b>38.478</b>
<b>Gjöld</b>		
Dropbox vefafritun	12.130	24.096
Hýsing vefs og áskrift þjónustu	78.167	78.781
Viðhald og endurbætur	0	58.256
<b>Samtals</b>	<b>90.297</b>	<b>161.133</b>
<b>3. Aðrar tekjur</b>		
Vaxtatekjur	56.670	636.441
Tekjur vegna innheimtu höfundarlauna	213.889	104.780
Island-Litháen ferðasjóður	0	4.550
Bætur vegna innbrots	0	941.035
<b>Samtals</b>	<b>270.559</b>	<b>1.686.806</b>
<b>4. Laun og launatengd gjöld</b>		
Laun starfsfólks	6.732.382	6.192.504
Lifeyrissjóðsgjöld	673.242	626.750
Sjúkra-, orlofs- og starfsmenntasjóður	106.366	89.799
Tryggingagjald	640.588	589.223
Dagpeningar	1.757.800	1.598.400
<b>Samtals</b>	<b>9.910.378</b>	<b>9.096.676</b>
<b>5. Ymiss rekstrarkostnaður</b>		
Rafmagn, ræsting	381.664	358.633
Viðhald húsnæðis	50.192	41.304
Vátryggingar	102.930	85.498
Akstur og burðargjöld	219.510	214.654
Símakostnaður	97.317	95.163
Ritföng	65.221	30.215
Greiðsluseðlar og þjónustugjöld	79.191	79.035
Rekstur tölvukerfis	32.980	10.423
Kaffi og hreinlætisvörur	40.729	42.744
Kynningarstarf og auglýsingar	0	75.110
<b>framhald á næstu síðu</b>	<b>1.069.734</b>	<b>1.032.779</b>

**Sundurliðanir, framhald**

		2011	2010
5. Ymiss rekstrarkostnaður	Flutt af fyrri síðu	<u>1.069.734</u>	<u>1.032.779</u>
Gjalfærð áhöld	2.940	169.057	
Stjórnarfundir	80.189	114.079	
Aðalfundur BIL	820.481	1.117.554	
Innheimtur kostn. vegna aðalfundar BIL	-564.800	-869.100	
Kostnaður vegna nefndu	18.534	19.874	
Kostnaður vegna NAR, NUTU, NEATA og IATA	260.541	75.476	
Félagsgjald IATA	102.000	108.450	
Gjalfdærð tölvukaup	0	383.242	
Félagsgjald Leiklistarsambands Íslands	0	20.000	
Securitas, vöktun	118.981	19.832	
Hugbúnaðarleiga, Netbókhald.is	110.569	31.394	
Arsuppgjör og bókhaldspjónusta	246.755	211.811	
Askrift og bókakaup	6.975	5.820	
Gjafir	57.739	25.295	
Utgáfa ársrits	177.959	0	
Smáahöld á skrifstofu	28.989	84.034	
Stuttverkahátlöin Margt smátt	65.590		
Annar kostnaður	237.322		
Fjármagnstekjuskattur	11.333	102.958	
<b>Samtals</b>	<b><u>2.851.831</u></b>	<b><u>2.652.555</u></b>	

**6. NEATA-hátlöin 2010**

Tekjur:		
Styrkir	9.090.561	
Endurgreidd gisting	1.940.875	
<b>Samtals</b>	<b><u>0</u></b>	<b><u>11.031.436</u></b>
 Gjöld:		
Undirbúnингur 2010	179.038	
Leiksmeðjur og gagnrýni	274.642	
Gisting	4.487.900	
Bankakostnaður	20.668	
Tæknistjórm og búnaður	315.360	
Gjafir; bolir, glös o.fl.	528.097	
Ymiss kostnaður	168.834	
Opnumnarhátlö og lokahóf	1.237.926	
Skoðunarferð	302.591	
Mötuneyti	2.337.977	
Leikskrá og auglýsingar	198.595	
Húsaleiga og aðstaða í Hofi	425.610	
Endurskoðun og Netbókhald	180.307	
Framkvæmdastjórn	400.000	
<b>Samtals</b>	<b><u>0</u></b>	<b><u>11.057.545</u></b>

**Sundurliðanir, framhald****2011****2010****7. Varanlegir rekstrarfjármunir**

	Innréttigar og húsbúnaður	Tölvur og tæki	Samtals
Bókfært virði 01.01	272.191	543.932	816.123
Afskrifað á árinu	57.882	29.752	87.634
<b>Bókfært virði 31.12</b>	<b>214.309</b>	<b>514.180</b>	<b>728.489</b>

**8. Birgðir**

Birgðir greinast þannig :

Handrit	53.000	53.000
Saga BÍL, bókabirgðir	2.173.473	2.200.052
Farði	2.682.124	2.183.732
	<b>4.908.597</b>	<b>4.436.784</b>

**9. Handbært fé**

Hlaupareikningur 0344-26-5463	0	132.390
Sparisjóðsbók 0334-15-2020729	11.295	1.748.444
Húsaleigutrygging 0301-13-304003	252.792	4.810.269
Sjóður - peningakassi	91.357	401
	<b>355.444</b>	<b>6.691.504</b>

# Lög Bandalags íslenskra leikfélaga

## 1. grein

Samtökin nefnast Bandalag íslenskra leikfélaga. Heimili Bandalagsins og varnarþing er í Reykjavík.

## 2. grein

Bandalagið er landssamtök áhugaleikfélaga á Íslandi og kemur fram fyrir hönd leikfélaganna gagnvart íslenskum og erlendum yfirvöldum. Það gætir hagsmuna áhugaleiklistarinnar innan samtaka leikhúsfolks, t.d. í Leiklistarsambandi Íslands og fer með aðild Íslands að Norræna áhugaleikhúsráðinu, NAR, Norður-evrópska áhugaleikhúsráðinu, NEATA, og Aþjóðlega áhugaleikhúsráðinu, IATA.

## 3. grein

Markmið Bandalagsins er að vinna að þróun og eflingu leiklistar á Íslandi.

Markmiði þessu hyggst það ná með því:

1. Að stuðla að uppbyggingu leiklistarstarfs í öllum byggðarlögum landsins.
2. Að gera áhugafólk kleift að afla sér menntunar í listinni og skapa því aðstöðu til að proskast í menningarlegu og faglegu tilliti.
3. Að annast innkaup og sölu á varningi sem leiklistarstarfsemin parfnast.
4. Að útvega leikverk og sjá um fjörlitun beirra eða útgáfu.
5. Að útvega leikstjóra/leiðbeinendur sé þess óskað.
6. Að miðla upplýsingum og fræðslu á skilvirkan hátt.
7. Að kynna starfsemi íslenskra áhugaleikfélaga innan lands sem utan.
8. Að örva leikfélög til að leita nýrra leiða í leiklistarstarfi.

Til að auðvelda sér að ná markmiðum sínum rekur Bandalagið þjónustumiðstöð og heldur úti Leiklistarvefnum.

## 4. grein

Öll félög áhugamanna, sem hafa leiklist á stefnuskrá sinni og verja öllum sínum tekjum til viðhalds og uppbyggingar leiklistinni sjálfri og ekki eru tengd neinni stofnun, geta gerst aðilar að Bandalaginu. Heimilt er þó að veita leikfélögum aldraðra og öryrkja aðild, þó þau séu tengd stofnun, enda uppfylli þau önnur skilyrði um inngöngu. Inngöngubeiðni þarf að vera skrifleg og skal fylgja afrit af lögum félagsins og upplýsingar um hverjir skipa stjórn þess. Stjórn Bandalagsins afgreiðir inngöngubeiðnir og leggur samþykktar beiðnir fram til staðfestingar aðalfundi. Gæta þarf þess að félagslög brjóti ekki í bága við lög Bandalagsins. Aðildarfélög greiða árgjöld til Bandalagsins samkvæmt ákvörðun aðalfundar þess. Gjalddagi árgjalda er 1. september.

## 5. grein

Bandalagið aflar sér tekna með:

1. Opinberum styrkjum.
2. Árgjöldum félaganna.
3. Öðrum þeim leiðum sem stjórn og framkvæmdastjóri sameiginlega telja færar.

## 6. grein

a) Aðalfundur er æðsta vald Bandalagsins og skal hann haldinn eigi síðar en í september ár hvert. Stjórn Bandalagsins ákveður þingstað hverju sinni. Aðalfundur skal boðaður með minnst mánaðar fyrirvara. Í fundarboði skal tilgreina þingstað, fundartíma og dagskrá fundarins. Fundarboði skulu fylgja reikningar Bandalagsins og framkomnar lagabreytingartillögur. Tillögur til lagabreytinga skulu sendar þjónustumiðstöð Bandalagsins eigi síðar en 6 vikum fyrir aðalfund. Hvert aðildarfélag hefur eitt atkvæði á aðalfundi og skal einn fulltrúi fara með atkvæðið. Heimilt er að tilnefna annan fulltrúa til vara. Allir fundarmenn hafa málfrælsi og tillögurétt. Kjörbréf til handa fulltrúanum og varamanni hans skulu staðfest af formanni eða ritara viðkomandi félags og afhent starfsfólk þjónustumiðstöðvar fyrir fundinn.

b) Verkefni aðalfundar skulu vera:

1. Fundarsetning. Kosning 2ja fundarstjóra og 2ja fundarritara, sem taka þegar til starfa. Lögmæti fundarins kannað.
2. Kjörnefnd afgreiðir kjörbréf og afhendir atkvæðaspjöld, skýrir stöðu mála varðandi stjórnarkjör og auglyśir eftir tillögum.
3. Menningarstefna Bandalagsins lesin og rædd.
4. Staðfest inntaka nýrra félaga, félög tekin af félagaskrá.
5. Fundargerð síðasta aðalfundar afgreidd.
6. Skýrsla stjórnar.
7. Framkvæmdastjóri leggur fram endurskoðaða reikninga síðasta árs og skýrir þá.
8. Umræður um skýrslu stjórnar og afgreiðsla reikninga.
9. Skýrslur nefnda og umræður um þær.
10. Drög að starfsáætlun næsta árs kynnt og skipað í starfs-hópa.
11. Kjörnefnd tilkynnir niðurstöður sínar og mælir með a.m.k. 1 aðila í hvert sæti sem kjósa skal í.
12. Lagabreytingar.
13. Tillögur lagðar fyrir fundinn.
14. Starfsáætlun afgreidd.
15. Stjórnarkjör.
16. a. Kosning 3ja manna kjörnefndar og eins varamanns til eins árs.
- 16.b. Kosning 2ja skoðunarmanna reikninga og eins til vara til eins árs.
17. Ákvæðið árgjald til Bandalagsins.
18. Önnur mál
19. Næsti aðalfundur, hugmyndir reifaðar um stað og stund.

c) Tillögur sem kjörnefnd getur ekki gert að sínum og tillögur sem berast eftir að kjörnefnd lýkur störfum skulu studdar af a.m.k. 3 atkvæðisbærum fulltrúum. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður útslitum mála á aðalfundi, þar sem annað er ekki tekið fram. Enginn getur farið með fleiri en eitt atkvæði á aðalfundi. Til lagabreytinga og brottvikningar úr Bandalaginu þarf 2/3 greiddra atkvæða á aðalfundi.

d) Kveða skal til aukafundar ef tú eða fleiri félög óska þess. Framkvæmdastjóri skal þá boða strax til aukafundar og skal hann haldinn innan eins mánaðar frá boðun.

Aðalfundir og aukafundir eru löglegir og ályktunarhæfir ef lölega er til þeirra boðað.

e) Fundargerðir aðalfunda skulu samþykktar af stjórn og birtar á Leiklistarvefnum.

## 7. grein

Stjórn Bandalagsins fer með æðsta vald Bandalagsins milli aðalfunda, hana skipi 5 menn, formaður, varafarmaður, ritari og tveir meðstjörnendur. Þeir skulu kosnir á aðalfundi til tveggja ára í senn, þannig að annað árið er kosinn formaður og einn stjórnarmanna, en næsta ár þrír stjórnarmenn. Formaður er kosinn sérstaklega, en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum. Á sama hátt skal kjósa ýmist two eða þrjá í fimm manna varastjórn. Varastjórnarmenn eru boðaðir á alla stjórnarfundi og hafa málfrelni og tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt nema þegar þeir taka sæti í aðalstjórn vegna forfalla aðalmanna. Kosningar skulu bundnar við uppástungur. Formaður boðar til stjórnarfunda. Halda skal minnst fjóra stjórnarfundi á ári og skulu fundargerðir birtar á Leiklistarvefnum og í Ársriti Bandalagsins. Fundur er lögmætur ef minnst þrír aðalmenn mæta.

## 8. grein

Stjórn ræður framkvæmdastjóra fyrir Bandalagið, svo og annað starfsfólk. Framkvæmdastjóri fer með framkvæmdavalð í umboði stjórnar. Hann skal annast daglegan rekstur Bandalagsins og vinna að öðru leyti í samræmi við þessi lög. Um önnur nauðsynleg atriði skal fjalla í ráðningarsamningi. Framkvæmdastjóri er ábyrgur gagnvart stjórn Bandalagsins og aðalfundi þess. Hann, sem og annað fastráðið starfsfólk Bandalagsins, skal hafa málfrelni og tillögurétt á aðalfundi og öðrum fundum bandalagsins. Starfsfólk Bandalagsins skal ekki fara með atkvæði á aðalfundi.

## 9. grein

Starfsfólk Bandalagsins er heimilt að greiða fyrir einstaklingum, skólum og félögum utan Bandalagsins, enda sé því kunnugt að það brjóti ekki í bága við hagsmuni Bandalagsfélaganna. Fyrir slíka aðstoð áskilur Bandalagið sér þóknun.

## 10. grein

Stjórn skipar nefndir til að sinna þeim verkefnum sem þurfa þykir, eða kveðið er á um í starfsáætlun. Stjórn afhendir hverri nefnd skipunarbréf þar sem kveðið er á um hlutverk nefndarinnar. Nefndir starfa eftir tímaramma og gera stjórn grein fyrir framvindu mála sé þess óskað. Nefndir skila skýrslu á aðalfundi.

## 11. grein

Kjörnefnd starfar milli aðalfunda. Skal hún kanna hug aðildarfélaganna til stjórnarkjörs og taka við tillögum.

## 12. grein

Reikningsár Bandalagsins er almanaksárið. Reikningar þess skulu settir upp af viðurkenndum bókara eða löggiltum endurskoðanda og skulu þeir vera tilbúnir fyrir skoðunarmenn reikninga eigi síðar er fjórum vikum fyrir aðalfund.

## 13. grein

Sérhvert aðildarfélag skal senda Bandalaginu ítarlega skýrslu um starfsemi sína, fyrir 10. júní ár hvert, á þar til gerðum eyðublöðum frá þjónustumiðstöðinni. Þar skal getið verkefna á leikárinu, fjölda leiksýninga, sýningarstaða og annars þess sem máli kann að skipta. Á sama tíma skulu stjórnir aðildarfélaganna skila greinargerð um starfsemi ársins til birtingar í ársriti bandalagsins. Stjórn Bandalagsins er heimilt að setja nánari reglur um hvaða gögn þurfa að fylgja skýrslu.

## 14. grein

Aðildarfélögum er heimilt að stofna með sér sérsambond og skulu þau vinna að sameiginlegum hagsmunamálum eftir því sem aðstæður leyfa. Lög og reglur skulu vera í samræmi við lög Bandalagsins.

## 15. grein

Sé árgjald aðildarfélags eigi greitt fyrir aðalfund missir félagið atkvæðisrétt sinn á fundinum. Vanskil á greiðslu árgjalds í tvö ár veitir stjórn Bandalagsins heimild til að víkja viðkomandi félagi úr Bandalaginu með samþykki aðalfundar. Aðalfundur getur vikið félagi úr Bandalaginu hafi það gerst brotlegt við lög eða samþykktir þess.

## 16. grein

Heimilt er að stofnsetja sjóði innan Bandalagsins, enda séu þeir ætlaðir til framgangs málefnum þess. Stjórnin setur reglur varðandi lán eða leigu Bandalagsins á eignum þess eða sameiginlegri eign Bandalagsfélaganna í vörslu Bandalagsins.

## 17. grein

Bandalagsfélög sem ferðast með leikrit til sýninga, skulu hafa samráð við leikfélög á fyrirhuguðum sýningarstöðum, svo sýningar þeirra skaði ekki viðkomandi félög. Í sýningarferðum skulu Bandalagsfélöginn aðstoða hvert annað eftir bestu getu.

## 18. grein

Hvert aðildarfélag hefur rétt til að skjóta öllum ágreiningsmálum sem rísa kunna í félaginu eða milli einstakra aðildarfélaga, til stjórnar Bandalagsins.

## 19. grein

Bandagli íslenskra leikfélaga verður ekki slitið nema 4/5 atkvæðisbærra fulltrúa á aðalfundi séu því samþykkr. Stjórn Bandalagsins skal þó sitja áfram og boða til annars fundar 4–6 mánuðum síðar. Sé þá aftur samþykkt með 4/5 hluta atkvæða að slíta Bandalaginu skulu það heita lögleg félagsslit. Sé Bandalaginu þannig löglega slitið skulu allar eignir þess afhentar menntamálaráðuneytinu til varðveislu og ávöxtunar.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi fallin eldri lög Bandalags íslenskra leikfélaga.

*Samþykkt á aðalfundi í Skagafirði 3. maí 2008 með viðbótum frá aðalfundi á Ísafirði 5. maí 2012.*

